


HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN

# ÁRSSKÝRSLA 2023






Við erum
öll í þessu
saman
Lottó
LEIKURINN OKKAR

# Stjórn HSK 2023



**Formaður:**
Guðríður Aadnegard
Formaður frá 2010. Var ritari frá 2001–2010. Sat í varastjórn frá 2000–2001.



**Gjaldkeri:**
Guðmundur Jónasson
Gjaldkeri frá 2014. Sat í varastjórn frá 2012–2014.



**Ritari:**
Anný Ingimarsdóttir
Ritari frá 2016. Sat í varastjórn frá 2011–2016.



**Varaformaður:**
Helgi S. Haraldsson
Varaformaður frá 2016. Var ritari stjórnar frá 2015–2016.



**Meðstjórnandi:**
Jón Þröstur Jóhannesson
Meðstjórnandi frá 2021. Sat í varastjórn frá 2018-2021.



**Varamenn:**
Gestur Einarsson
Varamaður frá 2014.



Olga Bjarnadóttir
Varamaður frá 2016.



Lárus Ingi Friðfinnsson
Varamaður frá 2022.



**Framkvæmdastjóri:**
Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá 1991.

# Ársskýrsla 2023

**Umsjón með útgáfu:** Engilbert Olgeirsson.
**Prófarkalestur:** Engilbert Olgeirsson, Helgi S. Haraldsson, Lísa Thomsen, Olga Bjarnadóttir og Örn Guðnason.
**Hönnun og umbrot:** Guðmundur Karl Sigurdórsson.
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja.
**Myndir:** Engilbert Olgeirsson, Guðmundur Karl Sigurdórsson, UMFÍ, ÍSÍ og forystufólk í félögum, nefndum og ráðum HSK.
**Upplag:** 150 eintök.
**Forsíða:** Myndir úr starfinu 2023.



*Sigurlið Selfoss á aldursflokkamóti HSK í sundi 2023.*

# Efnisyfirlit

**Skýrsla stjórnar:**
4 Ávarp formanns
6 Ársreikningur
10 Verkefnasjóðsreikningur
Framlög úr héraði 2023
11 Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2023
12 Íþróttamaður og íþróttakona HSK
14 Sérverðlaun veitt á héraðsþingi
Þakkir til þeirra sem styrktu starfsemina
15 Heiðranir á héraðsþingi
Karatefélagi Suðurlands vikið úr HSK
Lyftingafélagið Hengill ekki lengur aðildarfélag í HSK

**Fundir, þing og námskeið:**
16 Héraðsþing HSK
Stjórnarfundir HSK árið 2023
Þing ÍSÍ
Sambandsþing UMFÍ
17 Formannafundur ÍSÍ
Þing sérsambanda
Stjórn HSK í heimsókn hjá ÍSÍ og UMFÍ
Gestir í heimsókn frá Noregi

**Samstarfsverkefni:**
18 Félagsmiðstöðin Sel
Heildarstigatafla HSK
HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK
Árleg starfsskýrsluskil félaga
Getraunastarf - örugg fjáröflun
19 Gott ár í lottóinu og aukagreiðsla frá ÍSÍ og UMFÍ
Ólympíudagurinn haldinn hátíðlegur í Þorlákshöfn

**Ýmsar upplýsingar:**
20 Lög HSK
21 Aðildarfélög og formenn félaga um áramót
22 Gull- og silfurmerki HSK
Fjöldi iðkenda eftir greinum
23 Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunum
24 Íþróttaiðkendur aðildarfélaga HSK
25 Íþróttakarl og Íþróttakona HSK
26 Matmenn HSK
Sleifarhafar HSK
27 Fréttapunktar frá ÍSÍ 2023
28 Fréttapunktar frá UMFÍ 2023
29 Aukagreiðsla til félaga vegna góðrar fjárhagsafkomu HSK
30 Lokaskýrsla um mótvægisaðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19
Lokaframlag til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjutaps af völdum heimsfaraldurs
31 Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
Umhverfissjóður UMFÍ
Ferðasjóður íþróttafélaga
32 Úthlutun úr Íþróttasjóði 2023

**Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:**
33 Kjörnefnd HSK
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK
Unglingalandsmótsnefnd HSK

**Yfirlit um störf nefnda og ráða:**
34 Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2023
35 Almenningsíþróttanefnd
Blaknefnd
Borðtennisnefnd
Briddsnefnd
Frjálsíþróttaráð
37 Glímuráð
38 Íþróttanefnd eldri félagsmanna
Íþróttanefnd fatlaðra
Skáknefnd
Starfsíþróttanefnd
Sundnefnd
Sögu- og minjanefnd

**Skýrslur aðildarfélaga:**
40 Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbburinn Dalbúi
41 Golfklúbburinn Flúðir
Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hellu
42 Golfklúbbur Hveragerðis
Golfklúbbur Kiðjabergs
43 Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Tuddi
Golfklúbburinn Úthlíð
44 Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbbur Öndverðarness
45 Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Jökull
46 Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Sleipnir
47 Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
48 Íþróttafélagið Hamar
49 Íþróttafélagið Mílan
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri
Íþróttafélag Uppsveita
50 Judofélag Suðurlands
51 Knattspyrnufélag Árborgar
Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir
52 Körfuknattleiksfélag Selfoss
53 Skotíþróttafélagið Skyttur
Skotíþróttafélag Suðurlands
Torfæruklúbburinn
Umf. Biskupstungna
54 Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
55 Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
56 Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkihvoll
Umf. Selfoss
57 Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
58 Umf. Trausti
Umf. Þjótandi
Umf. Þór
59 Umf. Þórsmörk
Félög sem skiluðu ekki skýrslu

Fundargögn héraðsþings 2024

Skýrsla stjórnar:

# Ávarp formanns HSK

Ágætu félagar, enn eitt árið er að baki og enn á ný hittumst við og stillum saman strengi okkar á héraðsþingi Héraðssambandsins Skarphéðins. Af því tilefni er við hæfi að líta um öxl og rifja upp það sem hæst bar í starfi okkar á liðnu starfsári. Árið var annasamt og unnust margir glæstir sigrar. Vel hefur gengið að vinna upp þau neikvæðu áhrif sem covid hafði á starf okkar.

Tækifærin innan HSK eru fjölmörg og spennandi tímar fram undan. Við ætlum að byggja áfram á grasrótinni og öflugu æskulýðsstarfi, sem stjórnað er af kraftmiklu fólki sem hefur verið duglegt að ná í verðlaun með sínum iðkendum og við erum afar stolt af. Innan okkar raða er stór hópur íþróttafólks sem náði eftirtektarverðum árangri bæði innanlands sem erlendis. Óska ég okkar íþróttafólki innilega til hamingju með árangurinn og hvet þau til enn frekari dáða á nýju ári. Góður árangur íþróttafólks okkar á árinu gefur fyrirheit um öflugt og spennandi íþróttaár og má lesa um hann í ársskýrslu okkar sem liggur frammi á þinginu.




*Guðríður formaður HSK og Guðjóna stjórnarkona í Hamri slá á létta strengi á þingi UMFÍ á Geysi.*

**„Allir með", koma svo HSK félagar**

ÍSÍ, UMFÍ og ÍF (Íþróttasamband fatlaðra) hafa sett af stað samstarfsverkefni sem ber heitið „Allir með". Um er að ræða þriggja ára verkefni sem ætlað er að fylgja eftir 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Verkefnið er styrkt af Félags- og vinnumálaráðuneytinu, Heilbrigðisráðuneytinu og Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Framkvæmd verkefnisins er í höndum íþróttahreyfingarinnar og verður það unnið á tímabilinu 2023–2025.

Markmið verkefnisins er:

• Að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna.

• Að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því að taka þátt í íþróttum í sínu nærumhverfi í samræmi við óskir sínar og þarfir með viðeigandi aðlögun.

• Að allir skulu eiga kost á að öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og verða sér úti um leikni til að þróast í öryggi og góðum félagsskap.

Valdimar Gunnarsson var ráðinn verkefnastjóri og hefur hann aðsetur á skrifstofu ÍF.

„Allir með" er ætlað að stuðla að jöfnum tækifærum allra barna til þess að tilheyra samfélaginu og er lagt upp með að öll börn séu í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi.

Formaður HSK hitti Valdimar Gunnarsson á óformlegum fundi síðastliðið haust þar sem rætt var um verkefnið og m.a. þá döpru staðreynd að þrjú þúsund börn undir 17 ára aldri eru með fatlanir á Íslandi en aðeins um 150 þeirra eða um 4% stunda íþróttir hjá félagi samkvæmt félagaskráningarkerfi ÍSÍ.

Á heimasíðu verkefnisins er hægt að sækja um styrk vegna verkefna sem fela í sér inngildingu fatlaðra í íþróttastarf hjá íþróttafélögum. Þar er sótt um á ákveðnu eyðublaði og fer verkefnastjórn yfir umsóknir og ákveður styrkupphæð. Íþróttafélög sem ætla sér að fara af stað með ný verkefni sem innihalda inngildingu verða að tilheyra íþróttahreyfingunni.

Í apríl 2023 stóð Valdimar fyrir vinnufundi um málefnið. Fulltrúar þriggja íþróttafélaga í Kópavogi sögðu frá árangursríku íþróttastarfi fyrir iðkendur með fötlun. Í máli þeirra allra kom fram að eftirspurn eftir þjálfun er mikil og að fjölga þurfi tækifærum fyrir fatlaða innan hreyfingarinnar hér á landi. Í máli þeirra kom líka fram að það sé áskorun að þjálfa þennan hóp og hana er nauðsynlegt að yfirstíga.

Á fundinum kom fram að þátttaka í íþróttum gerir mikið fyrir börnin félagslega, sjálfstraust þeirra eykst og þau eignast vini sem við hljótum að vera sammála um að sé hverjum einstaklingi nauðsynlegt. Börn með fatlanir eru oft tekin út úr bekk í skólum og því afar mikilvægt að þau geti tilheyrt íþróttafélagi. Það er nú einu sinni þannig að „það er réttur hvers barns að geta valið sína íþrótt og því þurfa einstaklingar með sérþarfir að fá tækifæri til að velja sér íþróttir", eins og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir sem var fulltrúi Íþróttafélagsins Aspar sagði, en þar þjálfar hún knattspyrnu. Gunnhildur hefur tekið að sér að aðstoða félög við að að koma á íþróttastarfi, knattspyrnu, með fötluðum. Sveitarfélagið Árborg og Ungmennafélag Selfoss hafa átt í samstarfi við Valdimar varðandi „Allir með", og verður áhugavert að fylgjast með starfi þeirra á þessum vettvangi.

Óásættanlegt er með öllu að mínu mati að það séu nokkur þúsund börn sem ekki hafa tækifæri á þátttöku í íþróttum, meðal annars vegna fötlunar sinnar. Keppikefli okkar allra sem störfum með börnum á að vera að stefna að því að auka vellíðan þeirra með skipulögðum hætti. Áhugavert er fyrir okkur hér á Suðurlandi að skoða og kortleggja hvernig þessum málum er fyrir komið hjá okkur. Leitum ráða og fáum leiðsögn til úrbóta hjá þeim sem hafa boðið fram aðstoð. Getum við gert betur? Stutta svarið er já. Ég er ekki í nokkrum vafa um að við getum það. Hér er verk fyrir okkur að vinna. Mætum þörfum þessara barna og ungmenna og gerum enn betur en við höfum gert fram að þessu.

**Unglingalandsmót UMFÍ 2023**

Unglingalandsmót UMFÍ var að þessu sinni haldið á Sauðárkróki og var mótið með nokkuð breyttu sniði frá undanförnum mótum. Þátttakendur voru rúmlega þúsund talsins og léku sér saman mótsdagana. Alls voru 18 keppnisgreinar í boði og fjöldi annarra greina sem gestir og gangandi gátu tekið þátt í og voru m.a. opnir flokkar í bogfimi, pílukasti og frisbígolfi.

Á mótsetningunni komu ýmsir gestir fram, m.a. fótboltasnillingurinn Andrew Henderson, landsliðsfólk í fimleikum o.fl. Þá var boðið upp á fjölbreyttar sýningar og vinnubúðir alla helgina.

Af sambandssvæði HSK mættu um 110 keppendur til leiks. Eins og áður fengu allir keppendur að gjöf HSK treyju merkta sambandinu og Arion banka, en þess má geta að bankinn hefur um árabil styrkt HSK við kaup á treyjunum og fyrir það þökkum við. Keppendur HSK og fjölskyldur þeirra tjölduðu á merktu svæði sambandsins og þar var samkomutjaldið reist. Eins og ávallt áður var boðið upp á kakó og kex á kvöldin. Unglingalandsmótsnefnd héraðssambandsins sá um allan undirbúning og framkvæmd varðandi mótið og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir þeirra góða framlag. Eins og við var að búast stóðu allir keppendur sig vel á mótinu og unnu til fjölda verðlauna í ýmsum greinum.

**Landsmót UMFÍ 50+**

Nokkrir einstaklingar af sambandssvæði HSK tóku þátt í mótinu sem haldið var í Stykkishólmi 23.–25. júní. Mótin eru blanda af íþróttakeppni og annarri keppni, hreyfingu og því að virkja fólk á besta aldri til að hafa gaman saman. HSK félagar kepptu m.a. í frjálsum, sundi, golfi og ringó. Eins og áður unnust glæstir sigrar. Næsta mót verður haldið í Vogum á Vatnsleysuströnd 23.– 25. júní 2024 og að sjálfsögðu hvetjum við okkar fólk til þátttöku.

Gjarnan leita sveitarfélög og stjórnir íþróttafélaga á sambandssvæðinu eftir því að fá þessi mót í sveitarfélagið. Stjórn HSK hefur ávallt tekið jákvætt í að sækja um mótin, vitandi að HSK félagar eru hoknir af reynslu þegar kemur að mótahaldi. Því miður höfum við oft ekki haft erindi sem erfiði. Á þessu starfsári sóttum við um að halda mótið 2025 í samstarfi við sveitarstjórn og íþróttafélagið á Hellu en því miður var umsókn okkar eins og yfirleitt áður hafnað. Frá árinu 2011 til 2023 höfum við sent tíu umsóknir um samtals átta mót, en tvisvar sendum við inn tvær umsóknir um sama mótið. Á Landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið var á Blönduósi 2015 var tilkynnt að mótið 2017 færi fram í Hveragerði og er það eina mótið 50+ mótið sem haldið hefur verið á sambandssvæði HSK. Það þýðir ekki að leggja árar í bát, við gefumst ekki upp og höldum áfram að sækja um og ég trúi ekki öðru en umsókn okkar hljóti brautargengi á endanum. Við hljótum með okkar frábæru aðstöðu vítt og breytt um sambandssvæðið og kröftugum sjálfboðaliðum að koma til álita á 10 til 15 ára fresti.

**Fundir og þing**

Formannafundur ÍSÍ var haldinn 24. nóvember í Íþróttamiðstöð Fram í Úlfarsárdal. Fundinn sóttu formaður HSK og framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjórn lagði tvö málefni fyrir fundinn; Svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ og málefni afreksíþrótta. Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri

ÍSÍ, ræddi svæðisskrifstofur og hvernig skipulag þeirra er hugsað til að bæta allt starf hreyfingarinnar. Vésteinn Hafsteinsson, afreksstjóri ÍSÍ, fjallaði um hugmyndir varðandi afreksmál sem efst eru á baugi um þessar mundir hér á landi og nýja sýn í þeim málum. Að loknum fundi var fundargestum boðið til kvöldverðar.

76. Íþróttaþing ÍSÍ var haldið 5. og 6. maí að Ásvöllum í Hafnarfirði. HSK mætti með fullmannað lið, sjö fulltrúa, báða dagana. Í setningarræðu sinni fór Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, yfir tillögur sem voru til umfjöllunar á þinginu. Þakkaði hann stuðning stjórnvalda við hreyfinguna á tímum covid sem gerði íþróttahreyfingunni mögulegt að hefja kröftugt íþróttastarf að loknum afléttingum á faraldrinum. Lárus kom inn á að þörf væri á auknu fjármagni í íþróttahreyfinguna og nauðsyn þess að hvetja stjórnvöld áfram í að halda áætlanir um þjóðarhöll og aðrar slíkar framkvæmdir. Lárus kom víða við í ræðu sinni varðandi þau málefni sem brenna á hreyfingunni m.a. um stöðu sjálfboðaliða, umhverfi afreksíþróttafólks, lýðheilsu, ólöglegar veðmálasíður og aukinn ferðakostnað, svo fátt eitt sé talið. Í kosningu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ áttum við HSK félagar verðugan fulltrúa, Olgu Bjarnadóttur, sem var endurkjörin og hlaut glæsilega kosningu.

Fyrir þinginu lágu 19 tillögur, sem ræddar voru í nefndum þingsins. Sú tillaga sem mesta umfjöllun hlaut og var samþykkt varðaði skipulag íþróttahéraða og einnig tillaga um skiptingu tekna frá Íslenskri getspá. Má segja að tillagan varðandi stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða um allt land í samstarfi við UMFÍ og stjórnvöld sé tímamótatillaga. Gert er ráð fyrir að 15% af lottógreiðslum til ÍSÍ fari til reksturs skrifstofanna og 85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri. Samkvæmt tillögunni á að koma á fót átta svæðaskrifstofum með sextán stöðugildum sem eiga að þjónusta íþróttahéruð með samræmdum hætti. Er þetta sambærileg tillaga og samþykkt var á sambandsþingi UMFÍ sem haldið var í október. Ríkið hefur nú gert samning við íþróttahreyfinguna um að leggja fram sambærilegan fjárstuðning til skrifstofanna svo tryggja megi reksturinn. Einnig má geta þess að gerðar voru breytingar á lögum ÍSÍ og var m.a. samþykkt að fækka þingfulltrúum og mun að óbreyttu fulltrúum HSK fækka úr sjö í fimm.

**Vorfundur UMFÍ og Sambandsþing**

Vorfundur UMFÍ 2023 var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 13. maí. Fundinn sóttu formaður HSK og framkvæmdastjóri. Hefð hefur skapast fyrir því að halda vorfundinn árlega þó ekki sé kveðið á í lögum UMFÍ eða reglugerðum að þessa fundi skuli halda. Fundina sækja forsvarsfólk sambandsaðila ásamt stjórn og starfsfólki UMFÍ.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, setti fundinn og flutti ávarp. Starfsmenn UMFÍ héldu stuttar kynningar um ýmis málefni. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fór yfir það helsta í starfsemi UMFÍ og kynnti nýtt stjórnskipulag þjónustumiðstöðvarinnar. Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ, fjallaði um þá þjónustu sem sambandsaðilum UMFÍ og aðildarfélögum þeirra stendur til boða hjá UMFÍ. Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Landsmóta UMFÍ, kynnti viðburði sumarsins 2023 og hvatti fundargesti til þátttöku í þeim. Hermann Sigurðsson og Ásthildur Elva Bernharðsdóttir frá Háskólanum á Bifröst fjölluðu um áfallastjórnun og viðbrögð við þeim. Eftir matarhlé var þátttakendum skipt upp í umræðuhópa og ræddu hóparnir um starfsstöðvar íþróttahreyfingarinnar á landsvísu. Gunnar Þór Gestsson, formaður nefndar um íþróttahéruð og varaformaður UMFÍ, kynnti tillögur nefndar um íþróttahéruð. Að fundi loknum bauðst fundarfólki að leika sér í pílu og höfðu allir gaman saman.

Sambandsþing Ungmennafélags Íslands var haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.–22. október. Þingið var vel sótt en um 180 þingfulltrúar og gestir voru mættir við þingsetningu á föstudagskvöldinu. Þinghaldið gekk vel undir styrkri stjórn þingforsetanna, Þóris Haraldssonar og Olgu Bjarnadóttur.

Stærsta málið á þinginu var tillaga sem fól í sér samþykkt á lottóreglum og úthlutunum samhliða stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land í samstarfi við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og stjórnvöld og áður hefur verið fjallað um.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, var gestur við setningu þingsins og flutti þar ávarp. Hann sagði að búið væri að tryggja einn starfsmann á hvert starfssvæði, sem tillagan kveður á um, og fjármagn til að viðkomandi geti sinnt vinnu sinni.

**Svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ - 400 milljónir til eflingar íþróttastarfs á landsvísu**

Eins og fyrr sagði var á þingum ÍSÍ og UMFÍ samþykkt tillaga um stofnun átta svæðisskrifstofa ÍSÍ og UMFÍ á landsvísu með aðkomu Mennta- og barnamálaráðuneytis, sem og fjármögnun verkefnisins. Þetta mál ber hæst á vettvangi íþrótta í dag. Tillagan felur í sér eina stærstu breytingu varðandi fyrirkomulag á rekstri hreyfingarinnar. Vonir eru bundnar við að þetta verkefni muni hafa mjög mikil og jákvæð áhrif á landsvísu.

Eitt það jákvæðasta að mínu mati er að með þessu fyrirkomulagi er stefnt að því að ná betur til barna sem tilheyra jaðarhópum, barna sem glíma við fötlun, barna af erlendu bergi brotnu, barna sem glíma með menningar- og tungumálaörðugleika og barna tekjulægri foreldra. Um er að ræða fjölgun á starfsfólki sem á að sinna lögbundnum verkefnum héraðssambanda og íþróttabandalaga og styrkja og efla allt starf í héraði sem og aðstoða ríkið við þau verkefni sem samtvinnast starfsemi íþróttahreyfingarinnar.

Stofnun svæðisskrifstofanna fellur vel að áherslum og stefnu Mennta- og barnamálaráðuneytisins í íþróttamálum til ársins 2030. Markmiðið er m.a. að ÍSÍ og UMFÍ skilgreini hlutverk íþróttahéraða og meti starfsemi þeirra með það að leiðarljósi að efla hana ennfrekar. Auk þessa er horft til samlegðaráhrifa við verkefni ríkis og sveitarfélaga m.a. samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, skólaþjónustu og æskulýðsstarfs.

ÍSÍ og UMFÍ munu auk þessa koma á Hvatasjóði, þar sem íþróttahéruð/félög/deildir geta sótt um stuðning við ýmiss verkefni sem miða t.d. að útbreiðslu íþrótta og aukinni þátttöku barna og ungmenna. Í verkefnið veitir Mennta- og barnamálaráðuneytið 400 milljónum króna næstu tvö ár. ÍSÍ og UMFÍ setja 130 milljónir króna af árlegu framlagi ráðuneytisins til svæðisskrifstofanna og 70 milljónir króna til Hvatasjóðs. Stöðugildin tvö á hverri svæðisskrifstofu verða fjármögnuð af ráðuneyti og íþróttahreyfingunni.

Fram undan eru spennandi tímar. Með þessari breytingu eru vonir bundnar við að stoðir undir íþróttastarfið verði styrkari og allt starf sjálfboðaliðanna sem hafa fram að þessu borið uppi starfið í hreyfingunni verði léttara. Nú reynir á íþróttahreyfinguna sem aldrei fyrr að fara samstíga inn í verkefnið. Fulltrúi HSK, USVS og ÍBV í starfshópi verkefnisins er Helgi S. Haraldsson, varaformaður HSK.

**Ýmis verkefni**

Fulltrúar HSK sóttu hefðbundna fundi sem haldnir voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ á liðnu starfsári, sem og aðra viðburði á þeirra vegum.

Í apríl heimsótti stjórn HSK höfuðstöðvar ÍSÍ og UMFÍ í íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, tók á móti hópnum og sýndi skrifstofu ÍSÍ og húsakynni. Við þetta sama tækifæri hitti stjórnin Lárus Blöndal, forseta ÍSÍ, og Gunnar Bragason, gjaldkera ÍSÍ. Stjórnin hélt síðan hefðbundinn stjórnarfund í glæsilegum og nýuppgerðum fundarsal ÍSÍ.

Að loknum fundi tóku Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Ragnheiður Högnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar UMFÍ, á móti hópnum og snæddum við saman kvöldverð og áttum gott og gagnlegt spjall.

Formaður og framkvæmdastjóri þáðu boð ÍSÍ í janúar 2024 þegar kjöri á íþróttamanni ársins var lýst. Við sama tækifæri var tilkynnt hver hlaut sæmdarheitið íþróttaeldhugi ársins en valið er í höndum valnefndar ÍSÍ. Stjórn HSK er gríðarlega stolt af því að Ólafur Elí Magnússon var einn þeirra þriggja sem hlaut flestar tilnefningar úr röðum sjálfboðaliða. Hann var valinn úr röðum sjálfboðaliða sem hafa í gegnum árin nýtt eigin hæfileika, frítíma og sérþekkingu til að efla íþróttastarfið í sínu nærumhverfi. Við erum afar stolt af Ólafi Elí fyrir alla hans óeigingjörnu vinnu sem hann hefur unnið fyrir félagið sitt Dímon og HSK, til hamingju Ólafur Elí.

**Lokaorð**

Afar brýnt er fyrir félagasamtök að geta þróast og vaxið í takt við tíðarandann og því mikið í húfi fyrir íþróttahreyfinguna hvernig til tekst með þá nýbreytni sem felst í að koma á fót svæðaskrifstofum. Mikil vinna fer fram þessa dagana af hálfu íþróttahreyfingarinnar og ríkisvaldsins við að koma þessum málum í höfn. Sú vinna sem fram undan er í íþróttahreyfingunni tekur mið af breyttum tímum og eru bundnar vonir við að íþróttahreyfingin í heild sinni nái enn frekari og betri árangri og framþróun á komandi árum. Til mikils er að vinna og þá sérstaklega að létta álagi og ábyrgð af sjálfboðaliðunum sem fram að þessu hafa með þrotlausri vinnu haldið starfinu gangandi, fá aukið fjármagn, aukið samstarf og samstarfsmöguleika inn í hreyfinguna. Það er nefnilega þannig í pottinn búið að til þess að njóta velgengni þarf að hafa skýrt hlutverk og velgengni verður ekki til af sjálfu sér. Því þurfum við öll að leggjast á eitt um að vel takist til í þeirri vinnu sem fram undan er.

Við þurfum að taka höndum saman og halda áfram að virkja kraftinn sem býr í HSK. Tökumst áfram á við áskoranir sem við mætum, nýtum áfram tækifærin sem okkur bjóðast og stuðlum að því að allir geti tekið þátt í starfinu á eigin forsendum með gleðina í fyrirrúmi. Leggjum áherslu á samvinnu og bætt skipulag. Göngum í takt, íþróttahreyfingin og stjórnvöld, vinnum saman og náum árangri, öllum til hagsbóta.

Bestu þakkir færi ég Íslenskri getspá og Getraunum fyrir öflugan styrk. Afar brýnt er að standa vörð um þessi fyrirtæki sem eiga í mikilli samkeppni við aðila sem greiða allan sinn hagnað til erlenda aðila. Höfum í huga að þær tekjur sem við fáum af lottói og getraunum eru afar mikilvægar fyrir okkur og skipta sköpum.

Öllum þeim hundruðum einstaklinga og aðila sem unnið hafa með okkur eru færðar þakkir fyrir gott starf. Þeim sem hverfa úr nefndum og ráðum eru þökkuð vel unnin störf og óskað góðs gengis á nýjum vettvangi.

Að lokum vil ég þakka stjórn og framkvæmdastjóra, sem og aðildarfélögum HSK, fyrir gott samstarf með ósk um að nýtt starfsár færi okkur öllum gæfu og gleði.

**Guðríður Aadnegard, formaður HSK**

# Ársreikningur HSK 2023

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2023. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2023 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2023. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2023 með undirskrift sinni.

Selfossi, 27. febrúar 2024,

Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK

Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2023. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 27. febrúar 2024,

Brynja Hjálmtýsdóttir

Bergur Guðmundsson

## Rekstrarreikningur HSK 2023

| | Skýr. | Rauntölur 2023 | Áætlun 2023 | Rauntölur 2022 |
|---|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR** | | | | |
| Framlög og styrkir | 1 | 63.054.519 | 51.720.000 | 63.550.566 |
| Tekjur af mótum | 2 | 12.385.213 | 12.408.213 | 22.142.022 |
| Auglýsingatekjur | 3 | 445.000 | 500.000 | 520.000 |
| Aðrar tekjur | 4 | 3.738.675 | 3.580.000 | 3.574.198 |
| Rekstrartekjur alls | | **79.623.407** | **68.208.213** | **89.786.786** |
| | | | | |
| **REKSTRARGJÖLD** | | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 5 | 14.360.836 | 13.690.000 | 13.014.739 |
| Fundir og þing | 6 | 703.188 | 1.070.000 | 570.936 |
| Áhöld og tæki | 7 | 344.665 | 400.000 | 453.742 |
| Þátttaka í mótum | 8 | 0 | 0 | 0 |
| Kostnaður v/mótahalds | 9 | 11.799.289 | 11.902.803 | 21.706.784 |
| Rekstur mannvirkja | 10 | 600.000 | 600.000 | 400.000 |
| Rekstur skrifstofu | 11 | 908.595 | 920.000 | 857.365 |
| Kynning, fræðsla og útbreiðsla | 12 | 643.119 | 630.000 | 516.758 |
| Önnur gjöld | 13 | 51.429.121 | 38.270.000 | 52.668.606 |
| **Rekstrargjöld alls** | | **80.788.813** | **67.482.803** | **90.188.930** |
| | | | | |
| **Hagnaður án fjármagnsliða** | | **-1.165.406** | **725.410** | **-402.144** |
| | | | | |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.695.001 | 600.000 | 692.642 |
| Vaxtagjöld | | 0 | 0 | 0 |
| Þjónustugjöld | | -51.514 | -70.000 | -58.511 |
| Fjármagnstekjuskattur | | -372.902 | -132.000 | -152.380 |
| **Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls** | | **1.270.585** | **398.000** | **481.751** |
| | | | | |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | **105.179** | **1.123.410** | **79.607** |

# Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2023

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **EIGNIR** | | |
| | | |
| **FASTAFJÁRMUNIR** | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir (50% eignarhlutur í Selinu) | 6.924.185 | 6.791.579 |
| Samkomutjald | 560.000 | 560.000 |
| **Fastafjármunir alls** | **7.484.185** | **7.351.579** |
| | | |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | | |
| Viðskiptakröfur | 0 | 254.255 |
| Handbært fé | 12.911.615 | 12.552.181 |
| **Veltufjármunir alls** | **12.911.615** | **12.806.436** |
| | | |
| **Eignir samtals** | **20.395.800** | **20.158.015** |
| | | |
| **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ** | | |
| | | |
| **EIGIÐ FÉ** | | |
| Óráðstafað eigið fé | 20.290.621 | 20.078.408 |
| Tekjuafgangur ársins | 105.179 | 79.607 |
| **Eigið fé alls** | **20.395.800** | **20.158.015** |
| | | |
| **LANGTÍMASKULDIR** | **0** | **0** |
| | | |
| **SKAMMTÍMASKULDIR** | | |
| Viðskiptaskuldir | 0 | 0 |
| **Skammtímaskuldir alls** | **0** | **0** |
| | | |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **20.395.800** | **20.158.015** |

| Skýringar á rekstrarreikningi HSK | Rauntölur 2023 | Áætlun 2023 | Rauntölur 2022 |
|---|---|---|---|
| **1. Framlög og styrkir** | | | |
| Útbreiðslustyrkur ÍSÍ | 4.446.146 | 4.100.000 | 4.656.429 |
| Lottó | 55.429.201 | 44.800.000 | 55.864.539 |
| Getraunir | 1.462.972 | 1.100.000 | 1.327.018 |
| Framlag frá sveitarfélögum | 1.716.200 | 1.720.000 | 1.702.580 |
| **Framlög og styrkir alls** | **63.054.519** | **51.720.000** | **63.550.566** |
| | | | |
| **2. Tekjur af mótum** | | | |
| Þátttökugjöld | 277.000 | 300.000 | 578.700 |
| Landsmótshald | 12.108.213 | 12.108.213 | 21.563.322 |
| **Tekjur af mótum alls** | **12.385.213** | **12.408.213** | **22.142.022** |
| | | | |
| **3. Auglýsingatekjur** | | | |
| Útgáfa | 195.000 | 200.000 | 220.000 |
| Heimasíða | 250.000 | 300.000 | 300.000 |
| **Auglýsingatekjur alls** | **445.000** | **500.000** | **520.000** |
| | | | |
| **4. Aðrar tekjur** | | | |
| Skattar aðildarfélaga | 3.061.275 | 2.900.000 | 2.885.575 |
| HSK þing | 30.000 | 30.000 | 30.000 |
| Leigutekjur v/skrifstofu | 0 | 0 | 0 |
| Tekjur v/Unglingalandsmóts | 500.000 | 500.000 | 500.000 |
| Aðrar tekjur | 147.400 | 150.000 | 158.623 |
| **Aðrar tekjur alls** | **3.738.675** | **3.580.000** | **3.574.198** |
| | | | |
| **5. Laun og verktakagreiðslur** | | | |
| Laun starfsmanna | 9.677.860 | 9.300.000 | 8.868.945 |
| Tryggingagjald | 804.053 | 770.000 | 730.625 |
| Lífeyrissjóður | 1.312.903 | 1.270.000 | 1.206.169 |
| **Laun alls** | **11.794.816** | **11.340.000** | **10.805.739** |
| | | | |
| **Bifreiða- og aðrir styrkir** | | | |
| Bifreiðastyrkir starfsmanna | 1.681.120 | 1.500.000 | 1.440.000 |
| Dagpeningar | 884.900 | 850.000 | 769.000 |
| **Bifreiða- og aðrir styrkir alls** | **2.566.020** | **2.350.000** | **2.209.000** |
| **Laun og verktakagreiðslur alls** | **14.360.836** | **13.690.000** | **13.014.739** |
| | | | |
| **6. Fundir og þing** | | | |
| Stjórnarfundir | 54.535 | 200.000 | 41.957 |
| Þing ÍSÍ | 0 | 50.000 | 0 |
| Þing UMFÍ | 469.700 | 600.000 | 0 |
| Þing HSK | 96.926 | 100.000 | 360.567 |
| Nefndafundir HSK | 52.027 | 85.000 | 132.282 |
| Sambandsráðsfundur UMFÍ | 0 | 0 | 36.130 |
| Formannafundur HSK | 0 | 15.000 | 0 |
| Aðrir fundir og ráðstefnur | 30.000 | 20.000 | 0 |
| **Fundir og þing alls** | **703.188** | **1.070.000** | **570.936** |
| | | | |
| **7. Áhöld og tæki** | | | |
| Skrifstofuáhöld | 344.665 | 400.000 | 453.742 |
| Önnur áhöld | 0 | 0 | 0 |
| **Áhöld og tæki alls** | **344.665** | **400.000** | **453.742** |

| | Rauntölur 2023 | Áætlun 2023 | Rauntölur 2022 |
|---|---|---|---|
| **9. Kostnaður v/mótahalds** | | | |
| Verðlaunapeningar | 65.300 | 150.000 | 150.250 |
| Húsa- eða vallarleiga | 0 | 0 | 0 |
| Annar kostnaður vegna mótahalds | 231.190 | 250.000 | 296.236 |
| Landsmótshald | 0 | 0 | 15.502.841 |
| Landsmótshald, hlutdeild félaga | 10.897.388 | 10.897.392 | 5.757.457 |
| Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs | 605.411 | 605.411 | 0 |
| **Kostnaður v/mótahalds alls** | **11.799.289** | **11.902.803** | **21.706.784** |
| | | | |
| **10. Rekstur mannvirkja** | | | |
| Selið | 600.000 | 600.000 | 400.000 |
| **Rekstur mannvirkja alls** | **600.000** | **600.000** | **400.000** |
| | | | |
| **11. Rekstur skrifstofu** | | | |
| Sími | 210.869 | 220.000 | 212.401 |
| Ritföng | 21.479 | 50.000 | 13.957 |
| Prentun | 2.502 | 40.000 | 39.381 |
| Póstkostnaður | 0 | 5.000 | 1.590 |
| Kaffikostnaður og risna | 10.030 | 15.000 | 6.608 |
| Tölvukostnaður | 295.759 | 340.000 | 335.169 |
| Annar skrifstofukostnaður | 367.956 | 250.000 | 248.259 |
| **Rekstur skrifstofu alls** | **908.595** | **920.000** | **857.365** |
| | | | |
| **12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla** | | | |
| Útgáfa ársskýrslu | 415.076 | 380.000 | 379.408 |
| Heimasíða | 228.043 | 250.000 | 137.350 |
| **Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls** | **643.119** | **630.000** | **516.758** |
| | | | |
| **13. Önnur gjöld** | | | |
| Lottógreiðslur til félaga | 39.611.825 | 32.250.000 | 39.912.933 |
| Unglingalandsmótsþátttaka | 1.359.398 | 1.500.000 | 1.135.122 |
| Þátttaka á landsmóti 50+ | 0 | 0 | 0 |
| Verkefnasjóður HSK | 5.544.633 | 4.270.000 | 5.561.111 |
| Aukagreiðsla til félaga og ráða | 4.600.000 | | 5.800.000 |
| Ýmis kostnaður | 313.265 | 250.000 | 259.440 |
| Afskriftir | 0 | 0 | 0 |
| **Önnur gjöld alls** | **51.429.121** | **38.270.000** | **52.668.606** |

# Verkefnasjóður HSK

## Rekstrarreikningur 2023

| | | | 31/12/23 | 31/12/22 |
|---|---|---|---|---|
| *Tekjur:* | | | | |
| | Framlag HSK samkvæmt reglugerð | kr. | 5.244.694 | 5.266.561 |
| | Tekjur vegna vanskila félaga | kr. | 299.939 | 339.184 |
| | Vaxtatekjur | kr. | 430.138 | 53.105 |
| | Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs | kr. | 605.411 | |
| | Ósóttir styrkir frá 2022 | kr. | 160.000 | 70.000 |
| **Tekjur alls:** | | | **6.740.182** | **5.728.850** |
| *Gjöld:* | | | | |
| | Styrkir 2023, úthlutun sjóðsstjórnar | kr. | 5.451.500 | 4.674.300 |
| | Fjármagnstekjuskattur | kr. | 94.630 | 11.681 |
| **Gjöld alls:** | | | **5.546.130** | **4.685.981** |
| **Rekstrarhagnaður (tap) ársins** | | | **1.194.052** | **1.042.869** |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *Eignir* | | | | |
| | Í sjóði 31.12.2023 | kr. | 9.757.523 | 8.742.971 |
| **Eignir alls:** | | | **9.757.523** | **8.742.971** |
| **Skuldir og eigið fé :** | | | | |
| | Eigið fé frá fyrra ári | kr. | 7.742.971 | 6.700.102 |
| | Rekstrarhagnaður ársins | kr. | 1.194.052 | 1.042.869 |
| | Ógreiddir styrkir um áramót | kr. | 820.500 | 1.000.000 |
| **Skuldir og eigið fé alls:** | | | **9.757.523** | **8.742.971** |

# Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2023

Hér má sjá bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK.

| **Héraðsnefndir:** | **Íbúar*** | **Sótt um** | **Framlag** | **Framlag á íbúa** |
|---|---|---|---|---|
| Héraðsnefnd Árnesinga | 20.982 | 280 kr. á íbúa | 1.250.000 | 59,57 kr. |

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

| **Sveitarfélög:** | **Íbúar** | **Sótt um** | **Framlag** | **Framlag á íbúa** |
|---|---|---|---|---|
| Rangárþing eystra | 2.035 | 280 kr. á íbúa | 203.600 | 100,05 kr. |
| Rangárþing ytra | 1.866 | 280 kr. á íbúa | 180.000 | 96,46 kr. |
| Ásahreppur | 295 | 280 kr. á íbúa | 82.600 | 280,00 kr. |

*Íbúafjöldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 1. janúar 2023.

**Greiðsla alls úr héraði 2023:** **1.716.200**

# Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2023

Verkefnasjóður HSK úthlutar úr sjóðnum tvisvar á ári. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. apríl eða 1. október. Í reglugerð um sjóðinn segir m.a. *„Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf á sambandssvæði Héraðssambandsins Skarphéðins. Sjóðurinn veitir ekki styrki til mannvirkjagerðar. Að öðru leyti fer úthlutun úr sjóðnum eftir mati stjórnar sjóðsins."*

**Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:**

| | |
|---|---|
| Val í landslið | 60.000 kr. á einstakling |
| Menntun þjálfara og dómara, erlendis | 50.000 kr. á einstakling |
| Menntun þjálfara og dómara, innanlands, að hámarki | 20.000 kr. á einstakling |
| Nýjungar í starfi/útbreiðsluverkefni, að hámarki | 50.000 kr. á félag/nefnd/ráð |
| Námskeiðahald, að hámarki | 50.000 kr. á félag/nefnd/ráð |
| Sérstök verkefni, að hámarki | 200.000 kr. á félag/nefnd/ráð |

Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

**Fyrri úthlutun ársins:**

| Umsækjandi | Heiti verkefnis | Úthlutun |
|---|---|---|
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeið þjálfara, einn einstaklingur | 10.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeið þjálfara, sjö einstaklingar | 133.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeiðahald fyrir iðkendur | 15.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeiðahald, jákvæð samskipti | 50.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeið þjálfara, einn einstaklingur | 19.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Nýjung í starfi, fyrirlestur um samvinnu flokka og uppbyggingu | 50.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeið þjálfara, einn einstaklingur | 19.000 |
| Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss | Menntun þjálfara, þrír einstaklingar | 60.000 |
| Golfklúbbur Kiðjabergs | Nýjung í starfi, fjölskyldudagar Golfklúbbs Kiðjabergs | 50.000 |
| Júdódeild Umf. Selfoss | Landsliðsval, einn einstaklingur | 60.000 |
| Júdódeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið erlendis, tveir einstaklingar | 100.000 |
| Knattspyrnudeild Hamars, Foreldraráð | Námskeiðahald, foreldrið er lykilleikmaður | 45.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | Dómaranámskeið, 15 einstaklingar | 150.000 |
| Umf. Hvöt | Þjálfaramenntun, einn einstaklingur | 20.000 |
| Umf. Laugdæla | Landsliðsval, einn einstaklingur | 60.000 |
| | **Samtals** | **841.000** |

**Seinni úthlutun ársins:**

| Umsækjandi | Heiti verkefnis | Úthlutun |
|---|---|---|
| Fimleikadeild Íþr.f. Hamars | Þjálfaranámskeið, fjórir einstaklingar | 76.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið FSÍ 3A, tveir einstaklingar | 40.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Endurmenntun þjálfara, fimm einstaklingar | 100.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Fræðsludagur FSÍ, 12 einstaklingar | 12.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Foreldrafræðsla, Þorgrímur Þráinsson | 50.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Námskeiðahald fyrir þjálfara | 50.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Skyndihjálparnámskeið fyrir þjálfara, 15 einstaklingar | 112.500 |
| Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss | Menntun þjálfara, einn einstaklingur | 20.000 |
| Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss | Landsliðsval, tveir einstaklingar | 120.000 |
| Golfklúbbur Selfoss | Landsliðsval, einn einstaklingur | 60.000 |
| Golfklúbbur Selfoss | Menntun þjálfara, tveir einstaklingar | 40.000 |
| Hestamannafélagið Geysir | Nýjung í starfi, hestafimleikar Geysis | 50.000 |
| Hestamannafélagið Sleipnir | Landsliðsval, einn einstaklingur | 60.000 |
| Judofélag Suðurlands | Landsliðsval, tveir einstaklingar | 120.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | Landsliðsval, tíu einstaklingar | 600.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið erlendis, einn einstaklingur | 50.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | KSÍ C þjálfaranámskeið, fjórir einstaklingar | 80.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | KSÍ B4 þjálfaranámskeið, einn einstaklingur | 20.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | Data and analystic námskeið, einn einstaklingur | 15.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | Námskeið um líkamlega þjálfun í knattsp., einn einstakl. | 15.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | Unglingadómaranámskeið, 28 einstaklingar | 560.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | Héraðsdómaranámskeið, sjö einstaklingar | 140.000 |
| Körfuknattleiksdeild Íþr.f. Hamars | Landsliðsval, einn einstaklingur | 60.000 |
| Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs | Landsliðsval, fjórir einstaklingar | 240.000 |
| Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs | Þjálfaranámskeið, þrír einstaklingar | 60.000 |
| Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs | Þjálfaranámskeið KKÍ 2, fjórir einstaklingar | 80.000 |
| Körfuknattleiksfélag Selfoss | Menntun þjálfara, 11 einstaklingar | 220.000 |
| Körfuknattleiksfélag Selfoss | Landsliðsval, einn einstaklingur | 60.000 |
| Umf. Hrunamanna | Nýjung í starfi, barnablak | 50.000 |
| Umf. Selfoss | Þátttaka fatlaðs fólks í íþróttum | 200.000 |
| Umf. Selfoss | Nýjung í starfi, þátttaka innflytjenda í skipulögðu íþróttastarfi | 50.000 |
| Umf. Þjótandi | Landsliðsval, tveir einstaklingar | 120.000 |
| | **Samtals** | **3.530.500** |

**Sérstök úthlutun sjóðsstjórnar 2023:**

Í 9. grein reglugerðar sjóðsins segir: *„Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki úr sjóðnum vegna framúrskarandi árangurs einstaklinga og liða, án þess að umsókn hafi borist."* Sjóðstjórn ákvað á árinu eftirfarandi viðmiðunartölur vegna titla í fullorðinsflokkum í boltagreinum: 300.000 fyrir Íslandsmeistaratitil, 200.000 fyrir bikarmeistaratitil og 200.000 fyrir deildarmeistaratitil. Vegna alþjóðlegra titla í einstaklingsgreinum: Vegna heimsmeistaratitils á HM íslenska hestsins 120.000.

| Nafn | Ástæða úthlutunar | Úthlutun |
|---|---|---|
| Heiðrún Anna Hlynsdóttir | Íþróttakona HSK 2022 | 100.000 |
| Egill Blöndal | Íþróttakarl HSK 2022 | 100.000 |
| Íþr.f, Hamar, blakdeild | Deildar, og bikarmeistaratitill í blaki karla 2023 | 400.000 |
| Elvar Þormarsson | Heimsmeistari í hestaíþróttum | 120.000 |
| Glódís Rún Sigurðardóttir | Heimsmeistari í hestaíþróttum | 120.000 |
| Jón Ársæll Bermann | Heimsmeistari í hestaíþróttum | 120.000 |
| Sara Sigurbjörnsdóttir | Heimsmeistari í hestaíþróttum | 120.000 |
| | **Sérstök úthlutun samtals** | **1.080.000** |
| | **Samtals úthlutun 2023** | **5.451.500** |

# Íþróttakarl og íþróttakona HSK

Reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK var breytt á héraðsþingi 2018. Í fimmta sinn í sögu HSK var íþróttakarl og íþróttakona HSK valin úr röðum þeirra sem tilnefndir eru í einstökum greinum. Valnefndin valdi Heiðrúnu Önnu Hlynsdóttur sem íþróttakonu HSK 2023 og Sigurjón Ægi Ólafsson sem íþróttakarl HSK 2023.



**Golf**

## Íþróttakona HSK 2023
## Heiðrún Anna Hlynsdóttir, GOS

Heiðrún Anna varð í 2. sæti á stigalista GSÍ mótaraðarinnar árið 2023. Hún spilaði á Evrópumótinu í golfi með A-landsliði kvenna. Endaði í 2. sæti og tvisvar í 3. sæti á GSÍ mótaröðinni. Hún var hluti af kvennaliði Golfklúbbs Selfoss sem varð Íslandsmeistari golfklúbba í 2. deild kvenna. Spilaði á Evrópumótinu í golfi með A landsliði kvenna. Hún þjálfar innan golfklúbbsins, stelpuhóp og nýliða og er í mótsstjórn Golfklúbbs Selfoss.



**Íþróttir fatlaðra**

## Íþróttakarl HSK 2023
## Sigurjón Ægir Ólafsson, Suðra

Sigurjón Ægir var valinn til að taka þátt á Special Olympics í Berlín og í kjölfarið boðið á HM í kraflyftingum með búnaði. Þar vann hann gullverðlaun í sérstökum Spec OL flokki. Í Berlín byrjaði nýr kafli í lífi Ægis en hann vann hug og hjörtu fólks um allan heim. Fólk hreinlega grét af gleði að sjá þennan grjótharða íþróttamann standa upp úr hjólastólnum, skjögra um og reyna við 100 kg í réttstöðu sem tókst næstum því.

**Akstursíþróttir**

### Skúli Kristjánsson, Torfæruklúbburinn



Skúli varð Íslandsmeistari í annað sinn, þrátt fyrir að baráttan hafi líklega aldrei verið harðari. Hann er fyrirmyndar keppandi í alla staði sem sýnir af sér íþróttamannslega framkomu bæði innan og utan keppnistaðar. Hann er iðinn við að aðstoða aðra keppendur sér í lagi nýliða bæði með því að miðla reynslu sinni sem og við smíðar á nýjum keppnistækjum.

**Blak**

### Guðrún Ása Kristleifsdóttir, Hvöt



Guðrún Ása er með gríðarlega reynslu og góður stjórnandi hvort sem er á vellinum eða utan hans. Hún hefur traust félaga sinna og leiðir þær í 1. deild þennan veturinn sem uppspilari.

### Hafsteinn Valdimarsson, Hamri



Hafsteinn var fyriliði Íslands í Evrópukeppni Smáþjóða þar sem Ísland lenti í 3. sæti og var hann einnig valinn í lið mótsins sem besta miðjan á mótinu. Hann varð deildar-og bikarmeistari með liði sínu Hamri á árinu, og var valinn í lið ársins eftir leiktíðina. Á þessari leiktíð er hann með bestu blokkurum í úrvaldsdeild karla og með bestu sóknarnýtinguna á Íslandsmótinu.

**Borðtennis**

### Ruben Illera Lopez, Garpur



Ruben varð sigurvegari í karlaflokki á héraðsmóti HSK í borðtennis á árinu. Ruben hefur unnið mikið og gott starf í útbreiðslu borðtennis á Suðurlandi. Hann hefur komið að þjálfun íþróttarinnar m.a. á Selfossi, Laugarvatni, Árnesi, Laugalandi og Hvolsvelli.

**Fimleikar**

### Karólína Helga Jóhannsdóttir, Selfoss



Karólína Helga var í 3. sæti á Íslandsmóti í hópfimleikum. Hún náði 3. sæti á Evrópumóti í Hópfimleikum í Lúxemborg 2022 með stúlknaliði Íslands. Hún hefur verið lykilmanneskja í sínu liði frá því hún steig fyrst á keppnisgólfið og unnið marga titla í gegnum árin ásamt því að vera valin í landslið unglinga.

### Daníel Már Stefánsson, Selfoss



Daníel Már keppti á mótaröð með meistaraflokki Selfoss með fínum árangri. Hann er öflugur fimleikamaður og hefur æft hjá deildinni til margra ára. Hann er samviskusamur, duglegur og mikill brandarakall. Hann er ávallt til í að aðstoða og gengur í öll verk jákvæður og vel af vilja gerður. Hann er góð fyrirmynd og gaman að sjá hann halda áfram að ná sínum markmiðum.

**Frjálsíþróttir**

### Eva María Baldursdóttir, Selfoss



Eva María átti gott innanhússtímabil en besti árangur hennar á árinu var á svæðismeistaramótinu innanhúss í USA þar sem hún varð í fjórða sæti þegar hún stökk 1,77m. Í Evrópukeppni landsliða stökk hún 1,73 m og varð í 12. sæti. Hún varð Íslandsmeistari 20-22 ára í sumar þegar hún stökk 1,71m og hún stökk þá hæð einnig á svæðismeistaramótinu utanhúss og varð þar í 12.-13. sæti. Hún var í landsliði Íslands á árinu í Evrópukeppni landsliða. Þar stóð hún sig gríðarlega vel, varð í 12. sæti með 1,73m.

### Örn Davíðsson, Selfoss



Besti árangur Arnar á árinu var á Smáþjóðaleikunum á Möltu. Hann gerði sér lítið fyrir og sigraði spjótkastskeppnina með sínu lengsta kasti á árinu 71,69 m, sem er HSK met í karlaflokki. Á Meistaramóti Íslands varð hann í öðru sæti í spjótkasti með kast upp á 64,73 m. Bestum árangri innanlands náði hann á Vormóti HSK þar sem hann kastaði 71,43m.

**Golf**

### Hlynur Geir Hjartarson, Golfklúbbi Selfoss



Hlynur náði frábærum árangri í Íslandsmótinu í golfi sem fram fór á Urriðavelli og endaði í öðru sæti. Á öðrum degi mótsins setti hann vallarmet og spilaði á 65 höggum. Hlynur leiddi lið GOS á Íslandsmóti golfklúbba í 1. deild en Hlynur tapaði ekki leik á mótinu.

**Handknattleikur**

### Katla María Magnúsdóttir, Selfoss



Katla María var lykilleikmaður í meistaraflokksliði Selfoss í Olísdeildinni og var næst markahæsti leikmaður deildarinnar með 259 mörk eða 8,4 mörk að meðaltali í leik. Á lokahófi Selfoss var hún valin besti leikmaður liðsins ásamt því að vera markahæst og besti sóknarmaður meistaraflokks kvenna. Hún var því viðloðandi alla A-landsliðs hópa Íslands sem valdir voru á árinu og lék sína fyrstu A-landsleiki í nóvember.

### Einar Sverrisson, Selfoss



Einar er lykilmaður á báðum endum vallarins í sterku liði Selfoss. Hann var markahæsti leikmaður Selfoss á síðasta keppnistímabili þar sem hann skoraði 148 mörk ásamt því að vera valinn sóknarmaður ársins og besti leikmaður á lokahófi deildarinnar.

**Hestaíþróttir**

## Sara Sigurbjörnsdóttir, Geysi



Sara varð heimsmeistari í fimmgangi á HM íslenska hestsins í Hollandi á Flóka frá Oddhóli. Hún var tilnefnd sem íþróttaknapi Landssambands hestamanna og íþróttaknapi hjá Hestamannafélaginu Geysi. Hún er framúrskarandi hestamaður og tekur þátt í sterkustu keppnum ár hvert með glæsilegum árangri, einnig frábær fyrirmynd innan sem utan vallar.

## Elvar Þormarsson, Geysi



Elvar Þormarsson átti frábæru gengi að fagna á árinu 2023. Hann varð tvöfaldur heimsmeistari, í gæðingaskeiði og 250 m skeiði á Fjalladís frá Fornusöndum. Hann var knapi ársins hjá Landssambandi hestamanna og knapi ársins hjá Geysi. Hann sigraði á Íslandi Reykjavíkurmeistaramót og varð Íslandsmeistari í PP1, sigraði WR mót á Selfossi í F1 á hestinum Djáknari frá Selfossi.

**Íþróttir fatlaðra**

## María Sigurjónsdóttir, Suðra



María varð HSK meistari í kvennaflokki í golfi sumarið 2023. Hún keppti víða innanlands í sumar í frjálsum íþróttum auk þess sem hún keppti í lyftingum á Special Olympics í Berlin. María er ötulll félagsmaður er að þjálfa boccia og situr í stjórn Suðra sem meðstjórnandi. Hún er alltaf boðin og búin til að aðstoða.

**Júdó**

## Egill Blöndal, Selfoss



Egill varð í 1. sæti á NM, 3. sæti á Smáþjóðaleikum, Íslandsmeistari og í 2. sæti í sveitakeppni á Íslandsmótinu. Hann er góð fyrirmynd er án vafa einn öflugasti júdómaður landsins. Hann er mikil fyrirmynd yngri iðkenda þar sem hann styður dyggilega við bakið á þeim á þeirra vegferð.

**Knattspyrna**

## Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir, Selfoss



Tímabilið 2023 var Áslaug bæði markahæsti og valin besti leikmaður Selfoss. Á árinu var hún valin í U23 landslið Íslands og lék hún fjóra leiki með liðinu. Áslaug skrifaði nýverið undir atvinnumannasamning við Örebro í sænsku úrvalsdeildinni.

## Ingvi Rafn Óskarsson, Selfoss



Ingvi Rafn er hógvær leiðtogi sem lék 20 leiki og skoraði 2 mörk ásamt því að eiga fjölmargar stoðsendingar fyrir liðsfélaga sína í sumar. Stöðugleiki, vinnusemi og barátta einkenna leik hans, sem er leikjahæsti núverandi leikmaður liðsins og skilur hann alltaf allt sitt eftir inni á vellinum.

**Körfuknattleikur**

## Emma Hrönn Hákonardóttir, Hamar/Þór



Emma Hrönn átti mjög gott tímabil þar sem hún var með 14,6 stig, 5,8 fráköst og 3,3 stoðsendingar að meðaltali í leik. Á lokahófi KKÍ var hún valin í úrvalslið 1. deildar kvenna. Hún leiddi 12. flokk í Hamar/Þór til sigurs á Íslandsmótinu og var valin mikilvægasti leikmaður liðsins í oddaleik gegn KR þar sem hún skoraði 37 stig og tók 10 fráköst. Hún keppti á Evrópumótinu, bæði með U18 og U20 ára liðum Íslands og endaði síðasta sumar á að vera valin í 16 manna æfingahóp hjá A-landsliðinu.

## Tómas Valur Þrastarson, Þór



Tómas Valur er þrátt fyrir ungan aldur lykilmaður í sterku liði Þórs sem fór alla leið í undanúrslit Íslandsmótsins 2022-2023. Í vetur hefur hann skorað 17 stig, tekið 5,5 fráköst og gefið rúmlega þrjár stoðsendingar í leik ásamt því að vera lykilmaður í varnarleik liðsins. Hann náði frábærum árangri með U20 ára landsliði Íslands síðasta sumar. Þar var hann algjör lykilmaður í sókn og vörn þrátt fyrir að vera yngsti leikmaður liðsins.

**Motocross**

## Ásta Petrea Hannesdóttir, Selfoss



Ásta Petrea var í þriðja sæti til Íslandsmeistara. Hún stofnaði kvennanefnd í motocrossi og þar fór fram liðakeppni kvenna, hélt einnig motocross kvennadag þar sem komu sama vanar og óvanar stelpur til að fá kennslu og keppa. Hún hefur tekið miklum framförum undanfarin ár og náði sínum besta árangri í Íslandsmótinu í sumar.

## Alexander Adam Kuc, Selfoss



Alexander varð í öðru sæti til Íslandsmeistara í flokk MX2. Hann keppti með íslenska landsliðinu í Motocross of Nations í Frakklandi sem er stærsta liðakeppni í heimi. Hann leggur mikið á sig og æfir á fullu hérlendis og erlendis. Yfir vetrartímann æfir hann á Ítalíu og Spáni.

**Skotíþróttir**

## Hákon Þór Svavarsson, SFS



Hákon setti nýtt Íslandsmet í skeet, náði 122 stigum af 125, sem er 97,6% nýting. Hann keppti á fimm mótum hérlendis og vann þrjú þeirra og varð þriðji í tveimur. Hákon varð stigameistari Skotíþróttasambands Íslands og var með hæsta meðalskor á landinu. Hákon var valinn í níu manna afrekshóp ÍSÍ sem á möguleika á að komast á Ólympíuleikana í París 2024. Hákon vann sér inn rétt til þátttöku á Evrópuleikunum í Póllandi og endaði í 28. sæti auk þess sem hann keppti á sterkum mótum í Qatar og Króatíu.

**Sund**

## Hallgerður Höskuldsdóttir, Selfoss



Hallgerður er góður sundmaður, mjög samviskusöm og mætir vel á æfingar og leggur sig ávallt 100% fram við hvert það verkefni sem henni er sett fyrir. Hún er burðarás í liði Selfoss sem sigrað hefur á allflestum sundmótum HSK síðustu ár. Hún synti vel á fjölmörgum mótum á árinu, sýndi góðar framfarir á árinu og er sífellt að synda lengri og erfiðari æfingar.

## Arnór Karlsson, Selfoss



Arnór er vaxandi sundmaður, samviskusamur og mætir vel á æfingar og leggur sig ávallt 100% fram við hvert það verkefni. Hann býr á Flúðum og sækir æfingar 3-4x í viku á Selfoss og æfir að auki á Flúðum. Hann er burðarás í liði Selfoss sem sigrað hefur á all flestum sundmótum HSK síðustu ár. Hann hefur verið í mikilli framför á árinu og er sífellt að synda lengri og erfiðari æfingar.

**Taekwondo**

## Dagný María Pétursdóttir, Selfoss



Dagný María varð Íslandsmeistari í þungavigt kvenna, ásamt því að vera valin keppandi mótsins. Hún keppti fyrir Íslands hönd á NM í Finnlandi en tapaði fyrsta bardaga á móti firna sterkum andstæðingi og komst ekki áfram.

## Björn Jóel Björgvinsson, Selfoss



Björn Jóel sigraði í -80 kg flokki á Reykjavík International Games. Hann vann til bronsverðlauna á Íslandsmeistaramótinu og sigraði á 2. og 3. bikarmóti TKÍ og var valinn keppandi mótsins á þeim báðum. Hann var valinn til að keppa fyrir Íslands hönd á Norðurlandamótinu í Finnlandi og keppti einnig á svo kölluðu G-class móti á Spáni..

HSK 1910

# Sérverðlaun veitt á héraðsþingi

| | |
|---|---|
| Stigahæsta félag | Umf. Selfoss |
| Unglingabikar HSK | Hestamannafélagið Jökull |
| Foreldrastarfsbikar HSK | Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs |
| Öðlingur ársins | Ingvar Garðarsson Umf. Skeiðamanna |

**Unglingabikar HSK 2023**

Hestamannafélagið Jökull hefur frá stofnun félagsins tekið æskulýðsmálin föstum tökum og lagt mikinn metnað í starfið. Félagið er með mjög virkt starf og virðist vaxa og dafna ár frá ári, þrátt fyrir ungan aldur, en félagið var stofnað árið 2021. Félagið starfar í uppsveitum Árnessýslu, en þar störfuðu áður félögin Trausti, Smári og Logi. Þau voru lögð niður og Jökull tók við sem sameinað hestamannafélag uppsveitanna.

Jökull hefur boðið upp á fjölbreytt úrval viðburða allt árið, s.s. námskeið, fræðslu og skemmtun fyrir eins breiðan hóp og mögulegt er. Auk þess að bjóða upp á knapamerkjanám og vikulegar æfingar, er forysta félagsins dugleg að bjóða upp á fjölbreytt námskeið og hugsa út fyrir boxið. Þau buðu meðal annars upp á frumtamningarnámskeið fyrir unglinga og ungmenni og einnig bauð félagið upp á námskeið í fyrstu hjálp fyrir hestakrakka.

Þess má geta að er Hestamannafélagið Jökull er handhafi Æskulýðsbikars Landsambands hestamannafélaga árið 2023.



*Nokkrir sjálfboðaliðar frá körfuknattleiksdeild Umf. Þórs að störfum á 17. júní síðastliðið sumar.*

**Foreldrastarfsbikar HSK 2023**

Í körfuknattleiksdeild Umf. Þórs starfar fjöldi sjálfboðaliða og hafa þeir skapað góða umgjörð um starfið. Í sjálfboðaliðahópnum eru m.a. foreldrar, ömmur og afar. Ekki má gleyma þeim sem hafa engin tengsl en brenna af áhuga að starfa í skemmtilegum félagsskap sem skapast í kringum mót, viðburði og fjáraflanir. Á hverju hausti er auglýst eftir áhugasömu fólki til starfa sem sjálfboðaliðar hjá deildinni og bætast ávallt einhverjir foreldrar við. Auðvitað detta stundum aðrir út, en athygli vekur hvað margir eru tilbúnir að taka þátt ár eftir ár. Forysta deildarinnar leggur ávallt af stað inn í nýtt starfsár með von í brjósti um að körfuboltinn fái að blómstra sem aldrei fyrr með fólki sem er tilbúið að bretta upp ermar og láta gott af sér leiða í góðra vina hópi.

Annað hvert ár sér körfuknattleiksdeildin um hátíðar- og viðburðadagskrá á 17. júní í Þorlákshöfn/Ölfusi og hefur góður hópur sjálfboðaliða komið að þeim viðburði.

**Öðlingur ársins 2023**

Öðlingur ársins 2023 er Ingvar Garðarsson Umf. Skeiðamanna.

Byrjunina á hlaupaferli Ingvars má rekja til ársins 1974 þegar Jóhannes Sigmundsson, þáverandi formaður HSK og kennari Ingvars, hvatti hann til að keppa í unglingaflokki á Víðavangshlaupi Íslands. Ingvar lét slag standa og hefur ekki hætt að hlaupa síðan. Ingvar hafði nokkrum árum áður gengið í Ungmennafélag Skeiðamanna, sem hann hefur haldið tryggð við allar götur síðan, þó hann hafi lengst af verið búsettur á Selfossi.



*Ingvar Garðarsson öðlingur ársins.*

Ingvar er þekktastur fyrir þátttöku sína í Víðavangs- og götuhlaupum. Ingvar hefur tekið þátt í Flóahlaupinu óslitið frá árinu 1979, að tveimur árum undanskildum. Hann hefur tekið þátt í öllum Gamlárshlaupum ÍR frá árinu 1979 og nánast árlega í Víðavangshlaupi ÍR í yfir 40 ár. Þá hefur hann tekið þátt í Reykjavíkurmaraþoni frá upphafi árið 1984, en aðeins hann og annar hlaupari til státa af slíkri þátttöku. Hann hefur oft keppt í götuhlaupum erlendis og í þrígang hefur hann keppt í maraþoni á stórafmælisárum sínum. Ingvar hefur keppt á fjölda héraðsmóta í frjálsum og m.a. vann hann Jónshlaupið í 5.000 metra hlaupi 10 sinnum.

Ingvar keppti á öllum 12 Landsmótum UMFÍ á árunum 1978 – 2013 með liði HSK. Þá hefur hann keppt á tveimur Landsmótum 50+ í seinni tíð. Hann keppti margoft með liði HSK í Bikarkeppni FRÍ og var hluti af bikarmeistaraliði HSK árin 1990 og 1993.

Ingvar hefur sett fjölda HSK meta í hlaupum undanfarna áratugi. Í dag á Ingvar 27 gildandi HSK met í átta aldursflokkum öldunga frá 30 – 65 ára. Þá á hann eitt HSK met í karlaflokki sem hefur staðið óhreyft í 40 ár.

Ingvar hefur tekið þátt í nefndarstörfum fyrir hreyfinguna til margra ára. Hann átti sæti stjórn frjálsíþróttaráðs HSK frá 2005-2017 og hefur setið bæði FRÍ þing og héraðsþing í gegnum tíðina. Ingvar hefur verið formaður almenningsíþróttanefndar HSK frá árinu 1995, en árlegt verkefni nefndarinnar er að halda Bláskógaskokk HSK. Þá hefur hann unnið sem sjálfboðaliði á fjölda móta og viðburða í hreyfingunni til áratuga.

Ingvar hefur líka látið til sín taka á öðrum vettvangi fyrir sitt gamla félag, en hann tók nokkrum sinnum þátt í Spurningakeppni HSK og komst í þrígang í úrslit keppninnar og vann einu sinni.

## Þakkir til þeirra sem styrktu starfsemina

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfboðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

# Þröstur Guðnason sæmdur gullmerki HSK

Á héraðsþinginu á Hellu 2023 var Þröstur Guðnason, formaður Umf. Ingólfs í Holtum, sæmdur gullmerki HSK og hann hlaut einnig starfsmerki UMFÍ.

Þröstur hefur um áratugaskeið tekið þátt í störfum íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar, en hann hefur verið formaður Umf. Ingólfs frá árinu 1987, eða í 36 ár. Líklega hefur enginn formaður aðildarfélags HSK setið svo lengi samfellt sem formaður.

Þröstur átti sæti í varastjórn HSK á árunum 1999-2004 og mætti á þeim árum m.a. á þing UMFÍ og ÍSÍ sem fulltrúi HSK.

Um áratugaskeið hefur Þröstur mætt nær árlega á héraðsþing HSK sem fulltrúi síns félags. Hann er einn fárra sem hafa náð því að vinna bæði sleifarkeppnina á þinginu og vera valinn matmaður héraðsþingsins. Þess má geta að Þröstur var þingforseti á héraðsþinginu á Laugalandi 2007 og á þinginginu á Hellu 2011.

Þröstur tók þátt í íþróttum á sínum yngri árum og keppti m.a. á héraðsmótum í glímu.



*Guðríður formaður HSK afhenti Þresti Guðnasyni formanni Umf. Ingólfs gullmerki HSK á héraðsþingi 2023.*

## Karatefélagi Suðurlands vikið úr HSK

Á fundi stjórnar HSK 25. apríl 2023 var ákveðið að senda þeim félögum sem uppfylla ekki ákvæði 6. greinar laga Héraðssambandsins Skarphéðins formlega aðvörun. Það var gert með bréfi til Karetefélags Suðurlands þann 9. maí 2023, en félagið hefur ekki haldið aðalfund undanfarin ár og þá skilaði félagið ekki starfsskýrslu ÍSÍ og UMFÍ, sem skila þarf árlega. Stjórn félagsins var beðin um að ganga frá sínum skuldbindum fyrir 31. maí 2023. Tekið var fram að ef ekkert yrði að gert myndi félaginu verða vikið úr sambandinu um næstu áramót, þ.e. 31. desember 2023. Lítil starfsemi hefur verið í félaginu undanfarið og ekki var brugðist við þessum óskum HSK. Því var félagið tekið af skrá sem eitt aðildarfélaga HSK frá og með 1. janúar 2024 og var sú niðurstaða staðfest á fundi stjórnar HSK þann 15. janúar 2024.

Stjórn HSK þakkar Karatefélagi Suðurlands fyrir samstarfið á liðnum árum, en félagið var stofnað 17. janúar 2010 og fékk félagið aðild að HSK á héraðsþingi 13. mars 2010. Félaginu er velkomið að sækja um aðild að nýju, ef aðstæður breytast og vilji er til þess hjá félagsmönnum.

## Lyftingafélagið Hengill ekki lengur aðildarfélagi að HSK

Lyftingafélagið Hengill var stofnað 17. júlí 2014 og var félagið formlega samþykkt sem eitt aðildarfélaga HSK á héraðsþingi HSK á Flúðum 14. mars 2015. Félagið hafði þá þegar fengið bráðabirgðaaðild að sambandinu. Félagið hefur starfað í Hveragerði frá stofnun þess.

Félagið ákvað á aðalfundi í október 2023 að breyta rekstrarformi félagsins og að starfsemi þess myndi fara fram undir merkjum lyftingadeildar Íþróttafélagsins Hamars.

Í raun er því verið að leggja niður félagið og stofna nýja deild innan Hamars. Það ferli er í vinnslu og verður tekið fyrir á aðalfundi Hamars í febrúar 2024.

Stjórn HSK barst erindi frá Lyftingafélaginu Hengli, þar sem óskað var eftir að félagið yrði afskráð sem aðildarfélag HSK. Lyftingafélagið Hengill verður því tekið af skrá sem eitt aðildarfélaga HSK í upphafi árs 2024. Stjórn HSK þakkar félaginu fyrir samstarfið á liðnum árum.



## Fundir, þing og ráðstefnur:

*Í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur sótt. Listinn er ekki tæmandi.*

### Héraðsþing HSK á Hellu tókst vel

Um 110 manns mættu á héraðsþing HSK sem haldið var á Hellu fimmtudaginn 23. mars 2023. Líkt og undanfarin var þingið haldið seinnipart dags í miðri viku og hefur það gefist vel.

Stjórn HSK lagði fram 12 tillögur og voru þær allar samþykktar. Þinggerð má sjá á vef HSK. Engar breytingar urðu á stjórn sambandsins, en allir stjórnar- og varastjórnarmenn gáfu kost á sér áfram.

Val á íþróttamanni og íþróttakonu HSK var kunngjört á þinginu. Kylfingurinn Heiðrún Anna Hlynsdóttir úr Golfklúbbi Selfoss og júdómaðurinn Egill Blöndal úr Umf. Selfoss voru útnefnd íþróttafólk ársins 2022 hjá HSK.

Fimm einstaklingar aðildarfélaga HSK voru heiðraðir á þinginu. Þröstur Guðnason, formaður Umf. Ingólfs í Holtum, var sæmdur gullmerki og hann hlaut einnig starfsmerki UMFÍ. ÍSÍ sæmdi hjónin Katrínu Aðalbjörnsdóttur og Óskar Pálsson úr Golfklúbbnum Hellu gullmerki ÍSÍ og Gestur Einarsson, sem á sæti í varastjórn HSK var sæmdur silfurmerki ÍSÍ. Þá var Bjarni Jóhannsson úr Golfklúbbnum Hellu sæmdur starfsmerki UMFÍ.

HSK veitti nokkur sérverðlaun á þinginu, líkt og undanfarin ár. Körfuknattleiksfélag Selfoss hlaut unglingabikar HSK, Hestamannafélagið Geysir fékk foreldrastarfsbikarinn og þá var Garðar Garðarsson valinn öðlingur ársins.

Löng hefð er fyrir því að útnefnda matmann þingsins og halda sleifarkeppni sem nokkrir þingfulltrúar taka þátt í. Guðmundur Karl Sigurdórsson vann sleifarkeppnina og Jóhanna Bríet Helgadóttir var valin matmaður þingsins.

Myndskreytt ársskýrsla kom út á þinginu og má sjá vefútgáfu skýrslunnar á www.hsk.is.



*Sleifarkeppni HSK var haldin í 50. sinn, en hún hefur verið haldin nær árlega frá 1966.*

### Þing Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands

76. Íþróttaþing ÍSÍ var haldið í Ólafssal að Ásvöllum í Hafnarfirði 5.-6. maí 2023. Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, setti þingið um kaffileytið á föstudag og kom víða við í sínu ávarpi. Hann þakkaði stuðning stjórnvalda við íþróttahreyfinguna á tímum kórónuveirufaraldursins og ræddi einnig þörf fyrir aukið fjármagn í íþróttahreyfinguna og nauðsyn þess að hvetja stjórnvöld áfram til að halda áætlanir um þjóðarhöll og aðrar slíkar framkvæmdir. Lárus stiklaði á stóru varðandi helstu málefni er brenna á íþróttahreyfingunni, svo sem stöðu sjálfboðaliða, umhverfi afreksíþróttafólks, lýðheilsu, aukinn ferðakostnað og ólöglegar veðmálasíður, svo eitthvað sé nefnt. Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, flutti skýrslu stjórnar og Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ kynnti reikninga.

HSK átti rétt á að senda sjö fulltrúa á þingið og mætti með fullmannað lið báða dagana. Þingfulltrúar HSK voru þau Guðríður Aadnegard formaður HSK, Helgi S. Haraldsson varaformaður HSK, Guðmundur Jónasson gjaldkeri HSK, Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK, Gestur Einarsson varastjórn HSK, Lárus Ingi F Bjarnason varastjórn HSK, Guðjóna Björk Sigurðardóttir gjaldkeri Hamars og Gissur Jónsson framkvæmdastjóri Umf. Selfoss.

Fjölmargar tillögur voru lagðar fram á þinginu, sem ræddar voru í nefndum þingsins á föstudagskvöldinu. Meðal tillagna sem samþykktar voru á þinginu var tillaga um skipulag íþróttahéraða og tillaga um breytingar á skiptingu tekna frá Íslenskri getspá. Þá voru gerðar breytingar á lögum ÍSÍ. Þar sem m.a. var samþykkt að fækka þingfulltrúum talsvert. Það hefur að óbreyttu þau áhrif að fulltrúum HSK mun fækka úr sjö í fimm.

Fjölmargir einstaklingar voru heiðraðir á þinginu og þeirra á meðan var sunnlendingurinn Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ, sem setið hefur í framkvæmdastjórn frá 2002 og sem gjaldkeri frá 2004. Hann gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var í lok þings sæmdur heiðurskrossi ÍSÍ.

Á þingingu var kosið um sjö meðstjórnendur í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Selfyssingurinn Olga Bjarnadóttir hlaut glæsilega endurkosningu, en hún fékk flest atkvæði þeirra sem buðu sig fram og hlaut 194 atkvæði. Aðrir sem hlutu kosningu voru Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir. Fyrir sitja í framkvæmdastjórn ÍSÍ: Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, Þórey Edda Elísdóttir, 1. varaforseti ÍSÍ, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Úlfur Helgi Hróbjartsson, Viðar Garðarsson og Valdimar Leó Friðriksson.

Öll þinggögn má sjá á www.isi.is.

### Sambandsþing Ungmennafélags Íslands

Sambandsþing Ungmennafélags Íslands var haldið á Hótel Geysi í Haukadal 20.-21. október 2023. Þingið var vel sótt en um 180 þingfulltrúar og gestir voru mættir við þingsetningu á föstudagskvöldinu. Þinghaldið gekk vel undir styrkri stjórn þingforsetana Þóris Haraldssonar og Olgu Bjarnadóttur.

Stærsta málið á þinginu var tillaga sem felur í sér stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land í samstarfi við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og stjórnvöld. Af lottógreiðslum til UMFÍ áttu 15% að fara til reksturs svæðaskrifstofanna og 85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri. Skv. tillögunni á að koma á fót átta svæðastöðvum með sextán stöðugildum sem munu þjónusta íþróttahéruð landsins með samræmdum hætti. Tillagan var einróma samþykkt, en tillaga um sama málefni var samþykkt á þingi ÍSÍ fyrr á þessu ári.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, var gestur við setningu sambandsþingsins og flutti þar ávarp. Hann sagði að búið væri að tryggja einn starfsmann á hvert starfssvæði, sem tillagan kveður á um og fjármagn til að viðkomandi geti sinnt vinnu sinni.

Tveir HSK félagar, báðir frá Umf. Selfoss, voru heiðraðir á þinginu. Guðmundur Kr. Jónsson, heiðursformaður HSK, var gerður að heiðursfélaga UMFÍ en heiðursfélagakross sem hann fékk af þessu tilefni er æðsta heiðursmerki samtakanna. Þá var Gissuri Jónssyni veitt Gullmerki UMFÍ. Hann hefur átt sæti í varastjórn UMFÍ undanfarin ár, en gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Aðalstjórn UMFÍ var öll endurkjörin á þinginu. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, var einn í kjöri í embætti formanns og var því sjálfkjörinn. Í aðalstjórn voru kosin þau Guðmundur G. Sigurbergsson, Ungmennasambandi Kjalarnesþings, Gunnar Þ. Gestsson, Ungmennasambandi Skagafjarðar, Gunnar Gunnarsson, Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands, Málfríður

## Stjórnarfundir HSK árið 2023

Stjórn HSK fundaði sjö sinnum árið 2023 og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Stjórnarfundirnir voru haldnir í Selinu á Selfossi og einn fundur var haldinn í íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík. Formaður, gjaldkeri og ritari áttu sæti í framkvæmdastjórn sambandsins. Framkvæmdastjórnin fundaði ekki á starfsárinu. Fundargerðir stjórnar eru á www.hsk.is.

**Mætingar á stjórnarfundi HSK 2023**

| | *10/1* | *7/2* | *7/3* | *25/4* | *28/8* | *25/9* | *13/11* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Guðríður | x | x | x | x | x | x | x |
| Guðmundur | x | | x | | x | x | x |
| Helgi | x | x | x | x | x | x | x |
| Anný | x | x | x | x | x | | x |
| Jón Þröstur | | x | | | | | x |
| Gestur | | x | x | x | | | x |
| Olga | x | x | x | x | | | x |
| Lárus Ingi | x | x | x | x | x | | |
| Engilbert | x | x | x | x | x | x | x |



*Frá heimsókn stjórnar HSK til ÍSÍ og UMFÍ.*



*Hópur frá Noregi kom í heimsókn á íþróttavallarsvæðið á Selfossi.*

Sigurhansdóttir, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Ragnheiður Högnadóttir, Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu og Sigurður Óskar Jónsson, Ungmennasambandinu Úlfljóti. Þau Ásgeir Sveinsson, Héraðssambandinu Hrafna-Flóka, Guðmunda Ólafsdóttir, Íþróttabandalagi Akraness og Hallbera Eiríksdóttir, Ungmennasambandi Borgarfjarðar voru kosin í varastjórn.

HSK átti rétt á að senda 11 fulltrúa á þingið og sendi fullmannað lið. Þingfulltrúar sambandsins voru þau Guðríður Aadnegard, Anný Ingimarsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Gestur Einarsson, Gissur Jónsson, Guðjóna Björk Sigurðardóttir, Guðmundur Jónasson, Guðmundur Sigmarsson, Guðrún Tryggvadóttir, Helgi S. Haraldsson, Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason og Sigríður Anna Guðjónsdóttir.

## Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 24. nóvember í nýjum húsakynnum íþróttafélagsins Fram í Úlfarsárdal. Mæting var nokkuð góð en um 100 formenn og framkvæmdastjórar sambandsaðila ÍSÍ mættu ásamt stjórn og starfsfólki ÍSÍ.

Fyrir fundinn var boðið upp á stuttar kynningar um mikilvæg málefni er tengjast íþróttum og íþróttastarfsemi og voru þær opnar öðrum fulltrúum sambandsaðila, óháð þátttöku á formannafundinum.

Þórey Edda Elísdóttir, 1. varaforseti ÍSÍ hóf leik með kynningu á sjálbærum íþróttamannvirkjum en hún vinnur sem umhverfisverkfræðingur með áherslu á sjálfbærni og hafði því mikið um málefnið að segja. Hún fór yfir nýjar áherslur, útskýrði hvað sjálfbær íþróttamannvirki þýða og hvaða þýðingu þau hafa í samfélagi okkar.

Þórarinn Alvar Þórarinsson, starfsmaður á Fræðslu- og almenningsíþróttasviði ÍSÍ, og Daði Rafnsson, doktorsnemi í sálfræði í Háskólanum í Reykjavík og fagstjóri á afrekssviði Menntaskólans í Kópavogi kynntu sálfærniþjálfun í íþróttum með aðferðarfræði 5C og hvernig þessi þjálfun getur gert íþróttastarf betra ef farið er í andlega þjálfun með skilmerkilegum og skipulögðum hætti. Tekin voru dæmi um slíka þjálfun hjá Breiðabliki og Fylki og hverju sú þjálfun hefur skilað.

Síðasta erindið fjallaði um íþróttir og farsæld barna. Sólveig Rósa Sigurðardóttir og Halla Björk Marteinsdóttir frá Barna- og fjölskyldustofu, kynntu verkefnið og fóru yfir það hvernig samvinna og samtal á milli íþróttanna, skóla, heimila og Barna- og fjölskyldustofu ætti að vera, svo að börn, sem þurfa á aðstoð og stuðningi að halda eða búa við erfiðar aðstæður, geti notið sín sem best með hjálp þeirra er koma að málunum á þessum stöðum.

Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, setti svo Formannafundinn og ávarpaði gesti. Hann fór yfir afreksmál og nýliðna ráðstefnu sem fjallaði um stefnumótun í afreksíþróttum. Þá fjallaði hann um svæðisskrifstofur íþróttahreyfingarinnar og hvernig skipulag þeirra er líklegt til að gera íþróttastarf á Íslandi ennþá betra og markvissara.

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ flutti skýrslu stjórnar og var þar stiklað á stóru yfir það sem gerst hefur undanfarið. Fór hann yfir helstu breytingar á skipulagi skrifstofu og breytingar í starfsmannamálum. Hörður Þorsteinsson, gjaldkeri ÍSÍ, fór svo yfir fjármál ÍSÍ.

Þá voru tekin fyrir mál sem framkvæmdastjórn lagði fyrir fundinn en þau voru tvö að þessu sinni; Svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ og svo málefni afreksíþrótta. Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, fór yfir svæðisskrifstofur og hvernig skipulag þeirra væri hugsað svo íþróttastarf yrði unnið á betri og skilvirkari hátt en áður hefði verið gert. Vésteinn Hafsteinsson, afreksstjóri ÍSÍ, fór svo yfir hugmyndir og málefni um afreksmál og nýja sýn í þeim málum. Í framhaldinu var orðið laust og spunnust aftur góðar og gagnlegar umræður um þessi málefni, en heyra mátti að almenn ánægja væri með svæðisskrifstofur og hugmyndina um nýja afreksstefnu á Íslandi.

Umræða um önnur mál og framtíðarsýn ÍSÍ urðu svo lokapunktar fundarins og var svo fundargestum boðið til kvöldverðar í boði ÍSÍ að fundi loknum.

## Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sérsambanda á árinu. Sambandið á fulltrúa í stjórnum nokkurra sérsambanda. Landeyingurinn Freyr Ólafsson er formaður Frjálsíþróttasambands Íslands.

## Stjórn HSK í heimsókn hjá ÍSÍ og UMFÍ

Stjórn HSK fór í heimsókn til ÍSÍ og UMFÍ í íþróttamiðstöðina í Laugardal 25. apríl. Því miður gátu ekki allir stjórnarmenn mætt vegna vinnu eða veikinda.

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ tók á móti hópnum og sýndi fólki skrifstofu ÍSÍ og húsakynnin í Laugardalnum. Stjórnin hitti einnig Lárus Blöndal forseta ÍSÍ og Gunnar Bragason gjaldkera ÍSÍ. Því næst hélt stjórn HSK hefðbundinn stjórnarfund í nýuppgerðum og glæsilegum fundarsal ÍSÍ.

Að stjórnarfundi loknum tóku Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ, Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ og Ragnheiður Högnadóttir formaður framkvæmdastjórnar UMFÍ á móti hópnum í nýjum höfðustöðvum UMFÍ í spjall og kvöldverð.

HSK þakkar ÍSÍ og UMFÍ kærlega fyrir góðar móttökur.

## Gestir í heimsókn frá Noregi

Þann 19. apríl kom hópur frá Noregi í heimsókn á íþróttavallarsvæðið á Selfossi. Þetta var 25 manna hópur fólks frá fylkisskrifstofu Rogalands sem er fylki í Noregi. Markmið heimsóknarinnar til landsins var m.a. að fræðast um íþróttastarfið hér, heimsækja sveitarfélög, íþróttahéruð og félög og fá upplýsingar m.a. um frístundastyrkinn, skipulag og fjármögnun íþróttafélaga og þennan heildstæða "vinnudag" barna með skóla og frístundastarfi.

Þeir Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK, Helgi S. Haraldsson formaður Umf. Selfoss og Bragi Bjarnason formaður bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar tóku á móti hópnum og sögðu frá starfseminni og sýndu þeim íþróttamannvirkin á vallarsvæðinu.

## Samstarfsverkefni:

### Félagsmiðstöðin Sel

Á síðasta ári sátu í húsnefnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

Helgi S. Haraldsson frá HSK formaður
Hjördís Leósdóttir frá KS gjaldkeri
Ingibjörg Stefánsdóttir frá SSK ritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 7. febrúar 2023 í Selinu. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræða saman í síma ef og þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir nota salinn til fundarhalda eða námskeiða.

Eins og alltaf er eitthvað sem þarf að lagfæra til að viðhalda húsinu, bæði innan sem utan. Þakkantur á suðurhlið hússins var endurnýjaður ásamt rennum. Hurð í geymslu var lagfærð og sett vifta sem sér um loftskipti í geymslunni og hefur stórbætt loftgæði í húsinu og geymslunni. Einnig hefur lýsing utandyra verið löguð með nýjum ljósum og endurbótum á þeim eldri. Einnig var neyðarútgangsljós í aðalsal endurnýjað.

Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á um að sjá um allsherjarþrif á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu, í ár var það í höndum Kvenfélags Gnúpverja.

Að lokum vill húsnefnd Selsins þakka öllum notendum þess, samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlynningu á síðastliðnu ári.

**Helgi S. Haraldsson, formaður hússtjórnar**



*Guðmundur Kr. Jónsson og sonarsonur hans Kristófer Ólafsson í viðhaldsframkvæmdum í Selinu.*

### Árleg starfsskýrsluskil félaga

Öll Íþrótta- og ungmennafélög sem eru innan hreyfingarinnar þurfa að skila starfsskýrslu ÍSÍ og UMFÍ og í ár var skýrslunni í annað sinn skilað í nýju kerfi sem tók við af Felixkerfinu.

Samkvæmt 8. grein laga ÍSÍ þá þurfa allir sambandsaðilar ÍSÍ og félög innan þeirra vébanda að skila inn starfsskýrslu til ÍSÍ og UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

Vegna lagfæringa á kerfinu var ekki opnað fyrir starfsskýrsluskil eininga innan ÍSÍ og UMFÍ fyrr en 12. apríl 2023 og því var frestur til að skila framlengdur til 15. júní 2023.

Starfsskýrsluskil þurfa að innihalda upplýsingar um:

- iðkendur og félagsmenn
- innslegnar lykilupplýsingar úr ársreikningum
- núverandi stjórn og starfsfólk
- Síðan þarf að skila skoðuðum ársreikningi og núgildandi lögum í pdf. formi.

HSK hvetur félögin til að endurskoða félaga- og iðkendaskrár sínar og yfirfara vel svo upplýsingar séu réttar í skilakerfinu. Með því verður einfaldara fyrir alla aðila að halda vel utan um félaga- og iðkendatalið og uppfæra á milli ára. Það er alltaf á ábyrgð hvers félags að yfirfara upplýsingarnar áður en þær er lesnar inn og staðfesta réttan fjölda við skil.

Nánari upplýsingar varðandi starfsskýrsluskil veitir Elías Atlason, sérfræðingur hjá ÍSÍ. Netfangið hans er elias@isi.is og sími 514 4000.

### Getraunastarf – örugg fjáröflun

Öllum félögum innan HSK gefst kostur á að vera með getraunastarf innan síns félags fyrir sitt félagsfólk.

Kostir getraunastarfsins eru tvennskonar. Annars vegar bætt félagsstarf og aukin virkni félaga innan félagsins og hinsvegar auðvitað fjáröflun því 26% af söluandvirði hvers getraunaseðils rennur til þess félags sem selur.

Tvær aðferðir eru vinsælastar hjá þeim félögum sem selja getraunir. Annarsvegar er það svokallaður húspottur þar sem safnað er saman hópi félagsfólks og hver samþykkir að greiða ákveðna upphæð á viku. Sú upphæð fer í sameiginlegan pott sem svo er tippað fyrir. Vinna við slíkt er einföld og tekur um það bil 10 mínútur að búa til pottinn rafrænt í hverri viku. Kerfið heldur utanum hver borgar hvað og greiðir út vinninga í hlufalli við innborgun hvers og eins. Slík

# Heildarstigatafla HSK 2023

21 héraðsmót töldu til stiga í heildarstigakeppni HSK í ár. Umf. Selfoss sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2023. Selfoss hlaut 146 stig, Dímon varð í öðru sæti með 109,5 stig og Hamar varð í þriðja sæti með 77,25 stig.

| Röð | félaga | Blak, héraðsmót karla | Blak, héraðsmót kvenna | Blak, héraðsmót drengja | Blak, héraðsmót stúlkna | Blak, hraðmót karla | Blak, hraðmót kvenna | Borðtennis, héraðsmót | Bridds, tvímenningur | Bridds, sveitakeppni | Frjálsíþróttir, héraðsmót innanh. | Frjálsíþróttir, unglingamót innanh. | Frjálsíþróttir, aldursflokkamót innanh. | Frjálsíþróttir, héraðsmót utanh. | Frjálsíþróttir, unglingamót utanh. | Frjálsíþróttir, aldursflokkamót utanh. | Íþróttir fatlaðra, héraðsmót | Skák, sveitakeppni | Starfsíþróttir, héraðsmót | Sund, aldursflokkamót | Sund, unglingamót | Sund, héraðsmót | Taekwondo, héraðsmót 13 ára og eldri | Taekwondo, héraðsmót 12 ára og yngri | stig samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Umf. Selfoss | | | | | | | 8 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | | 8 | | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 146 |
| 2. | Íþr.f. Dímon | | 4,5 | 10 | 10 | | 5 | 10 | | 2 | 9 | 9 | 9 | 9 | 6 | 9 | | 9 | | 8 | | | | | 109,5 |
| 3. | Íþr.f. Hamar | 10 | 10 | 6 | 9 | 10 | 6 | | 8 | 0,25 | | | | | | | | | | 9 | | 9 | | | 77,25 |
| 4. | Umf. Þjótandi | | | | | | | | 9 | 3 | 8 | 7 | 8 | 6 | 9 | 8 | | 6 | 8 | | | | | | 72 |
| 5. | Íþr.f. Garpur | | | 8 | | | | 9 | 3,5 | 4,5 | 7 | | 7 | 8 | | 7 | | | 9 | | | | | | 63 |
| 6. | Umf. Hekla | | 4,5 | | | | 5 | 6 | 3,5 | 0,25 | 6 | 8 | | 7 | 8 | | | | 10 | | | | | | 58,25 |
| 7. | Umf. Laugdæla | 8 | 6 | | | 8 | 7 | | | 7 | | | 6 | | | 5 | | | | | | | | | 47 |
| 8. | Umf. Hrunamanna | 9 | 8 | | | 9 | 9 | | 3,5 | 0,25 | | | | | 7 | | | | | | | | | | 45,75 |
| 9. | Umf. Hvöt | | | | | | 4 | | 7 | 8 | | | 5 | | | 6 | | | | | | | | | 30 |
| 10. | Íþr.f. Suðri | | | | | | | | | | 5 | | | | | | 10 | | | | | 8 | | | 23 |
| 11. | Umf. Gnúpverja | | | | | | | 7 | 3,5 | 0,25 | | | | 5 | | | | 7 | | | | | | | 22,75 |
| 12. | Umf. Þór | | | | | | | | 3,5 | 7 | | | | | | | | 10 | | | | | | | 20,5 |
| 13. | Golfkl. Flúðir | | | | | | | | | 7 | | | | | | | | | | | | | | | 7 |
| 13. | Umf. Framtíðin | | | | | | | | | | | | | | | | | | 7 | | | | | | 7 |
| 15. | Umf. Skeiðamanna | | | | | | | 5 | | | | | | | | | | | | | | | | | 5 |
| 16. | Íþr.f. Mímir | | | | | | | | | 4,5 | | | | | | | | | | | | | | | 4,5 |
| 17. | Umf. Eyfellingur | | | | | | | 4 | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 |
| 18. | Umf. Eyrarbakka | | | | | | | | 3,5 | | | | | | | | | | | | | | | | 3,5 |



*Maggie, Snædís og Júlía voru á meðal þeirra sem unnu til verðlauna á héraðsmótinu í taekwondo.*

## HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK

### HSK mótið í taekwondo

HSK mótið í taekwondo var haldið í Baulu á Selfossi sunnudaginn 10. desember 2023 og var keppt í þremur greinum. þ.e. bardaga, formum og þrautabraut.

húskerfi hafa reynst mörgum happadrjúg þar sem þau gefa kost á að kaupa fleiri raðir en ella og auka þannig vinningslíkur.

Dæmi um hverju húskerfi getur skilað til félags. 50 einstaklingar í hóp og hver greiðir 1.500 krónur á viku = 75.000 krónur. Hlutur félags 26% eða 19.500 krónur á viku í 35 vikur = 682.500 krónur. Hér er því um afar einfalda en örugga fjáröflun að ræða fyrir félögin sem kostar lítið umstang. Þess má geta að samkvæmt reynslu íþróttafélaganna af húskerfum eru þátttakendur að greiða um það bil verðið á einum bensínlítra til félagsins á viku þegar vinningar eru frátaldir. Sum árin gefa góða vinninga og þá spila einstaklingarnir frítt eða koma út með nokkrar krónur í gróða.

Hinsvegar er það hin klassíska aðferð að hafa getraunakaffi á laugardagsmorgnum og taka á móti félagsfólki í kaffibolla og gefa því kost á að tippa á getraunaseðilinn. Oftar en ekki er búin til keppni milli hópa og skemmtilegar uppákomur af og til.

Hvor leiðin sem valin er þá eru starfsmenn Getrauna boðnir og búnir að aðstoða félögin. Hægt er að hafa samband í síma 5802500 eða netfangið phs@getspa.is.

**Pétur Hrafn Sigurðsson**
**Upplýsingafulltrúi Getspár/Getrauna**

## Gott ár í lottóinu og aukagreiðsla frá ÍSÍ og UMFÍ

Alls voru heildarlottótekjur inn á HSK svæðið árið 2023 samtals 55.429.201 kr. sem er nánast á pari við metárið 2022. Aukagreiðsla frá ÍSÍ, kr. 1.157.521, barst í maí 2023, sem kom til vegna góðrar rekstrarafkomu Getspár 2022. Í lok árs barst síðan aukagreiðsla frá ÍSÍ, kr. 1.389.025 og frá UMFÍ, kr. 3.358.240, vegna góðrar rekstrarafkomu Getspár 2023.

Til samanburðar voru lottótekjur árið 2022 kr 55.864.539, árið 2021 kr. 48.794.306, árið 2020 kr. 41.873.112, árið 2019 kr. 32.735.488, árið 2018 kr. 29.989.087, árið 2017 kr. 28.767.749, 2016 kr. 26.423.014, 2015 kr. 22.500.290, árið 2014 kr. 23.017.220, árið 2013 kr. 19.830.402 og árið 2012 kr. 19.163.011.

Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2023 var kr. 24.825.184 og frá UMFÍ kr. 30.604.017

thlutun HSK rennur 8% í Verkefnasjóð HSK, 20% til HSK og 72% til aðildarfélaga og sérráða.

***Skipting milli félaga og ráða:***

*A. 25% eftir fjölda mættra fulltrúa á HSK þingi.*

*B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgefnum iðkendatölum.*

*C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgefnum iðkendatölum.*

***Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:***

*a) Starfi félag og sérráð ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérráð skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. gr. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.*

*b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingtímans til að teljast hafa mætt á HSK þing.*

*c) Fjórir úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.*

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfulu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. frá erlendum leikjum á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is.



*Ólympíudagurinn var haldinn hátíðlegur í Þorlákshöfn í ár.*

# Ólympíudagurinn haldinn hátíðlegur í Þorlákshöfn

Á hverju ári er haldið upp á Alþjóða Ólympíudaginn þann 23. júní úti um allan heim í tilefni af því að Alþjóðaólympíunefndin (IOC) var stofnuð á þessum degi árið 1894. Íþrótta-og Ólympíusambandið fagnaði deginum í síðustu viku í samvinnu við Sveitarfélagið Ölfus og Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) og bauð unglingum úr Vinnuskólanum og börnum af leikjanámskeiðum að taka þátt í íþróttum og leikjum í Skrúðgarðinum í Þorlákshöfn.

Á Ólympíudeginum er kjörið að spreyta sig á ýmiss konar íþróttum og þrautum. Í Skrúðgarðinum voru settar upp fimm ólíkar stöðvar; ringó, krossbolti, veiðileikur, fötuleikur og æfing sirkusatriða sem Jörgen Nilsson, viðburða- og verkefnastjóri hjá Dalamacamp sá um að kenna. Um 50 unglingar Vinnuskólans mættu á svæðið, skipt var í hópa og fjörið hófst. Unglingarnir tóku virkan þátt og voru áhugasamir um að læra nýja færni og skemmtilega leiki. Í lokin voru grillaðar pylsur og sveitarfélagið bauð upp á ís.

Eftir hádegi mætti yngri kynslóðin í garðinn. Hópurinn taldi um 30 krakka á aldrinum 6-9 ára sem flest voru á leikjanámskeiðum í bænum. Krökkunum var skipt á fjórar ólíkar stöðvar sem flestar byggðust á leikjum en svo var ein sirkusstöð. Eftir að krakkarnir höfðu farið á allar stöðvar mætti Blossi, lukkudýr ÍSÍ á svæðið en hann vekur alltaf lukku. Yngstu krakkarnir fengu einnig grillaðar pylsur og ís í lokin.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss, kom í garðinn og heilsaði upp á krakkana og starfsfólk ÍSÍ og þau Guðríður Aadnegard formaður HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri komu einnig í heimsókn.

# Myndir úr starfinu



*Fulltrúar HSK á þingi ÍSÍ, auk Olgu Bjarnadóttur sem á sæti í stjórn ÍSÍ.*



*Hjónin Katrín Aðalbjörnsdóttir og Óskar Pálsson voru sæmd gullmerki ÍSÍ á héraðsþingi HSK. Það var Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ sem afhenti þeim merkin.*

Ýmsar upplýsingar:

# Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

**1. gr.**
Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

**2. gr.**
Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

**3. gr.**
Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

**4. gr.**
Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.
Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagaskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

**5. gr.**
Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

**6. gr.**
Aðildarfélögum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.
Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félögum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörun.
Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfellingu félaga samkvæmt þessari grein. Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

**7. gr.**
Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflega með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.
Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1–200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201 - 400 tvo fulltrúa, frá 401– 700 þrjá fulltrúa, 701–1000 fjóra fulltrúa o.s.frv. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

**8. gr.**
Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kýs fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnanda. Héraðsþing kýs þrjá menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kann að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

**9. gr.**
Heimilt er stjórninni að kalla saman aukaþing ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukaþing skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gilti á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukaþings skal boðað bréflega með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.
Á aukaþingi má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

**10. gr.**
Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélög sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

**11. gr.**
Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttagrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélögin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sérsamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.
Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. - 29. grein laga ÍSÍ.

**12. gr.**
Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mættum þingfulltrúum eru samþykkir því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

**13. gr.**
Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.
Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

**14. gr.**
Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiðast af viðkomandi félögum.

**15. gr.**
Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripi og aðra minjagripi sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

**16. gr.**
Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

**17. gr.**
Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

*(Síðast breytt á héraðsþingi 2017)*

# Aðildarfélögin og formenn félaga um áramót 2023

**Akstursíþróttafélög:**

| | | |
|---|---|---|
| Akstursíþróttafélag Hreppakappa | Sigurjón Snær Jónsson | Berghyl, Hrunamannahreppi |
| Torfæruklúbburinn | Sigurður Ingi Sigurðsson | Hamarskoti, Flóahreppi |

**Golfklúbbar:**

| | | |
|---|---|---|
| Golfklúbbur Ásatúns | Sigurjón Harðarson | Rjúpnasölum 14, Kópavogi |
| Golfklúbburinn Dalbúi | Gísli B. Ívarsson | Dyngjugötu 1, Garðabæ |
| Golfklúbburinn Flúðir | Árni Tómasson | Hraunbraut 20, Kópavogi |
Endurgreiðslur til íþrótta- og æskulýðsfélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna áttu að stuðla að því að íþrótta- og æskulýðsfélög gætu hafið óbreytta starfsemi að nýju eftir að þeim hafði verið gert að fella niður starfsemi. Markmiðið var þannig að sem minnstar raskanir yrðu á íþróttastarfi til lengri tíma. Stuðningurinn náði til íþróttafélaga og sambanda sem starfa innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands sem hófu starfsemi fyrir 1. október 2020 og þurftu að fella niður starfsemi tímabundið, að hluta eða öllu leyti, vegna opinberra sóttvarnaráðstafana á tímabilinu 1. október 2020 til og með 30. júní 2021. Alls sóttu 64 félög um endurgreiðslu hjá Vinnumálastofnun og nemur heildargreiðsla til þeirra 1.638 millj.kr. vegna vinnu tengdri barna- og afreksstarfi íþróttafélaga. Laun 1.254 launþega voru greidd og greitt var fyrir vinnu 1.342 verktaka. Úrræðið tryggði því tekjur alls 2.596 einstaklinga.

Þá fengu íþrótta- og æskulýðsfélög úthlutað 350 millj.kr. í fimmtu fjáraukalögum ársins 2020 og 100 millj.kr. í fjáraukalögum II ársins 2021 vegna tekjufalls og 500 millj.kr. runnu til félaganna í gegnum fjárfestingarátak stjórnvalda á árinu 2020. Þessu til viðbótar var í fjáraukalögum II ársins 2022 ákveðið að styrkja íþrótta- og æskulýðshreyfinguna um 450 millj.kr. vegna tekjufalls og kostnaðar vegna sóttvarnaaðgerða. Sérsambönd, héraðssambönd og íþróttabandalög, íþróttafélög með aðild að ÍSÍ og UMFÍ og deildir innan íþróttafélaga gátu sótt um stuðning. Alls sóttu 73 félög um styrk í þessari viðbótarúthlutun.

Útfærsla úthlutunar og framkvæmdar var unnin í samstarfi við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) sem var falið að óska eftir umsóknum um stuðning vegna fjárhagslegra afleiðinga kórónuveirunnar á einingar innan íþrótta- og æskulýðshreyfingarinnar.

Stuðningur ríkisvaldsins á tímum kórónuveirunnar var íþróttahreyfingunni afar mikilvægur og gerði það að verkum að hægt var að hefja kröftugt íþróttastarf á ný við afléttingu takmarkana.

# Lokaframlag til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjutaps af völdum heimsfaraldurs

Í byrjun árs 2023 úthlutaði Mennta- og barnamálaráðherra 450 milljónum króna til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjutaps af völdum heimsfaraldurs. Um var að ræða lokaúthlutun stjórnvalda með það að markmiði að viðhalda öflugu íþróttastarfi hér á landi. Úthlutunin byggði á tillögum vinnuhóps ÍSÍ út frá skilyrðum mennta- og barnamálaráðuneytis.

HSK sótti um styrk vegna Unglingalandsmóts á Selfossi, en sem kunnugt varð að hætta við að halda mótið í tvígang, árin 2020 og 2021.

Upplýsingar um úthlutunina má sjá á vef Stjórnarráðsins. HSK fékk í sinn hlut 12.108.213 kr.

Stjórn HSK og framkvæmdanefnd mótsins ákváðu í kjölfarið hvernig þessari greiðslu yrði ráðstafað og byggir á samþykkt héraðsþings árið 2022.

Á héraðsþingi HSK í fyrra var eftirfarandi tillaga samþykkt:

*100. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið í Þingborg 31. mars 2022, hvetur sjálfboðaliða til virkrar þátttöku við framkvæmd Unglingalandsmóts sem haldið verður á Selfossi 29. - 30. júlí 2022.*

*Þingið samþykkir að ráðstafa hugsanlegum hagnaði af framkvæmd Unglingalandsmótsins 2022 með eftirfarandi hætti:*

*5 % renni í Verkefnasjóð HSK*

*5 % renni til HSK*

*90 % renni til aðildarfélaga HSK í réttu hlutfalli við vinnuframlag félagsmanna við undirbúning og framkvæmd mótsins.*

Við útreikning á 90% greiðslu til félaga var miðað við að greiða fyrir allar vinnustundir sjálfboðaliða sem unnu að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins frá því að undirbúningur hófst. Greiðslan fyrir hverja unna sjálfboðaliðsstund var 2.064,17 kr. Þá var mismunur á greiðslu fyrir unnu sjálfboðaliðsstund, sem barst frá HSK árin 2021 og 2022, leiðréttur þannig að sama upphæð var greidd fyrir vinnustundir öll árin. Með greiðslunni í ár og því sem áður hefur borist fá félög sem áttu sjálfboðaliða sem tóku þátt í þessu verkefni kr. 3.677,35 á tímann.

| **Aðildarfélög, deildir og ráð** | **Greiðsla** |
|---|---|
| Glímuráð HSK | 51.604 |
| Golfkl. Hveragerðis | 23.738 |
| Golfkl. Selfoss | 246.291 |
| Hestamannaf. Jökull | 63.989 |
| Hestamannaf. Sleipnir | 342.466 |
| Íþróttaf. Dímon | 28.898 |
| Íþróttaf. Dímon, frjálsíþróttadeild | 48.508 |
| Íþróttaf. Garpur | 147.588 |
| Íþróttaf. Hamar, blakdeild | 476.226 |
| Íþróttaf. Hamar, knattspyrnudeild | 113.803 |
| Íþróttaf. Hamar, körfuknattleiksdeild | 544.305 |
| Íþróttaf. Hamar, sunddeild | 55.678 |
| Íþróttaf. Suðri | 137.702 |
| Knattsp.f Rangæinga | 145.451 |
| Körfuknattl.f. Selfoss | 787.705 |
| Umf. Biskupstungna | 8.257 |
| Umf. Gnúpverja | 4.128 |
| Umf. Hekla | 113.529 |
| Umf. Hrunamanna, frjálsíþróttadeild | 169.262 |
| Umf. Laugdæla | 132.410 |
| Umf. Selfoss | 1.290.852 |
| Umf. Selfoss, borðtennisdeild | 67.031 |
| Umf. Selfoss, fimleikadeild | 163.045 |
| Umf. Selfoss, frjálsíþróttadeild | 2.117.455 |
| Umf. Selfoss, handknattleiksdeild | 1.765.979 |
| Umf. Selfoss, knattspyrnudeild | 553.579 |
| Umf. Selfoss, mótocrossdeild | 108.099 |
| Umf. Selfoss, rafíþróttadeild | 181.920 |
| Umf. Selfoss, sunddeild | 189.879 |
| Umf. Selfoss, taekwondodeild | 160.844 |
| Umf. Skeiðamanna | 40.251 |
| Umf. Þjótandi | 341.350 |
| Umf. Þór, körfuknattleiksdeild | 4.128 |
| **Aðrir sem ekki eiga aðild að HSK** | |
| Ármann, frjálsíþróttadeild | 24.770 |
| Frjálsíþróttasamband Íslands | 90.823 |
| Pílufélag Selfoss | 28.898 |
| Sunddeild Breiðabliks | 12.385 |
| Sundfélag Hafnarfjarðar | 82.567 |
| Umf. Fjölnir, frjálsíþróttadeild | 31.995 |
| | |
| **Samtals** | **10.897.388** |

# Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 144 verkefni árið 2023, samtals að upphæð 20.571.712 kr. Af því fengu 21 verkefni á sambandssvæði HSK styrk samtals að upphæð 2.069.585 kr. Rétt til umsóknar úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virk í starfi og deildir innan þeirra. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Fyrir úthlutanir 2023 var lögð áhersla á:Útbreiðslu- og fræðsluverkefni. Horft var sérstaklega til verkefna sem stuðla að hreyfingu fyrir alla, sérstaklega ungt fólk. Styrki til að stunda rannsóknir á ýmsum þáttum íþróttastarfsemi í landinu. Verkefni sem eru unnin fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra, þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða, nýjungar og þróunarverkefni.  Að styrkja átaksverkefni til aukinnar þátttöku á Unglingalandsmóti UMFÍ 2023.

| **Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:** | | |
|---|---|---:|
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 1A | 66.500 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 2A | 9.500 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið 1B | 9.500 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Jákvæð samskipti | 57.500 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Foamflex akademía | 7.500 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Þjálfaranámskeið | 5.000 |
| Fimleikadeild Umf. Selfoss | Fyrirlestur/námskeið Julie Björnskov | 165.000 |
| Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss | Þjálfaramenntun | 61.585 |
| Golfkúbbur Kiðjabergs | PGA golfkennsla fyrir unga sem aldna | 100.000 |
| Íþróttafélagið Hamar | Stofnun tveggja deilda | 80.000 |
| Judofélag Suðurlands | Judo fyrir alla | 115.000 |
| Knattspyrnudeild Íþr.f. Hamars | Þjálfaranámskeið | 100.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | Unglinga- og héraðsdómaranámskeið | 62.500 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | KSÍ C Þjálfaranámskeið | 50.000 |
| Knattspyrnudeild Umf. Selfoss | UEFA A Þjálfaranámskeið | 100.000 |
| Knattspyrnufélag Rangæinga | Þjálfaranámskeið A, B og C markmannsþjálfaranám | 100.000 |
| Knattspyrnufélag Rangæinga | Dómaranámskeið | 50.000 |
| Körfuknattleiksfélag Selfoss | Vellíðan og virkni ungmenna í körfu | 280.000 |
| Ungmennafélag Selfoss | Fjölga tækifærum barna- og unglinga til íþróttaiðkunar | 300.000 |
| Ungmennafélag Selfoss | Efla þátttöku fjölbreytileikans í starfi UMFS | 300.000 |
| Ungmennafélag Selfoss | Varðveisla sögunnar | 50.000 |
| | **Samtals** | **2.069.585** |

# Umhverfissjóður UMFÍ

Umhverfissjóður UMFÍ, sem er Minningarsjóður um Pálma Gíslason fyrrverandi formann UMFÍ, úthlutaði 1.850.500 kr. til fimm verkefna á árinu 2023. Tvö verkefni á vegum Knattspyrnufélags Rangæinga hlutu styrk. Annars vegar að draga úr umferð milli æfingasvæða og í keppnisleiki 500.000 kr og hins vegar fegrun SS-vallarins á Hvolsvelli 250.000 kr.

# Ferðasjóður íþróttafélaga

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótta- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands á fyrirfram skilgreind styrkhæf mót. Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands var falin umsjón á útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum og úthlutar sambandið árlega styrkjum úr sjóðinum. Ferðasjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótta- og forvarnarstarf. Til úthlutunar vegna ársins 2023 voru 123,9 milljónir króna. Staðfest úthlutun til íþróttafélaga vegna ársins 2023 lá ekki fyrir þegar ársskýrsla þessi fór í prentun og því vantar þær tölur í töfluna hér fyrir neðan.

**Úthlutun til aðildarfélaga HSK fyrir keppnisferðir 2013–2022:**

| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | SAMTALS |
|---|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|
| Golfkl. Geysir | | | | | | 18.117 | | | | | **18.117** |
| Golfkl. Hveragerðis | 25.143 | 7.416 | 14.613 | | | | | | | 21.920 | **69.092** |
| Golfkl. Selfoss | | | | | | 22.835 | | | 19.140 | | **41.975** |
| Golfkl. Þverá | 7.894 | | | | | | | | | | **7.894** |
| Golfkl. Öndverðarnesi | | | | | | 17.205 | 6.388 | | | | **23.593** |
| Hestam.f. Ljúfur | | | | 7.259 | | | | | | | **7.259** |
| Íþr.f. Dímon | 35.685 | 14.169 | | | | 97.026 | 46.237 | | 66.155 | 45.360 | **304.632** |
| Íþr.f. Garpur | | | | | | 15.874 | | 24.383 | 18.110 | | **58.367** |
| Íþr.f. Gnýr | | 17.434 | | | 22.206 | | 20.280 | | | | **59.920** |
| Íþr.f. Hamar | 205.462 | 330.491 | | | 214.651 | 433.104 | 525.795 | 601.421 | 559.954 | 575.550 | **3.446.428** |
| Íþr.f. Milan | | 22.212 | | 22.819 | 63.057 | 38.163 | | | | | **146.251** |
| Íþr.f. Suðri | | 81.323 | | | 44.413 | | 48.165 | | | | **173.901** |
| Íþr.f. Uppsveita | | | | | | | | 22.973 | 58.699 | 53.783 | **135.455** |
| Knattsp. Árborg | | 25.404 | | 38.851 | 26.710 | 18.769 | | | | 48.073 | **157.807** |
| Knattsp. Rangæinga | 124.000 | 109.716 | 135.628 | | | 180.705 | 136.407 | 366.813 | 272.355 | 59.905 | **1.385.529** |
| Knattsp. Ægir | 95.118 | 228.547 | 382.843 | 347.346 | 271.713 | 206.462 | | 274.640 | 320.737 | 271.179 | **2.398.585** |
| Körfukn.fél. Selfoss | 92.133 | 151.187 | 161.040 | 86.942 | 93.748 | 371.273 | 285.921 | 91.892 | 259.894 | 176.633 | **1.770.663** |
| Umf. Gnúpverja | | | 25.849 | | 34.043 | 47.079 | | | | | **106.971** |
| Umf. Hekla | | 9.427 | | | | 14.441 | 23.929 | 13.300 | 13.687 | | **74.784** |
| Umf. Hrunamanna | 187.874 | 143.125 | 86.592 | 91.052 | 93.171 | 104.531 | 169.563 | 100.788 | 403.195 | 124.145 | **1.504.036** |
| Umf. Laugdæla | 110.553 | 65.123 | | | | | | | 26.484 | 19.125 | **221.285** |
| Umf. Samhygð | | | 2.465 | | | | | | | | **2.465** |
| Umf. Selfoss | 1.598.042 | 1.615.501 | 1.981.123 | 1.611.712 | 2.628.863 | 2.138.051 | 2.150.981 | 1.271.028 | 2.663.519 | 2.005.621 | **19.664.441** |
| Umf. Þjótandi | | | | | | 27.969 | | | | | **27.969** |
| Umf. Þór | 91.218 | 77.705 | 150.561 | 131.116 | 200.360 | 101.850 | 158.968 | 111.986 | 421.731 | 296.419 | **1.741.914** |
| **Samtals** | **2.573.122** | **2.898.780** | **2.940.714** | **2.337.097** | **3.692.935** | **3.853.454** | **3.572.634** | **2.879.224** | **5.103.660** | **3.697.713** | **33.549.333** |

# Úthlutun úr Íþróttasjóði 2023

Íþróttanefnd hefur úthlutað úr Íþróttasjóði tæpum 27,8 milljónum til 76 verkefna fyrir árið 2023. Alls bárust alls 165 umsóknir að upphæð rúmlega 290 milljónir króna um styrki úr Íþróttasjóði vegna ársins 2023. Sjö verkefni á sambandssvæði HSK hlutu styrk úr sjóðnum, samtals að upphæð kr. 2.200.000. Heildarúthlutun fyrir árið 2023 er 22.990.000 kr., sem skiptist sem hér segir; aðstaða 13.200.000, (42 verkefni), fræðsla og útbreiðsla 8.850.000 (30 verkefni) og rannsóknir 5.750.000 (4 verkefni). Lágmarksstyrkur til verkefna var 250 þúsund krónur.

**Styrkir til aðildarfélaga HSK:**

*Aðstaða*

| | | |
|---|---|---|
| Golfklúbbur Kiðjabergs | Endurnýjun véla og vélakaup | 300.000 |
| Ungmennafélagið Þjótandi | Nýjar glímudýnur | 300.000 |
| Taekwondodeild Umf. Selfoss | Nýtt skorkerfi | 300.000 |
| Íþróttafélagið Suðri | Tækjakaup og bæta æfingaaðstöðu | 400.000 |
| Íþróttafélagið Hamar | Kaup á búnaði | 300.000 |
| Ungmennafélagið Þór | Tækjakaup deildar | 300.000 |
| Ungmennafélag Laugdæla | Kaup á búnaði | 300.000 |

*Umsóknarfrestur til að sækja um styrk úr Íþróttasjóði er til 1. október ár hvert. Upplýsingar um sjóðinn og úthlutanir eru á heimasíðu Rannís.*

# Myndir úr starfinu



*Fulltrúar HSK á þingi UMFÍ á Geysi.*



*ML sveitin náði bestum árangri á sveitakeppni HSK í bridds.*



*Stuðboltastelpurnar unnu parakeppni 11-12 ára í kökuskreytingum á ULM.*



*Keppendur á héraðsmóti HSK í golfi fatlaðra 2023.*



*Blakonur úr Dímon/Heklu urðu í fyrsta og þriðja sæti á hraðmóti HSK í blaki 2023.*

# Nefndir skipaðar af stjórn:

## Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 17 starfsnefndir sambandsins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Gestur Einarsson, formaður, varastjórn HSK, Jón Þröstur Jóhannesson, stjórn HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Valgerður Auðunsdóttir, Umf. Skeiðamanna og Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss.

Á héraðsþingi 2023 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá fremst í ársskýrslunni og hér aftar í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2023.

Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson voru kjörin skoðunarmenn reikninga sambandsins.

## Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK

Frá árinu 2007 hefur sérstök valnefnd kosið íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK. Á héraðsþingi HSK árið 2018 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK og hefur nefndin síðan þá haft það hlutverk að velja íþróttakonu HSK og íþróttakarl HSK.

Fundur í valnefndinni var haldinn 19. febrúar 2024 í Selinu á Selfossi og eftirtaldir mættu: Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Anný Ingimarsdóttir, ritari HSK, Gestur Einarsson, varastjórn HSK, Þórir Haraldsson, Umf. Selfoss og Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason varastjórn HSK.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvísu.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

**Val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK 2023**

Tólf konur voru tilnefndar til kjörs á íþróttakonu HSK og 16 karlar voru tilnefndir í kjöri á íþróttakarli HSK.

Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri einróma niðurstöðu að sæmdarheitið íþróttakona HSK árið 2023 hlyti golfkonan Heiðrún Anna Hlynsdóttir úr Golfklúbbi Selfoss og sæmdarheitið íþróttakarl HSK árið 2023 hlyti kraftlyftingamaðurinn Sigurjón Ægir Ólafsson, Íþróttafélaginu Suðra.

## Unglingalandsmótsnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Helga Kolbeinsdóttir, Umf. Gnúpverja, formaður, Heiða Pálrún Leifsdóttir, Umf. Biskupstungna, Anný Ingimarsdóttir, Umf. Þjótanda og Marínó Fannar Garðarsson, Umf. Gnúpverja. Þá starfaði Guðrún Tryggvadóttir, sumarstarfsmaður HSK og fyrrverandi formaður nefndarinnar, að undirbúningi með nefndinni fyrir mót.



*110 keppendur frá HSK kepptu á Unglingalandsmótinu á Sauðárkróki í flestum þátttökugreinum, meðal annars í bogfimi.*



*Þessir kappar af HSK svæðinu létu sig ekki vanta á Unglingalandsmótið.*

Alls mættu 110 keppendur af sambandssvæði HSK til leiks á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina.

Allir keppendur HSK fengu að gjöf HSK treyju merkta sambandinu og Arionbanka, en bankinn hefur um árabil styrkt HSK um kaup á treyjum.

Á keppendatjaldsvæðinu tjölduðu keppendur HSK og fjölskyldur þeirra saman á svæði merktu sambandinu og þar var sett upp samkomutjald HSK, þar sem boðið var upp á kakó og kex á kvöldin. Það var Unglingalandsmótsnefnd HSK sem sá um undirbúning og framkvæmdina vegna þessa.

Keppendur HSK stóðu sig vel á mótinu og unnu til verðlauna í mörgum greinum og hér verður greint frá þeim sem unnu Unglingalandsmótsmeistaratitla.

Fjölmennum á ULM í Borgarnesi í sumar,

**Helga Kolbeinsdóttir**

**Unglingalandsmótsmeistarar HSK:**

**Biathlon**

Marteinn Maríus Marínósson varð Unglingalandsmótsmeistari í biathlon í flokki 15-16 ára drengja.

**Frisbígolf**

Keppendur HSK unnu þrjá flokka af fjórum í frisbígolfi. Anna Metta Óskarsdóttir vann í flokki 11-14 ára, Aron Leó Guðmundsson vann í flokki drengja 11-14 ára og Vésteinn Loftsson vann drengjaflokk 15-18 ára.

**Frjálsar**

Keppendur HSK unnu samtals 26 unglingalandsmótsmeistaratitla í frjálsíþróttum.

**12 ára**

Ásta Kristín Ólafsdóttir vann spjótkastið í 12 ára flokki.

**13 ára**

Anna Metta Óskarsdóttir tryggði sér titilinn í hástökki og Adda Sóley Sæland vann kringlukast og spjótkast. Þær voru báðar í sveitinni Skvísurnar sem sigraði í 4×100 m boðhlaupi.

**14 ára**

Bryndís Embla Einarsdóttir varð unglingalandsmótsmeistari í spjótkasti, kastaði 45,36 metra og bætti eigið HSK met um 18 sentimetra. Bryndís vann einnig 80 m grindahlaup og kúluvarp.

Helga Fjóla Erlendsdóttir sigraði í hástökki og langstökki. Bryndís Embla og Helga Fjóla voru síðan í sveitinni Hebb sem sigraði í 4×100 m boðhlaupi í flokki 15 ára.

**15 ára**

Vésteinn Loftsson vann langstökk, kringlukast og var í sigursveitinni í 4x100 m boðhlaupi.

Ívar Ylur Birkisson varð Unglingalandsmótsmeistari í 100 m hlaupi, 100 m grindahlaupi, 4x100 m boðhlaupi, hástökki, kúluvarpi og spjótkasti.

Helgi Reynisson og Friðrik Smárason voru í sigursveitinni í 4×100 m boðhlaupi. Hugrún Birna Hjaltadóttir kom fyrst í mark í 800 m hlaupi, vann langstökkið og var í sigursveitinni Hebb í 4×100 m boðhlaupi.

Arna Hrönn Grétarsdóttir vann hástökk og Sara Mist Sigurðardóttir sigraði í spjótkasti.

**16-17 ára**

Daníel Breki Elvarsson vann langstökk, hástökk og spjótkast og Ásta Dís Ingimarsdóttir vann 800 m hlaup.

**Grasblak**

Tveir strákar af sambandssvæðinu, þeir Óðinn Freyr Hallsson og Sölvi Berg Auðunsson, kepptu saman í liði sem þeir nefndu Gosarnir. Þeir unnu grasblakið í 11-12 ára flokki.

**Grashandbolti**

Gosarnir unnu einnig grashandbolta í flokki 11-12 ára. Í liðinu voru Óðinn Freyr Hallsson, Sölvi Berg Auðunsson, Gabríel Fannar Ólafsson og Þráinn Máni Gunnarsson.

**Körfuknattleikur**

Andrea Líf Gylfadóttir, Hildur Eva Bragadóttir, Sara Rún Auðunsdóttir og Þórey Mjöll Guðmundsdóttir skipuðu liðið Disney sem vann titilinn í körfu í flokki 11-12 ára.

**Kökuskreytingar**

Stuðboltastelpur frá Selfossi, þær Bergþóra Hauksdóttir og Stella Natalía Ársælsdóttir, unnu parakeppni 11-12 ára og Andrea Sjöfn Óskarsdóttir sigraði einstaklingskeppnina í 11-12 ára flokki.

Keppendur HSK unnu auk þess til verðlauna í júdó, upplestri, skák, stafsetningu og sundi. Úrslit í nokkrum greinum voru ekki birt inn á heimasíðu UMFÍ og því er ekki öruggt að allra sé getið sem unnu titla á mótinu.

# Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2023

Yfirlit um skipan nefnda sem kosnar voru á héraðsþingi HSK 2023 og stjórnir sérráða HSK sem kosnar voru á aðalfundum ráðanna.

**Almenningsíþróttanefnd**
Formaður: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna
Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss
Aðalsteinn Geirsson, Umf. Hvöt
Varamaður: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Umf. Selfoss

**Badmintonnefnd**
Formaður: Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Hrund Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri
Ólafur Dór Steindórsson, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon

**Blaknefnd**
Formaður: Haraldur Örn Björnsson, Íþróttafélaginu Hamri
María Rósa Einarsdóttir, Íþróttafélaginu Dímon
Freyja Þorkelsdóttir, Umf. Hrunamanna
Varamaður: Árni Benónýsson, Umf. Laugdæla

**Borðtennisnefnd**
Formaður: Reynir Björgvinsson, Íþróttafélaginu Dímon
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon
Bæring J. Guðmundsson, Íþróttafélaginu Garpi
Varamaður: Guðni Sighvatsson, Umf. Laugdæla

**Briddsnefnd**
Formaður: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss
Ómar Olgeirsson, Íþróttafélaginu Garpi
Kristján Hálfdanarson, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja

**Fimleikanefnd**
Formaður: Ingibjörg Garðarsdóttir, Umf. Selfoss
Heiðrún Ósk Sævarsdóttir, Umf. Selfoss
Kolbrún Marín Wolfram, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Ásdís Birta Auðunsdóttir, Umf. Þór

**Stjórn Frjálsíþróttaráðs**
Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda,
Eyrún María Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Dímon
Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss
Guðmundur Finnbogason, Umf. Selfoss
Tinna Björnsdóttir, Umf. Selfoss

**Stjórn Glímuráðs**
Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda
Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Umf. Laugdæla
Ritari/varaf.: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi
Varamenn: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda
Sigurður Þór Emilsson, Umf. Þjótanda

**Golfnefnd**
Formaður: Einar Lyng Hjaltason, Golfklúbbi Hveragerðis
Einar Tryggvason, Golfklúbbnum Geysi
Bjarni Jóhansson, Golfklúbbi Hellu
Varamaður: Hjördís Björnsdóttir, Golfklúbbnum Úthlíð

**Handknattleiksnefnd**
Formaður: Einar Sindri Ólafsson, ÍF Mílan
Hjörtur Leó Ólafsson, ÍF Mílan
Anton Ingi Arnarson, Umf. Selfoss
Varamaður: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Umf. Selfoss

**Hestaíþróttanefnd**
Formaður: Bragi Viðar Gunnarsson, Hestamannafélaginu Jökli
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Hestamannafélaginu Geysi
Halldóra S. Jónsdóttir, Hestamannafélaginu Sleipni
Varamaður: Ísleifur Jónasson, Hestamannafélaginu Geysi

**Íþróttanefnd eldri félagsmanna**
Formaður: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss
Markús Ívarsson, Umf. Þjótanda
Jón Smári Lárusson, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Ásberg Lárentzínusson, Umf. Þór

**Íþróttanefnd fatlaðra**
Formaður: Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra
María K. Jacobsen, Íþróttafélaginu Gný
Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný
Varamaður: Ófeigur Ágúst Leifsson, Íþróttafélaginu Suðra

**Knattspyrnunefnd**
Formaður: Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja
Sigurður Sigurðsson, Knattspyrnufélagi Árborgar
Gústaf Sæland Skúlason, Íþróttafélagi Uppsveita
Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarsson, Íþróttafélaginu Hamri

**Körfuknattleiksnefnd**
Formaður: Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna
Jóhanna M. Hjartardóttir, Umf. Þór
Aníta Ólöf Jónsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi
Varamaður: Bjarni Bjarnason, Umf. Laugdæla

**Skáknefnd**
Formaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss
Björgvin Helgason, Umf. Heklu
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Varamaður: Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Gnúpverja

**Starfsíþróttanefnd**
Formaður: Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Þjótanda
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Kolbrún Júlíusdóttir, Umf. Þjótanda
Varamaður: Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi

**Sundnefnd**
Formaður: Sigurbjörg Hafsteinsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri
Anna Guðrún Sigurðardóttir, Umf. Selfoss
Guðmundur Pálsson Umf. Selfoss
Varamaður: Charlotte Clausen, Íþróttafélaginu Hamri

**Sögu- og minjanefnd**
Formaður: Kjartan Lárusson, Umf. Laugdæla
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon
Aðalsteinn Sveinsson, Umf. Þjótanda
Varamaður: Gunnar Marmundsson, Íþróttafélaginu Dímon

# Yfirlit um störf nefnda og ráða HSK:

*Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framar í ársskýrslunni á bls. 12-13.*

## Almenningsíþróttanefnd

Hið árlega Bláskógaskokk HSK fór fram í ágætu veðri þann 18. júní 2023. Líkt og undanfarin ár var hægt að velja tvær vegalengdir og í boði voru fimm og tíu mílur.

Jón Trausti Sigurðarson kom fyrstur í mark í tíu mílna hlaupi karla á tímanum 69,44 mín. og Inga Lára Ingvarsdóttir vann kvennaflokkinn á tímanum 82,36 mín. Þau fengu í sérverðlaun gjafabréf frá Hótel Örk.

Sigursveinn Sigurðsson frá Frískum Flóamönnum kom fyrstur í mark í fimm mílna hlaupinu á 29;58 mín., sem er HSK met í karlaflokki og í flokki 40- 44 ára. Anna Metta Óskarsdóttir Umf. Selfoss vann í kvennaflokki á 44;27 mín. Tími hennar er HSK met í sex aldursflokkum frá 13–22 ára. Þau fengu einnig gjafabréf frá Hótel Örk í sérverðlaun.

Fleiri HSK met voru sett í hlaupinu, en Andri Már Óskarsson Umf. Selfoss bætti metin í fimm mílna hlaupinu í fjórum aldursflokkum frá 11–14 ára og þá bætti Jórunn Viðar Valgarðsdóttir úr Frískum Flóamönnum metið í tíu mílum í hennar aldursflokki.

HSK þakkar Hótel Örk og Fontana á Laugarvatni fyrir stuðninguinn við hlaupið. Þess má geta að nokkur fjöldi erlendra sjálfboðaliða buðust til að starfa við framkvæmd hlaupsins og stóðu sig vel og höfðu gaman af.

Heildarúrslit hlaupsins eru á www.timataka.net.



*Fjöldi erlendra sjálfboðaliða starfaði við framkvæmd Bláskógaskokksins í ár.*

## Blaknefnd

Blaknefnd HSK hélt héraðsmót fyrir karla, konur og unglinga á árinu og hraðmót fyrir karla og konur. Von okkar var að ná að halda einnig hraðmót unglinga en húsnæðiskortur, þá aðallega hjá Hamri sem missti Hamarshöllina hefur sett okkur aðeins skorður. Stefnum við á að halda hraðmót fyrir alla í október næsta haust.

Síðastliðið vor mættu í unglingaflokki lið frá Dímon, Garpi og Hamri og urðu Dímon HSK meistarar í bæði stúlkna- og drengjaflokki. Fjögur lið voru skráð í stúlknaflokki en fimm í drengjaflokki.

Hamar varð HSK meistari kvenna árið 2023 með 14 stig en Dímon/Hekla komu rétt á eftir með 12 stig og Hrunakonur enduðu í 3. sæti með 8 stig.

Hraðmót kvenna fór svo fram 10. október á Flúðum og urðu úrslit þannig:

1. sæti - Dímon - Hekla A - með 6 unna leiki
2. sæti - Hrunakonur - með 5 unna leiki
3. sæti - Dímon Hekla B - með 4 unna leiki
4. sæti - Laugdælir A
5. sæti - Hamar
6. sæti - Laugdælir B
7. sæti - Hvöt

Mikil gróska er í kvennastarfinu en það eru átta lið sem taka þátt í Héraðsmóti HSK veturinn 2023 til 2024 en Hvöt bættist við þau félög sem taka þátt.

Karlamegin eru þrjú lið sem tóku þátt í HSK mótum síðasta vetrar og eru sömu lið þennan veturinn. Hamar urðu meistarar árið 2023 með 10 unnar hrinur, Hrunamenn í 2 sæti með 7 unnar hrinur og Laugdælir með eina. Þennan veturinn byrjuðu karlarnir að vanda á hraðmóti þar sem úrslit urðu þannig:

1. sæti Hamar 4-0
2. sæti UMFH 2-3
3. sæti UMFL 1-4

Sömu lið takast á í Héraðsmóti HSK veturinn 2023 til 2024 en eftir fyrri umferð er allt í járnum þar sem Hrunamenn hafa unnið 2 hrinur, Laugdælir 3 og Hamar 4.

**Fyrir hönd Blaknefndar HSK,**
**Haraldur Örn Björnsson, formaður**



*Sigurlið Hamars á héraðsmóti HSK í blaki karla 2023.*

## Borðtennisnefnd

HSK-mótið í borðtennis fór fram sunnudaginn 16. apríl 2023 í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli. Alls tóku 95 keppendur frá sjö félögum þátt. Keppendur stóðu sig vel og gekk mótið vel fyrir sig.

Keppt var um HSK meistaratitil í 12 flokkum. Keppendur Garps unnu fimm titla, Dímon vann fjóra titla, Selfoss tvo og Gnúpverjar einn.

Stigakeppni félaga:

| | |
|---|---|
| 1. Íþr.f. Dímon | 128 |
| 2. Íþr.f. Garpur | 81,25 |
| 3. Umf. Selfoss | 17 |
| 4. Umf. Gnúpverja | 6 |
| 5. Umf. Hekla | 5 |
| 6. Umf. Skeiðamanna | 2,25 |
| 7. Umf. Eyfellingur | 1,5 |

## Briddsnefnd

### HSK tvímenningurinn

HSK tvímenningurinn í bridds fór fram í Þingborg fimmtudaginn 5. janúar sl. og tóku 18 pör þátt í mótinu.

Spiluð voru 44 spil og eftir spennandi og skemmtilega keppni stóðu uppi sem sigurvegarar þeir Guðmundur Þ. Gunnarsson og Höskuldur Gunnarsson með 369 stig, Kristján Már Gunnarsson og Gunnlaugur Sævarsson urðu í öðru sæti með 354 stig. Jóhann Frímannsson og Garðar Garðarsson tóku bronsið með 328 stig, eftir hörku keppni við Þórð Sigurðsson og Gísla Þórarinsson.

Heildarúrslit mótsins má sjá á www.hsk.is

### HSK mótið í sveitakeppni

HSK mótið í sveitakeppni í bridds var haldið í Fjölbrautaskóla Suðurlands laugardaginn 11. nóvember 2023 og mættu níu sveitir til leiks.

Það var ML sveitin sem náði bestum árangri á mótinu og fékk bikar að launum. Í sveitinni voru Guðmundur B Þorkelsson, Pétur Skarphéðinsson, Baldur Kristjánsson og Bjarni Ragnar Brynjólfsson. Í öðru sæti var sveit sem kallaði sig Hótel Anna. Í henni voru Garðar Garðarsson, Jóhann Frímansson, Matthías Imsland og Ómar Olgeirsson. Það var svo sveit TM sem náði þriðja besta skorinu og þar sátu við spilaborðin þeir Kristján Már Gunnarsson, Höskuldur Gunnarsson, Þröstur Árnason og Björn Snorrason.

Heildarúrslit má sjá á www.bridge.is.

## Frjálsíþróttaráð

Stjórn Frjálsíþróttaráðs HSK skipa: Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir Umf. Þjótanda. Meðstjórnendur: Eyrún María Guðmundsdóttir Íþrf. Dímon, Guðmundur Finnbogason, Umf. Selfoss, Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss og Tinna Ósk Björnsdóttir Umf. Selfoss. Aðalfundur ráðsins var haldinn 27. apríl 2023. Stjórn ráðsins hélst óbreytt frá síðasta ári.

Haldið var áfram að keppa undir merkjum HSK/Selfoss á meistaramótum og sigruðu öll meistaramót í barna- og unglingaflokkum á þessu ári auk beggja bikarkeppna 15 ára og yngri og er það gríðarlega góður árangur.

Hér eru úrslit HSK/Selfoss á meistaramótum og bikarkeppnum á árinu:

**MÍ 11-14 ára innanhúss**
1. sæti 6 Íslandsmeistaratitlar
**MÍ unglinga innanhúss**
1. sæti 21Íslandsmeistaratitlar
**MÍ aðalhluti innanhúss**
4. sæti 2 Íslandsmeistaratitlar
**Bikarkeppni innanhúss**
6. sæti 0 Bikarmeistaratitlar
**Bikarkeppni 15 ára og yngri innanhúss**
1. sæti 7 Bikarmeistaratitlar
**MÍ 11-14 ára utanhúss**
1. sæti 10 Íslandsmeistaratitlar
**MÍ unglinga utanhúss**
1. sæti 26 Íslandsmeistaratitlar
**MÍ aðalhluti utanhúss**
7. sæti 0 Íslandsmeistaratitlar
**Bikarkeppni fullorðinna utanhúss**
5. sæti 1 Bikarmeistaratitill
**Bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss**
1. sæti 11 bikarmeistaratitlar

HSK á 12 ungmenni í Úrvalshópi FRÍ og er það mikil fjölgun frá síðasta ári þar sem við áttum sjö fulltrúa. Fulltrúar HSK í hópnum eru: Álfrún Diljá Kristínardóttir Umf. Selfoss í sleggjukasti, Bryndís Embla Einarsdóttir Umf. Selfoss í spjótkasti og kúluvarpi, Dagmar Sif Morthens Umf. Selfoss í spjótkasti, Daníel Breki Elvarsson Umf. Selfoss í spjótkasti, Eydís Arna Birgisdóttir Umf. Selfoss í 400m grindahlaupi, Helga Fjóla Erlendsdóttir íþrf. Garpi í 80m grindahlaupi og hástökki, Hjálmar Vilhelm Rúnarsson Umf. Selfoss í spjótkasti, 300m grind, kúluvarpi og hástökki, Hugrún Birna Hjaltadóttir Umf. Selfoss í 300m hlaupi, Ísold Assa Guðmundsdóttir Umf. Selfoss í hástökki og kúluvarpi, Ívar Ylur Birkisson Íþrf. Dímon í 100m grindahlaupi, 300m grindahlaupi og hástökki, Vésteinn Loftsson Umf. Selfoss í kringlukasti og Þorvaldur Gauti Hafsteinsson Umf. Selfoss í 800m hlaupi.

Frjálsíþróttamaður HSK 2023 var valinn af frjálsíþróttaráði Örn Davíðsson. Örn keppti fyrir landslið Íslands á Smáþjóðaleikunum á Möltu þar sem hann sigraði spjótkastkeppnina með sínu lengsta kasti á árinu 71,69 m sem jafnframt er nýtt HSK met í karlaflokki. Örn varð svo í öðru sæti í spjótkasti á Meistaramóti Íslands auk þess sem hann varð bikarmeistari fullorðinna í sleggjukasti.

Hástökkvarinn Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss er frjálsíþróttakona HSK 2023. Eva María var í landsliði íslands á Evrópukeppni landsliða þar sem hún varð í 12. sæti með 1,73m. Eva stundar nám við University of Pittsburg í Pennsylvania í Bandaríkjunum þar sem hún átti gott tímabil með sínu liði. Besta árangrinum náði hún á svæðismeistaramótinu innanhúss í USA þar sem hún varð í fjórða sæti þegar hún stökk 1,77m. Á háskólamóti í janúar stökk hún 1,75m. Hún varð Íslandsmeistari 20-22 ára í sumar þegar hún stökk 1,71m og hún stökk þá hæð einnig á svæðismeistaramótinu utanhúss og varð þar í 12.-13. sæti.

Keppendur HSK í öldungaflokkum gerðu það gott á árinu og mættu þeir bæði til leiks á MÍ masters og svo Norðurlandamót öldunga innanhúss sem fór fram hér á landi. Þar áttum við átta keppendur sem hömpuðu rúmlega tíu Norðurlandameistaramótstitlum þegar upp var staðið.




*Lið HSK varð bikarmeistari innanhúss í frjálsum 15 ára og yngri.*




*Frjálsíþróttaráð fékk verðlaun frá FRÍ fyrir viðburð ársins. Guðmunda formaður ráðsins tók við verðlaununum f.h. ráðsins.*

Líkt og undanfarin ár voru metaskrár HSK í frjálsíþróttum uppfærðar í öllum flokkum frá 11 ára aldri, bæði innan- og utanhúss. 157 HSK met voru sett á síðasta ári, sem er svipaður fjöldi og árið áður, en 160 met voru sett árið 2022. Keppendur 11–22 ára settu 89 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu fimm met og keppendur í öldungaflokkum settu 63 met. 11 þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki. Anna Metta Óskarsdóttir Umf. Selfoss, keppandi í 13 ára flokki, setti flest HSK met á árinu, en hún setti samtals 25 HSK met í sjö aldursflokkum. Bryndís Embla Einarsdóttir Umf. Selfoss, keppandi í 14 ára flokki, kom næst með 18 met í fimm aldursflokkum. Athygli vakti að Andri Már Óskarsson, keppandi úr Umf. Selfoss og bróðir Önnu Mettu náði að setja samtals 16 HSK met í fimm aldursflokkum frá 11-15 ára, en hann varð 10 ára í september sl. Þess má geta að ekki eru skráð HSK met í greinum fyrr en við 11 ára aldur. Í yngri aldursflokkum kom svo næst Helga Fjóla Erlendsdóttir Garpi, keppandi í 14 ára flokki, en hún setti sjö HSK met í þremur aldursflokkum.

Örn Davíðsson setti flest HSK met í fullorðinsflokki, en hann setti þrjú met í karlaflokki.

Bryndís Eva Óskarsdóttir úr Þjótanda og keppandi í flokki 35-39 ára og Ólafur Guðmundsson sem keppt i í 50-54 ára flokki settu bæði 11 HSK met í öldungaflokkum árið 2023. Ágústa Tryggvadóttir Selfossi kom næst með níu HSK met í sínum aldursflokki og tvö þeirra voru einnig landsmet. Þuríður Ingvarsdóttir Selfossi setti sjö HSK met í 50-54 ára flokki, en hún setti flest landsmet HSK félaga á árinu, eða fjögur talsins.

Frjálsíþróttaráð stóð fyrir skemmtikvöldi fyrir 11-14 ára í nóvember. Hópur iðkenda af öllu sambandssvæðinu hittist á Borg í Grímsnesi seinnipartinn á fimmtudegi. Dagskráin hófst með leikjum sem var stjórnað af tveimur iðkendum úr meistaraflokki, síðan var sundlaugapartí og endað á pizzaveislu. Kvöldið var mjög vel heppnað og skemmtilegt fyrir krakkana að hittast og gera eitthvað saman til að efla andann utan vallar. Grímsnes- og Grafningshreppur fær sérstakar þakkir fyrir að lána ráðinu aðstöðuna á Borg.

Stærsta hlutverk Frjálsíþróttaráðs er mótahald og stóð ráðið fyrir 11 mótum á árinu. HSK var úthlutað framkvæmd MÍ 11-14 ára sem fór fram dagana 23.-25. júní á Selfossvelli. Skipuð var framkvæmdanefnd fyrir mótið og í henni sátu: Guðmunda Ólafsdóttir, Guðrún Ása Kristleifsdóttir, Hjalti Jón Kjartansson og Þuríður Ingvarsdóttir. Auk þess var Ólafur Guðmundsson fenginn í hlutverk starfsmannastjóra. Strax í upphafi var lagt upp með að bjóða upp á heildstæða upplifun á mótinu og gefa keppendum kost á að kaupa heildarpakka með gistingu, mat og afþreyingu milli keppnisdaga. Þessu fyrirkomulagi var mjög vel tekið og þótti bingóið og sundlaugapartíið sem boðið var uppá heppnast afskaplega vel. Mótið sjálft gekk mjög vel fyrir sig og samspil íþróttavallarins og Selfosshallarinnar sannaði sig enn og aftur. Mikið rigndi á föstudeginum og eftir hádegi á sunnudeginum svo það var kærkomið fyrir keppendur að geta leitað sér skjóls inni í höllinni og hitað þar upp auk þess sem þar var góð starfsmannaaðstaða og nafnakall. Mótið tókst svo vel að eftir var tekið og á lokahófi FRÍ í nóvember fékk Frjálsíþróttaráð HSK viðurkenninguna,Viðburður ársins, fyrir mótið.

Hér verður farið yfir öll mót sem haldin voru á vegum Frjálsíþróttaráðs HSK árið 2023.

**Mót á vegum HSK 2023**

**Aldursflokkamót HSK**

Aldursflokkamótið var haldið í Selfosshöllinni sunnudaginn 8. janúar. Mótið hófst á keppni 11-12 ára keppenda kl 10:00 og þegar þeir höfðu lokið keppni tóku 13-14 ára keppendurnir við. Í fyrsta sinn voru afhent heildarstigaverðlaun fyrir hvern aldursflokk fyrir sig og lukkaðist það mjög vel. Á mótinu kepptu 50 keppendur frá sex félögum. Stigakeppnin fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 265 stigum, íþrf.




*Keppendur HSK/Selfoss stóðu sig frábærlega á MÍ 11-14 ára utanhúss, en mótið var haldið á Selfossi.*

Dímon varð í öðru sæti með 188 stig og Umf. Þjótandi var í þriðja sæti með 98 stig.

**Unglingamót HSK**
Unglingamót HSK fór fram í Selfosshöllinni sunnudaginn 5. mars. Keppendur voru 32 frá fjórum félögum og gekk vel. Lítið var af keppendum í flokkum 20-22 ára eins og oft vill verða og gaman væri að ná að halda krökkunum við æfingar og keppni fram á þennan aldur. Umf. Selfoss sigraði stigakeppni mótsins með 343 stig, í öðru sæti var íþrf. Dímon með 32 stig og í þriðja sæti var Umf. Hekla með 30 stig.

**Héraðsmót HSK**
Mótið fór fram í Selfosshöllinni 12. mars. Mættir voru til leiks 36 keppendur frá sex félögum. Mótið var haldið fyrripart sunnudags. Eldri iðkendur sem mæta á æfingar í fullorðinsfrjálsum hjá Umf. Selfoss settu svip sinn á mótið og ekki annað að sjá en að yngri iðkendur hafi gaman af því að spreyta sig með þeim eldri. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 160 stigum, í öðru sæti var Íþróttafélagið Dímon með 23,5 stig og í þriðja sæti var Umf. Þjótandi með 20,5 stig.

**Héraðsleikar innanhúss**
Héraðsleikarnir voru haldnir 26. mars í Selfosshöllinni og mættu 87 keppendur til leiks á mótið. Keppt var í hefðbundnum keppnisgreinum og tímaseðillinn leikinn af fingrum fram eftir því sem keppninni vatt fram til þess að lágmarka biðtíma keppenda. Dagurinn gekk mjög vel og allir keppendur fengu viðurkenningu í mótslok.

**Vormót HSK**
Vormót HSK var haldið 17. maí á Selfossvelli. 117 keppendur voru skráðir til leiks sem er mikil fjölgun frá árinu áður þar sem þátttaka var óvenju dræm. Í gegnum árin hafa verið að mæta um 90 keppendur svo þetta er fjölmennasta vormótið hingað til. Mótið var fyrsta skráða Global Calendar mót sem við höldum en samkvæmt nýrri reglugerð verður að skrá mót sem Global Calendar mót hjá Alþjóða frjálsíþróttasambandinu ef árangur á að gilda til lágmarka á stórmótum. Gerðar eru meiri kröfur á þessi mót heldur en almenn mót og þarf t.d. að vera yfirdómari frá FRÍ á mótinu. Vandað var til umgjörðar mótsins og til að laða að fleiri keppendur var farið í samstarf við verslunina Fætur toga. Verslunin lofaði þeim keppanda sem myndi setja Íslandsmet í flokki fullorðinna 100.000 kr úttekt í versluninni auk þess sem verslunin gaf öllum verðlaunahöfum gjafapoka. Við þökkum Fjólu í Fætur toga kærlega fyrir þennan stuðning. Því miður náði enginn að bæta Íslandsmet á mótinu en margir bættu sinn persónulega árangur, enda var vindur oftast til friðs og aðstæður alveg ágætar á vellinum. Sú nýbreitni var á mótinu að Jónshlaupið sem alltaf hefur verið hlaupið á Héraðsmóti HSK var fært yfir á Vormótið til að reyna að fjölga þátttakendum. Enginn keppandi hafði verið skráður árið áður en nú voru sex karlar sem þreyttu hlaupið svo tilfærslan bar árangur.

**Aldursflokkamót HSK 11-14 ára utanhúss**
Aldursflokkamót 11-14 ára í frjálsum íþróttum fór fram dagana 13.-14. júní á Selfossvelli. Um 40 keppendur voru skráðir til leiks og er það annað árið í röð sem keppendur eru svona fáir. Má helst rekja það til þess að frjálsíþróttaæfingar fara fram á færri stöðum á sambandssvæðinu nú en áður. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 409 stigum, í öðru sæti var Íþrf. Dímon með 166 stig og í þriðja sæti Umf. Þjótandi með 154 stig.

**Héraðsleikar HSK utanhúss**
Héraðsleikar 10 ára og yngri í frjálsum íþróttum fóru fram 13. júní á frjálsíþróttavellinum á Selfossi, samhliða aldursflokkamótinu. Keppendur á Héraðsleikunum voru 60 talsins og er það ágætis fjöldi miðað við síðustu ár. Mótið gekk vel og allir þátttakendur fengu verðlaun fyrir þátttökuna.

**Unglingamót HSK utanhúss**
Unglingamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossvelli 4.-5. júlí. Prófað var að fjölga keppnisgreinum og halda það á tveimur kvöldum. Á mótinu voru 40 keppendur og þar af 16 gestakeppendur sem settu svip sinn á mótið. Ef ekki hefði verið fyrir þá þá hefði keppendafjöldinn verið frekar dapurlegur. Illa gekk að manna mótið með starfsfólki og þarf greinilega að bæta í og standa betur að undirbúningi ef Unglingamótið á að heppnast vel. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 454 stig, Umf. Þjótandi varð í öðru sæti með 41 stig og Umf. Hekla með 24 stig.

**Héraðsmót HSK utanhúss**
Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram dagana 16.-17. ágúst. Á mótið voru skráðir rúmlega 50 keppendur frá sex félögum. Héraðsmótið er stigakeppni milli félaga og Umf. Selfoss sigraði mótið með 303 stigum. Í öðru sæti var íþrf. Dímon með 53 stig og í þriðja sæti var íþf. Garpur með 47,5 stig. Stigahæsti karl mótsins var Daníel Breki Elvarsson Umf. Selfoss og stigahæsta konan var Helga Fjóla Erlendsdóttir íþrf. Garpi.

**Héraðsmót fatlaðra**
Þrír keppendur voru skráðir á Héraðsmót fatlaðra en þar af voru tveir gestir. Mótið fór fram samhliða Héraðsmóti HSK 17.-18. ágúst.

Að endingu vil ég færa öllum sjálfboðaliðum þakkir fyrir gott starf á árinu. Við í HSK státum af reynslumiklum og stórum hópi fólks sem er tilbúinn til að koma og starfa á frjálsíþróttamótum og fyrir það er ég gríðarlega þakklát. Án þeirra væri ekkert starf. Ég vil einnig þakka starfsfólkinu á Selfossvelli fyrir afskaplega gott samstarf og fyrir það að gera frjálsíþróttavöllinn glæsilegan í aðdraganda móta. Að endingu vil ég þakka öllum þeim styrktaraðilum sem lögðu hönd á plóginn á árinu og þá sérstaklega í aðdraganda MÍ 11-14 ára.

**Guðmunda Ólafsdóttir, formaður**

## Glímuráð HSK

Aðalfundur ráðsins var haldinn í Selinu 12. desember. Á fundinum kom fram að fjárhagur ráðsins stendur vel og var hugur í fundarmönnum að efla glímustarfið á svæðinu sem hefur verið í lægð undanfarin misseri. Í stjórn voru kosin eftirfarandi: Stefán Geirsson Umf. Þjótanda formaður, Guðni Sighvatsson Umf. Laugdæla gjaldkeri og Jana Lind Ellertsdóttir Íþf. Garpi ritari/varaformaður. Varamenn voru kosnir Sigurður Þór Emilsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson báðir úr Umf. Þjótanda.

Engin mót voru haldin á vegum Glímuráðsins árið 2023 og voru fáir keppendur frá HSK á mótum Glímusambandsins. Helstu úrslit má finna hér að neðan. Þeir Óskar Freyr Sigurðsson og Björgvin Guðni Sigurðsson úr Umf. Þjótanda fóru ásamt hópi ungmenna á vegum GLÍ í keppnisferð í backhold til Englands og Skotlands í lok ágúst. Þar var tekið þátt í mörgum mótum sem haldin eru oftast í tengslum við landbúnaðarsýningar og sveitahátíðir í landamærahéruðum Englands og Skotlands. Óskar Freyr náði góðum úrslitum á flestum mótanna og sigraði til að mynda sinn flokk á mótunum í Ennerdale og Keswick. Þess má líka geta að Jana Lind Ellertsdóttir starfar sem framkvæmdastjóri Glímusambandsins um þessar mundir.

**Árangur HSK fólks á mótum GLÍ**
**Íslandsmót**
Haldið á Hvammstanga 25. nóvember 2023.

**-84 kg karla**
1. Gústaf Sæland

**+84 kg karla**
4. Gústaf Sæland

**Opinn flokkur karla**
4. Gústaf Sæland

**Lokaorð**
Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi Glímuráðs HSK árið 2023. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ og HSK sem og í árbók Glímusambandsins sem er einnig aðgengileg á heimasíðu Glímusambandsins.

Fyrir hönd Glímuráðs HSK vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

**Stefán Geirsson, formaður**

## Íþróttanefnd eldri félagsmanna

**Þátttaka HSK á 11. Landsmóti UMFÍ 50+ í Stykkishólmi**

Um 350 keppendur tóku þátt í Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið var í Stykkishólmi 23.-25. júní 2023.

Rúmlega 30 keppendur af sambandssvæði HSK tóku þátt í mótinu. Vinsælustu greinarnar hjá sunnlendingum voru bridds, golf, ringó og frjálsar. Við áttum einnig fulltrúa í fleiri greinum, s.s. sundi, pútti og stígvélakasti.

Keppendur HSK unnu nokkra landsmótsmeistartitla á mótinu. Tvö ringólið frá HSK tóku þátt og unnu gull og brons. Í sigurliðinu voru Rangæingarnir Ólafur Elí Magnússon, María Rósa Einarsdóttir, Erlendur Árnason og Sigríkur Jónasson.

Í sundi vann Tómas Jónsson á Selfossi tvo titla í flokki 90 ára og eldri, en hann synti 100 m bringusund á 2;39,34 mín. og 50 m bringusund á 1;12,57 mín. Ótrúlegur árangur hjá Tómasi sem varð 90 ára á árinu. Frændurnir úr Flóanum, þeir Jón M. Ívarsson og Sigmundur Stefánsson unnu báðir titla í frjálsum á mótinu. Jón varð landsmótsmeistari í lóðkasti og kringlukasti í flokki 70-74 ára og Sigmundur vann lóðkast í 75-79 ára flokki. Keppendur úr aðildarfélögum HSK unnu tvo titla í golfi. María Ragna Lúðvíksdóttir úr Golfklúbbi Selfoss vann 50-64 ára flokk kvenna og Jóhannes Elíasson úr Golfklúbbi Ásatúns vann 50-64 ára flokk karla.

Auk ofantalinna titla unnu HSK keppendur silfur- og bronsverðlaun í frjálsum, ringói, pútti og stígvélakasti. Þess má geta að úrslit úr nokkrum greinum hafa ekki verið birt á heimasíðu mótsins og því gætu bæst við fleiri í þessa upptalningu. Úrslit greina má sjá á www.umfi.is.

## Íþróttanefnd fatlaðra

**Héraðsmót í golfi fatlaðra**

Héraðsmót HSK í golfi fatlaðra var haldið á Svarfhólsvelli, Selfossi 13. september. Mótið gekk vel og þegar því var lokið var haldið á Búlluna þar sem keppendur og aðstandendur nutu góðra veitinga. Þeir sem kepptu á héraðsmótinu höfðu æft golf í sumar hjá Íþróttafélaginu Suðra. Þjálfari þeirra var Alexandra Eir Grétarsdóttir og stjórnaði hún mótinu.

**Úrslit mótsins voru eftirfarandi:**

| | | |
|---|---|---|
| **Konur:** | 1. sæti | María Sigurjónsdóttir |
| | 2. sæti | Telma Pöll Þorbjörnsdóttir |
| | 3. sæti | Sigríður Erna Kristinsdóttir |
| **Karlar:** | 1. sæti | Eðvald Huginn Hólmarsson og Árni Bárðarson |
| | 3.sæti | Bjarni Friðrik Ófeigsson |

**Héraðsmót fatlaðra í frjálsum íþróttum**

Mótið er skipulagt af frjálsíþróttaráði HSK og þar tók einn keppandi þátt í innanhússmóti í mars og utanhúss í ágúst. Það var María Sigurjónsdóttir sem keppti innanhúss í kúluvarpi og utanhúss í kúluvarpi, sleggjukasti og kringlukasti.

Íþróttanefnd fatlaðra hvetur fólk (börn, unglinga, fullorðna) með fötlun til að taka þátt í íþróttum. Rannsóknir hafa sýnt að þær efla líkamlega getu, félagsþroska og jákvæða sjálfsmynd. Fólk með fötlun stundar fjölbreyttar íþróttir hér á landi, bæði með almennum íþróttafélögum og íþróttafélögum fatlaðra. Íþróttasamband fatlaðra if@ifsport.is (s. 5144080) veitir allar upplýsingar um það sem í boði er og aðstoðar einnig við að koma að nýjungum sem fólk hefur áhuga á. Til dæmis eru nokkur félög byrjuð með æfingar í Unified sport þar sem fatlaðir og ófatlaðir æfa og keppa saman i ýmsum íþróttagreinum. Tvö íþróttafélög fatlaðra eru á Suðurlandi, Gnýr á Sólheimum og Suðri sem hefur aðsetur á Selfossi en iðkendur koma víða að.

**Þorbjörg Vilhjálmsdóttir**




*Tvö ringólið frá HSK tóku þátt á Landsmóti 50+ og unnu gull og brons.*

## Skáknefnd

**Sveitakeppni HSK í skák**

Mánudagskvöldið 4. desember 2023 fór fram Héraðsmót HSK í skák í Selinu á Selfossi. Um sveitakeppni er að ræða þar sem liðin eru skipuð fjórum skákmönnum. Um mikið skemmtilegt mót var að ræða þar sem fimm sveitir mættu til leiks.

Úrslit urðu eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| 1.Umf Þór | 12 ½ vinningar |
| 2. Íþr.f. Dímon | 10 vinningar |
| 3. Umf Selfoss | 8 vinningar |
| 4. Umf Gnúpverja | 7 vinningar |
| 5. Umf Þjótandi | 2 ½ vinningar |

Sveit Umf. Þórs skipuðu þeir Sverrir Unnarsson, Ingvar Örn Birgisson, Erlingur Jensson og Magnús Garðarsson.

## Starfsíþróttanefnd

Starfsíþróttanefndin stóð fyrir Héraðsmóti á Hellu laugardaginn 19. ágúst. Mótið var hluti af dagskrá Töðugjalda sem fóru fram í Rangárþingi ytra.

Keppt var í kökuskreytingum fyrir 16 ára og yngri, stafsetningu í tveimur aldursflokkum og fuglagreiningu. Þátttakan var mjög góð. Í fuglagreiningu og kökuskreytingum mátti keppa saman í liðum og kom það mjög vel út. Skráning fór fram á staðnum nema í kökuskreytingunum þar sem útvega þarf hráefni með góðum fyrirvara.

Eftir jafna keppni í mörgum greinum urðu sigurvegarar dagsins þessir:

| | |
|---|---|
| Kökuskreytingar: | Hafdís Laufey Ómarsdóttir |
| Fuglagreining: | Eiríkur Vilhelm Sigurðarson og Vilhelm Bjartur Eiríksson |
| Stafsetning eldri: | Svanborg Jónsdóttir |
| Stafsetning yngri: | Sæmundur Jónsson |

Starfsíþróttanefnd þakkar skipuleggjendum Töðugjalda fyrir að hýsa keppnina og einnig þökkum við Önnu Ólafsdóttur sem aðstoðaði okkur með stafsetningarkeppnina.

**Fanney Ólafsdóttir**

## Sundnefnd

Á síðastliðnu ári var sundstarfið með hefðbundnu sniði og náðist að halda þrjú mót á árinu. Á svæði HSK var sund iðkað hjá þremur félögum, en það er Ungmennafélag Selfoss sem er langstærsta deildin, en einnig er sunddeild hjá Íþróttafélaginu Hamri í Hveragerði og Íþróttafélaginu Dímon á Hvolsvelli.

Fyrsta mót ársins var Aldursflokkamót HSK á Hvolsvelli sem haldið var 26. apríl.

Umf. Selfoss fékk 179 stig, Íþróttafélagið Hamar fékk 49 stig og Íþróttafélagið Dímon var með 37 stig. Stigahæsta sundið samkvæmt stigatöflu FINA synti Lára Hlín Kjartansdóttir UMF Selfoss en það var 100m skriðsund á 1:25,03 mín. sem gaf 206 stig.

Héraðsmót HSK var haldið í sundlauginni Laugaskarði í Hveragerði þann 25. maí.

Stigahæstu sundmenn mótsins voru Arnór Karlsson, UMF Selfoss, Hafrún Kemp Helgadóttir Íþróttafélaginu Hamri og Karítas Líf Róbertsdóttir UMF Selfoss. Þau voru öll með þrjá sigra sem gáfu þeim 21 stig. Stigahæsta félagið var UMF Selfoss með 74 stig, Hamar fékk 21 stig og Suðri 16 stig.

Þann 10. desember var svo Unglingamót HSK haldið á Selfossi. Þar synti UMF Selfoss eitt félaga til stiga og fengu þau 86 stig.

Það er mikil vinna sem felst í því að halda úti öflugu sundstarfi á okkar sambandssvæði. Sundnefnd HSK þakkar öllum þeim sem komu að HSK-mótunum á árinu sem og öflugum þjálfurum og öðrum sjálfboðaliðum sem standa vaktina innan sundfélaganna hjá HSK.

**Sigurbjörg Hafsteinsdóttir**

## Sögu- og minjanefnd

Nefndina skipa: Kjartan Lárusson Umf. Laugdæla formaður, Ólafur Elí Magnússon Íþr.f. Dímon og Aðalsteinn Sveinsson Umf. Þjótanda. Varamaður Gunnar Marmundsson Íþr.f. Dímon, en hann tók þátt í störfum nefndarinnar. Með nefndinni starfar Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og er framlag hans mjög mikilvægt. Nefndin kom saman tvisvar á starfsárinu.

Eins og undanfarin ár gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Nefndin samþykkti að tilnefna Ingvar Garðarsson Umf. Skeiðamanna sem öðling ársins 2023. Greining á myndum hélt áfram á árinu. Guðmunda Ólafsdóttir frá Héraðsskjalasafni Árnesinga kom á báða fundina með myndir sem varpað var upp á vegg og fundarfólk reyndi að finna út hverjir væru á myndunum. Myndirnar voru m.a. frá 70 ára afmæli HSK í Njálsbúð árið 1980 og frá héraðsþingi HSK 1985. Enn á eftir að merkja um 2.000 - 3.000 myndir sem eru í albúmum og eru frá 1990 – 2000. Mest af þeim myndum sem á eftir að greina eru 30 ára og yngri. Myndir HSK og fleiri aðila má skoða á síðunni www.myndasetur.is. Við hvetjum fólk til þess að skoða myndir HSK á síðunni og senda inn ábendingar ef einhverjar myndir eru rangt skráðar eða ef hægt er að bæta skráninguna á einhvern hátt. Það er gert með því að senda inn ábendingu með því að ýta á ábendingarhnappinn sem birtist þegar einstakar myndir eru skoðaðar.

**Kjartan Lárusson**


UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR
BORGARBYGGÐ
UMFÍ
FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ FYRIR 11-18 ÁRA.
TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.
UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ
BORGARNESI
1.-4. ÁGÚST
UMSB
ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS

## Skýrslur aðildarfélaga HSK:

### Golfklúbbur Ásatúns

Stjórn félagsins skipa Sigurjón Harðarson formaður, Eiríkur Stefánsson, Edda Eðvaldsdóttir, Árni Sófusson og Edda Ólafsdóttir. Varamenn: Grímur Guðmundsson og Valgerður Jana Jensdóttir.

Fjöldi félagsmanna í klúbbnum árið 2023 er 339 og hefur fjölgað talsvert síðan 2022.

Selsvöllur er heimavöllur Golfklúbbs Ásatúns og er það því okkar hagur að Selsvöllur sé sem best úr garði gerður.

Félagar í stjórn klúbbsins unnu ýmis verk á Selsvelli í sumar, t.d. á vordaginn voru unnin ýmis verk á vellinum, eins og trjáklippingar tyrfing á bönkerum sem var lokað ásamt hreinsun ofl.

Aðalverkefnið í vor var endursmíði á æfingaskýli vallarins og aðstaðan við það. Mjög vel tókst til og hefur notkun þess aukist til muna. Einnig var vélageymsla einangruð í hólf og gólf og er það mikill munur að geyma tækin ekki í frosti. Þetta er nú það helsta sem gert hefur verið á árinu.



*Kampakátir félagar við smíðar á æfingaskýli á Selsvelli.*

### Golfklúbburinn Dalbúi

Það gekk nokkuð vel hjá okkur í Dalbúa í sumar en vegna mikillar bleytu á vellinum hjá okkur í upphafi sumars frestuðum við opnun vallarins okkar til 2. júní, en það var 2-3 vikum síðar en áður hefur verið. Það að fresta opnun aðeins, reyndist okkur vel inn í sumarið en gestir á vellinum í sumar hrósuðu okkur mjög fyrir ástand vallarins. Eyjólfur Óli Jónsson vallarstjóri stóð sig mjög vel í því að sinna vellinum eins og undanfarin ár.

Þetta sumarið eins og árið áður þá vorum við aðeins með rástímaskráningar við lýði en aðilar utan GSÍ skráðu sig í skála þegar komið var að spila en með því að senda inn beiðni fyrirfram vegna skráningar á völlinn. Það sama átti við fyrir aðila innan Grafíu, RSÍ, VM og aðila sem hafa keypt af okkur kort fyrir sumarhús á svæðinu. Í sumar auglýstum við nokkuð með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum með yfirskriftinni „Fallegi Dalbúi" og náði það að kynna Dalbúa vel. Samkvæmt skráningum á vellinum í gegnum golf.is þá var gestafjöldi hjá okkur rúmlega 15.000 samanborið við tæplega 4.000 árið 2022.

Félagsmönnum hefur ekki fjölgað þetta árið frekar en árið áður þrátt fyrir að nýir félagsmenn hafi bæst við þá hafa aðrir hætt, af ýmsum ástæðum. Við þurfum að halda áfram að fá inn nýja félaga en það er ein af forsendum þess að Dalbúi haldi áfram að vaxa og dafna.

Þann 15. maí vorum við með vinnudag hjá klúbbnum. Mæting var að venju góð þar sem félagsmenn tóku til hendinni. Glompur voru hreinsaðar, vökvunargræjum var komið fyrir, tré gróðursett og bekkir lagaðir, svo eitthvað sé nefnt. Í haust þá fengum við verktaka til þess að gata hjá okkur flatirnar. Veðurfarið sumarið 2023 var heilt yfir gott.

Umfangsmestu úrbótaverkefni sem unnin voru þetta sumarið var lagfæring og endurbygging á tjörninni okkar, uppsetning salernishúss, stækkun 9. teigs og byrjað var á úrbótum á vökvunarkerfi vallarins. Nýjar flokkunartunnur voru settar upp á vellinum.

Heilt yfir, þá er vélakostur Dalbúa í þokkalegu standi en keypt var inn notuð flatarsláttervél fyrir sumarið. Völlurinn okkar var í mjög góðu standi þetta árið. Eyjólfur Óli Jónsson vallarstjóri og hans fólk sinnti slætti og umhirðunni vel.

Komið var upp skiltum við klúbbhús og við brautir þar sem helstu samstarfs og styrktaraðilum voru gerð betri skil en áður.

Katrín Erla Kjartansdóttir stóð vaktina í skálanum hjá okkur þetta sumarið eins og sumarið áður og sinnti starfinu með miklum ágætum. Katrín tók brosandi á móti kylfingum eftir golfhring og bauð upp á kaffi og veitingar og eða eitthvað kalt til þess að kæla sig. Ný húsgögn voru keypt á pallinn hjá okkur í byrjun sumars.

Formaður og varaformaður voru í sambandi við aðildarfélög varðandi stækkun á golfskálanum. Leitað var til verktaka til þess að meta með áætlaðan kostnað við þá framkvæmd.

Golfmót sumarsins voru sjö þetta sumarið og heppnuðust þau öll mjög vel og var góð þátttaka í þeim öllum. Í nokkrum af mótunum þá þurfti að ræsa tvöfalt upp á nokkrum teigum. Í öllum mótum var rafræn skráning á skori sem mæltist mjög vel fyrir. Það fyrirkomulag auðveldaði mjög uppgjör á mótunum.

Lokamót Dalbúa var sett upp sem bændaglíma og enduðum við mótið og starfsárið með grillveislu og hálfgerðu sveitaballi þar sem maður var manns gaman.

Í ágúst sendum við karlalið á Íslandsmót golfklúbba í 5. deild á Höfn í Hornafirði. Okkar fulltrúar þar voru Eyjólfur Óli Jónsson, Guðmundur Hauksson, Júlíus Pálsson og Magnús Gautur Gíslason. Þeir félagarnir voru okkur til mikils sóma og reiknum við með að taka þátt aftur á næsta ári og ná þá að senda kvennalið líka.

Dagana 11.-12. ágúst buðum við upp á golfkennslu á vellinum hjá okkur og mættu um 30 aðilar í kennsluna. Örn Ólafsson golfkennari sá um kennsluna og fór hann yfir pútt, járnin, stutta spilið og vipp á námskeiðinu. Við munum örugglega endurtaka þetta síðar en mikil ánægja var með þetta framtak.

Anna Helgadóttir ritarinn okkar sá um að gera allar auglýsingar fyrir viðburðina hjá okkur og voru þær allar sérlega glæsilegar og á hún bestu þakkir skildar fyrir það framlag. Öll mót og viðburðir voru auglýstir með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum.

Formaður mætti á golfþing 2023 sem fram fór á Grand Hótel í Reykjavík 10. og 11. nóvember.

Stjórn Dalbúa 2023 skipa Gísli B. Ívarsson, formaður, Ásbjörn Sveinbjörnsson, varaformaður, Eiríkur Þorláksson, gjaldkeri, Anna Helgadóttir, ritari, Guðbjörg Ingólfsdóttir, meðstjórnandi, Bryndís Scheving, varamaður og Helgi Einarsson, varamaður.

Samstarfs- og styrktaraðilum okkar, Grafíu, Rafiðnaðarsambandi Íslands og Félagi vélstjóra og málmtæknimanna færum við bestu þakkir fyrir stuðning þeirra. Hann er ómetanlegur nú sem fyrr. Einnig viljum við þakka Laugarvatni Fontana,



*Golfvöllur Dalbúa í Miðdal, rétt austan við Laugarvatn.*

Samkaupum, Danco, Heimilistækjum og Ölgerðinni fyrir þeirra framlag og öllum þeim öðrum sem hafa styrkt klúbbinn á einn eða annan hátt á liðnu sumri.

## Golfklúbburinn Flúðir

Golfklúbburinn Flúðir hélt uppi öflugu íþrótta- og lýðheilsustarfi á árinu 2023.

Árni Þór Hilmarsson íþróttakennari sinnti kennslu unglinga fimm helgar og var þátttaka góð, misjöfn þó eftir veðri. Við höfum haft þá stefnu að bjóða ungmennum fría kennslu og pizzu á eftir og hefur þetta gengið mjög vel undanfarin ár. Síðasta sumar bættum við um betur og höfðum vikulangt námskeið í golfi fyrir unglinga í samvinnu við Hrunamannahrepp. Námskeiðið hófst með kennslu golfkennara, Ástráðs Sigurðssonar PGA, síðan tóku félagsmenn við og leiðbeindu og léku með unglingunum dag hvern og svo lauk námskeiðinu með yfirferð golfkennara og öllum var boðið í pizzuveislu á eftir.

Alls tóku 720 kylfingar þátt í átta mótum samanborið við 737 árið 2022. Flest mótin voru nær fullbókuð, en aðeins mismunandi um lokaþátttöku eftir veðri.

Meistaramót GF fór fram í júlí og klúbbmeistarar að þessu sinni eru þau Árni Tómasson og Halldóra Halldórsdóttir.

Í júní hélt GF unglingameistaramót GSÍ fyrir 14 ára og yngri. Um 100 þátttakendur léku á Selsvelli þrjá daga í blíðskaparveðri og tókst mótið í alla staði ákaflega vel, með þátttöku margra sjálfboðaliða frá GF.

Eins og undanfarin ár var unnið að margvíslegum framkvæmdum á vellinum og byggðist starfið að verulegu leyti á sjálfboðaliðum. Ný braut var tekin í notkun, 9. braut, og hefur sú breyting mælst vel fyrir hjá kylfingum. Byrjað var á breytingum á brautum nr. 15, 16 og 17 og munu þær brautir færast aftur í sama skipulag og áður var. Einnig var unnið í drenframkvæmdum og fleiri þáttum, enda næg verkefni til staðar.

Umferð um völlinn var góð árið 2023. Leiknir voru alls 12.295 hringir á árinu samanborið við 11.853 hringi á árinu 2022. Aukningin milli 2023 og 2022 er því um 3,7%.

Alls voru skráðir sem félagar í GF 293 í lok árs 2023 (269 árið á undan) og hafði því fjölgað um 24 eða 9% frá árinu 2022.

Rekstur GF gekk vel á árinu, hagnaður varð af reglulegri starfsemi og fjárhagsstaða klúbbsins er sterk.

Aðalfundur GF var haldinn þann 10. febrúar 2023. Stjórn Golfklúbbsins Flúða hélt 6 formlega fundi á starfsárinu auk nokkurra óformlegra funda. Stjórnina skipuðu Árni Tómasson formaður, Ásgeir Þorvarðarson varaformaður, Hafdís Ævarsdóttir gjaldkeri, Unnsteinn Eggertsson ritari og Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir meðstjórnandi.

Vallarstjóri var Daníel Halldórsson Apeland og rekstur golfskála og veitinga önnuðust Halldóra Halldórsdóttir og Unnsteinn Logi Eggertsson.

## Golfklúbburinn Geysir

Stjórnin var þannig skipuð á starfsárinu; Pálmi Hlöðversson formaður, aðrir í stjórn eru Gunnar Skúlason, Hermann Marinó Maggýjarson, Frímann Baldursson og Einar Tryggvason.

Stjórnin skiptir með sér verkum og eins og áður tók Gunnar að sér gjaldkerastarfið og Frímann ritarastarfið. Einar og Hermann voru því meðstjórnendur.

Völlurinn opnaði loks 2021 eftir kal hremmingarnar og síðan áttum við því sem næst fullt tímabil með opinn völl í fyrra og enn betra ár í ár, en 86% aukning var á skráðum hringjum í Golfbox milli áranna 2022 og 2023, einnig var töluverð fjölgun á meðlimum GEY.

Ekkert mótahald var á vegum klúbbsins á Haukadalsvelli þetta árið. En eins og áður, var eitthvað um að hópar og einstaklingar héldu mót, með ýmsu leikjafyrirkomulagi á vellinum.

Golfklúbburinn sendi að venju hóp manna til að keppa fyrir hönd klúbbsins í Íslandsmóti klúbbana. Mótið var haldið hjá Golfklúbbnum á Húsavík og var það til fyrirmyndar. Einvaldurinn Edwin Rögnvaldsson valdi liðið að venju en skemmst er frá því að segja að GEY fór rakleitt niður í fjórðu deild.

Ákveðið var að engir vinavallasamningar yrðu gerðir. Þess í stað var 30% afsláttur af vallargjöldum alla virka daga og gilti það fyrir alla kylfinga.

Röffvélin okkar gaf sig í sumar. Hún var eins og aðrar vélar á vellinum gömul, síðan fyrir opnun vallarins 2006. Fljótt var brugðist við og ný/notuð keypt. Fyrir valinu varð Jacobssen AR331 ársgömul en ókeyrð vél sem fannst í Svíþjóð.

Við í stjórn þökkum samstarfið á liðnu starfsári og vonumst til að sjá ykkur sem oftast á vellinum næsta sumar.



*Ný 9. braut á Selsvelli tekin í notkun í júní 2023. Frá vinstri: Karl Gunnlaugsson, fyrrv. formaður GF og heiðursfélagi, Ástríður G. Daníelsdóttir, heiðursfélagi og Árni Tómasson, formaður GF.*

## Golfklúbbur Hellu

Aðalfundur GHR var haldinn 16. nóvember 2022 að Strönd, eftir venjuleg aðalfundarstörf var kosið til stjórnar og í stjórn GHR 2023 voru kosnir Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Björn Sigurðsson, Yngvi Karl Jónsson, Kjartan Þorkelsson, Ellert Geir Ingvason og Friðrik Sölvi Þórarinsson.

Starfsmenn vallarins voru Baldur Ólafsson og Sigurður Þór Þórhallsson og um tíma var Kristrún Baldursdóttir og svo Alexander Þór Stefánsson. Þetta fólk á miklar þakkir skyldar, við höfum notið aðstoðar og leiðbeiningar frá Brynjari Sæmundssyni í Grastech. Vanir veitingamenn með reynslu höfðu áhuga á taka veitingareksturinn en það strandaði alltaf á því sama, fengu ekki starfsfólk eða húsnæði. Guðríður Stefánsdóttir fór í málið og sá um veitingarnar og húsið og var Sara Ágústa Sigurbjörnsdóttir henni oft til aðstoðar eins var Sara Ágústa mjög öflug og ósérhlífin í móttöku og afgreiðslu og þær björguðu því sem bjargað var, stundum með utanaðkomandi aðstoð. Ég vil þakka þessu fólki, stjórnarmönnum, nefndarfólki og öllum sem komu að starfinu á árinu fyrir mjög gott samstarf og óeigingjarnt starf fyrir GHR.

Stjórn GHR hefur haft mikinn áhuga á að sameina GHR og Strandarvöll ehf og telur það hafa marga kosti, við höfum átt marga fundi með meðeigendum okkar sem eru sveitarfélögin í Rangárþingi.

Ásahreppur afgreiddi beiðnina á næsta fundi eftir að við sendum formlegt bréf í kjölfarið á fundi okkar með sveitarstjóranum.

Höfum átta nokkra fundi með sveitarstjóra Rangárþings eystra sem hefur á öllum okkar fundum verið mjög jákvæður og velviljaður GHR og Strandarvelli. Við fengum loksins framlag frá RE eftir áralanga bið, framlagið var að vísu ekki há upphæð en við höfum ástæðu til að vera bjartsýn um að meira verði gert á næstu árum, stjórn GHR treystir því.

Við höfum átt fundi með oddvita og varaoddvita Rangárþings ytra sem og sveitarstjóra og fyrrverandi sveitarstjóra RY. Okkur hefur verið mjög vel tekið þó sérstaklega á fundi sem við áttum með oddvita og varaoddvita RY. Við höfum árlega fengið framlag frá RY en framlag þeirra 2023 er lægra en við fengum 2022. Stjórn hefur trú á að við náum samkomulagi um hlut RY í Strandarvelli ehf, þó manni finnist það ganga hægt.

Stjórn GHR hefur mikinn áhuga og telur nauðsynlegt að fá meira landsvæði frá Landgræðslunni og er þá horft til framtíðar. Við þurfum aðstoð og hjálp frá RY vegna forkaupsréttar og hefur verið vel tekið af oddvita og sveitarstjóra en því miður vitum ekki meira, nema að fyrrverandi og núverandi Landgræðslustjórar hafa verið mjög jákvæðir og hvetjandi. Við höfum leitað eftir aðstoð og liðsinni frá starfsmönnum RY og RE en þó aðallega frá eigna- og framkvæmdasviði, þjónustumiðstöð og alltaf verið vel tekið, eins höfum við átt mjög góð samskipti við bygginga- og skipulagsfulltrúa RY.

Klúbbmeistari karla 2023 er Andri Már Óskarsson og klúbbmeistari kvenna 2023 er Dóra Ingólfsdóttir, Heimir Hafsteinsson vann Holukeppni GHR 2023.

Á árinu voru haldin innanfélagsmót eins og Meistaramót GHR, Afmælismót. M-mótin og haustmótaröðin voru á sínum stað, því miður var lítil þátttaka í mótum klúbbsins og er það ærið verkefni Kappleikjanefndar að skipuleggja næsta sumar og breyta því sem þörf er talin á. Helstu styrktaraðilar móta GHR í ár voru Icelandair, Midgard og Hótel Örk. Miðað við þátttöku í mótunum verður alltaf erfiðara



*Börn og unglingar á meistaramóti GHG 2023.*

á fá styrktaraðila að mótunum og má reikna með að verðlaunum muni fækka og minnka.

Við vorum með nokkur fyrirtækjamót og gekk það vel nema hvað vorið og haustið voru okkur erfið. Við vorum með tvö GSÍ mót, Íslandsmót golfklúbba 16 ára og yngri og Íslandsmót golfklúbba kvenna 50+ 1.fl. Þessi mót tókust mjög vel og var gerður góður rómur að. Ég held að ég halli ekki á neinn þó ég þakki Þóri Bragasyni sérstaklega fyrir hans ómetanlega framlag.

Það vantar enn verulega upp á að barna og unglingastarfið sé viðunandi. Þar er það aðallega góður þjálfari sem vantar og ekki síður að fá börnin og unglingana til að koma að Strönd. Það vantar kannski líka upp á að foreldrarnir gefi sér tíma til að keyra þau hingað, verðum að finna leiðir sem virka. Sama er með kvennastarfið það verðum við líka að efla, það hafa konur verið að spila saman vikulega en það þarf að fjölga í þessum hópi en það gerir engin nema konurnar sjálfar. Við fengum Ragnhildi Sigurðardóttur til að koma til okkar og hafa hér kvennadag sem við köllum Röggudag. Eins og allir vita er hún frábær kennari og manneskja, þessir dagar hafa tekist mjög vel og mikill áhugi fyrir þeim.

Með samheldni og virðingu fyrir hvort öðru erum við og GHR sterkari og klúbburinn og völlurinn eftirsóttari, með baktali og neikvæðni göngum við frá GHR að lokum og það tekur ekki langan tíma.

Það er ljóst að GHR verður að halda áfram að þróast og eflast svo að Strandarvöllur verði meðal bestu golfvalla á Íslandi um alla ókomna tíð þar á hann að vera og hefur alla burði til þess. Við verðum að tryggja tekjustreymi GHR og það gerum við meðal annars með því að fjölga klúbbfélögum. Með góðu tekjustreymi getum við farið í frekari framkvæmdir s.s að tryggja okkur meira land, sem við þurfum þegar horft er til lengri framtíðar. Við þurfum að fara í tækjakaup á næstu árum, nú er þegar hafin bygging á vélaskemmu þar sem við getum geymt dýr tæki vallarins og fengið meiri og betri endingu og starfsmannaaðstaða verður bætt enda ekki vanþörf á. Eitt sem við þurfum líka að framkvæma áður en langt um líður er salernisaðstaða úti á velli. Allt kostar þetta mikið og GHR verður að leggja Strandarvelli ehf til sem og aðrir hluthafar Strandarvallar ehf eitthvað sem þeir hafa ekki gert fram að þessu, GHR hefur einn hluthafa lagt Strandarvelli ehf til fé og aðallega þá til tækjakaupa.

Talandi um fjölgun félaga þá hefur okkur aðeins fjölgað, þetta smá mjakast við erum komin í 220. Gestir okkar verða að finna að þeir eru velkomnir og allir séu jákvæðir og taki vel á móti þeim, þá koma þeir aftur og aftur og verða svo vonandi félagar í GHR

Stjórnin vill þakka öllum starfsmönnum og sjálfboðaliðum fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

## Golfklúbbur Hveragerðis

Golfsumarið byrjaði seint þetta árið og var slegið met í hversu seint völlurinn opnaði eða 1. júní. En sem betur fer lagaðist veður og úr rættist svo um munaði og var restin af sumrinu mjög góð.

Spilaðir hringir á árinu voru um 20.000. Félagafjöldinn var 432 sem er lítilsháttar aukning frá árinu áður.

Mótahald gekk vel á árinu og voru mót almennt vel sótt. Héldum við mót sameiginlega með GOS, Íslandsmót 50+ og var það mjög skemmtileg nýbreytni að spila riðla og úrslit á sitthvorum vellinum. Barna- og byrjendanámskeið voru á sínum stað og hófust æfingar strax í byrjun janúar. Iðkendum í þeim flokkum hefur fjölgað og voru námskeið vel sótt og áhugi mikill.

Þorrablót var haldið í febrúar og var það mjög vel sótt. Og eins og undanfarin ár var öflugt starf á vegum Kvennanefndar og hélt hún m.a. sína árlegu veislu í apríl og var uppselt eins og undanfarin ár. Mikil gleði og ánægja var með kvennastarfið á árinu og konurnar duglegar að heimsækja aðra klúbba.

Völlurinn er stöðugt í framför og er byrjað að koma fyrir efni í nýjar brautir suðvestur af braut númer 5 og er gert ráð fyrir a.m.k. þremur nýjum brautum þar. Ekki er ákveðið hvenær þær verða teknar í notkun en reynt er að framkvæma við þær eftir efnum og aðstæðum.

Aðalfundur GHG var haldinn þann 12. desember 2023 og var hann óvenju vel sóttur. Eftir afgreiðslu skýrslu stjórnar og ársreikninga fóru fram kosningar til stjórnar og stjórn félagsins á þessu starfsári skipa Vignir Demusson formaður, Þórhallur Einisson varaformaður, Sveinn Ingvason gjaldkeri, Erlingur Arthursson, Inga Dóra Konráðsdóttir, Ólafur Ragnarsson og Anna Pála Víglundsdóttir. Varamenn eru Arnar Geir Helgason, Hjörtur B. Árnason og Rannveig Einarsdóttir.

Rekstur Golfklúbbs Hveragerðis gekk mjög vel á árinu og skammtímaskuldir litlar og ekki neinar langtímaskuldir.

Aukning er á félagsmönnum og barna og unglingastarfið er að dafna vel og er stefnt á að fara með sveit á Íslandsmót 14 ára og yngri í fyrsta sinn í 10 ár.

Það sem er á stefnuskránni framundan í félagsstarfinu er að efla alla starfsemi í barna- og unglingahópnum, styðja áfram við öflugt kvennastarf og einnig við nýstofnaðan hóp eldri kylfinga hjá GHG sem fór af stað með krafti á árinu 2023.

Klúbbmeistarar 2023 voru þau Fannar Ingi Steingrímsson og Soffía Theódórsdóttir.

## Golfklúbbur Kiðjabergs

Aðalfundur GKB fór fram í húsnæði Samtaka iðnaðarins í Borgartúni í Reykjavík 18. desember 2023 að viðstöddum 50 félögum. Guðmundur Ásgeirsson var endurkjörinn sem formaður klúbbsins.

Rekstur klúbbsins gekk vel á árinu og var hagnaður tæpar 8 milljónir króna.

Stjórn GKB skipa nú auk Guðmundar; þau Gunnar Þorláksson, Brynhildur Sigursteinsdóttir, Magnús Haraldsson og Jónas Kristinsson. Varamenn í stjórn eru þau Þórhalli Einarsson og Sigurlaug Gissurardóttir, sem er ný inn í stjórn klúbbsins.

Rekstrartekjur á starfsárinu eru 92 milljónir og er það nánast sömu tekjur og á síðasta stafsári. 9596 hringir voru spilaðir á Kiðjabergsvelli á þessu ári á móti 8888 hringjum í fyrra, sem er 8% aukning. Gull 24 Open var fjölmennasta mótið á árinu, en 301 tók þátt í því og var fækkun un rúmlega 20 manns frá síðasta ári. Sigurður Arnar Garðarsson setti vallarmet af gulum teigum á Gull 24 open á 63 höggum.

GKB sigraði Íslandsmót golfklúbba 50 plús kvenna í 2. deild en sveitina skipuðu: Brynhildur Sigursteinsdóttir, Guðný Tómasdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Stella Hafsteinsdóttir, Þuríður Ingólfsdóttir og Regína Sveinsdóttir.

Meðlimum í klúbbnum fjölgaði á árinu og eru nú 431 talsins, þar af 236 karlar og 165 konur. Tillaga stjórnar um að félagsgjöld hækki um 9% var samþykkt á aðalfundinum og verður almennt félagsgjald því 107 þúsund krónur á næsta ári.

Völlurinn kom mjög vel undan vetri og var í mjög góðu standi í allt sumar og er óhætt að segja að Steve og hans starfsfólk hafi unnið mjög gott starf á vellinum við krefjandi aðstæður vegna þurrka í sumar.

„Þrátt fyrir að það sé góð afkoma af rekstri klúbbsins þá er það ekki sjálfgefið. Það er mikilvægt fyrir okkur að völlurinn sé í góðu standi, veðurfar hagstætt því að rúmlega 60 prósent af okkar tekjum koma frá golfvellinum og golfmótum. Tæplega þriðjungur tekna er af félagsgjöldum. Við erum mjög heppin hér í Kiðabergi því við höfum marga og mjög góða styrktaraðila, en helstu styrktaraðilar okkar eru: Tengi, GG Verk, Steypustöðin, ÞG verk, TRI , Byko, Húsasmiðjan, Ölgerðin, Heimilistæki, Eykt, Hagi, Parki, Bygg, Íþaka, Timberland, BS eignir, Deloitte, BM Vallá, Garri og Bílaleiga Akureyrar og vil ég þakka þeim kærlega fyrir stuðninginn," sagði Guðmundur Ásgeirsson formaður m.a. í skýrslu sinni á fundinum.

„Ég vil þakka öllum félagsmönnum fyrir liðið ár og sérstaklega þeim sjálfboðaliðum sem koma og aðstoðuðu okkur við stjórnun og rekstur á GKB. Einnig vil ég þakka Guðna vélamanni fyrir vel unnin störf. Ég vil þakka öllum stjórnarmönnum og öllum nefndarmönnum fyrir vel unnin störf og þá sérstaklega mótanefnd, vallarnefnd og kvennanefnd. Ég vil þakka Rakel sérstaklega fyrir gott starf í golfskálanum. Svo að lokum þakka ég Þórði framkvæmdastjóra sérstaklega fyrir vel unnið störf í GKB," sagði formaðurinn.

Á aðalfundinum voru venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar og endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram og samþykktir. Hjörleifur B. Kvaran var fundarstjóri og Jónas Kristinsson fundarritari.



*Verðlaunahafar á Meistaramóti GOS 2023.*

## Golfklúbbur Selfoss

Stjórn Golfklúbbs Selfoss árið 2023 var skipuð þeim Páli Sveinssyni formanni, Bjarka Má Magnússyni varaformanni, Helenu Guðmundsdóttur gjaldkera, Hreini Þorkelssyni ritara og meðstjórnendunum Ástfríði Sigurðardóttur, Magnúsi J. Magnússyni og Leifi Viðarssyni. Stjórnin fundaði átta sinnum á árinu, hélt einn félagafund og ársfund.

Árið 2023 hófst á björtu nótunum enda skein ennþá gleði úr andlitum félagsmanna eftir að Aron Emil Gunnarsson, afrekskylfingur í GOS, var valinn íþróttamaður Árborgar milli jóla og nýárs 2022. Sólin skein í heiði og upphafsdagarnir voru kaldir og bjartir enda jólasnjórinn búinn að pakka vellinum inn og verja fyrir hörðustu vetrarmánuðina sem framundan voru. Brautir fyrir gönguskíði voru lagðar og við hæfi var að fyrsta fjárfesting ársins hjá GOS væri snjóblásari!

Fljótlega fóru að renna á menn tvær grímur þegar snjórinn og klakinn sem safnast hafði fyrir við og á Ölfusá fór að bráðna og vorum við farin að undirbúa möguleg flóð og hugsanlegar skemmdir á velli. Betur fór en á horfðist og allt fór vel að lokum.

Hlýtt og gott var í inniaðstöðunni okkar við Svarfhólsveg og kunnu félagsmenn sannarlega að meta það á köldum upphafsdögum ársins. Vetraræfingar fóru á fullt á nýju ári eins og síðastliðin ár, vetrarmótaraðir í golfhermum og barna- og unglinganefnd stóð fyrir sinni árlegu púttmótaröð. Aðstaðan verður okkur verðmætari með ári hverju en þar hefur einnig virkni í félagsstarfi orðið mjög mikil. Má þar helst nefna reglulega starfsemi eldri kylfinga sem sannarlega hafa glætt húsið lífi frá opnun til lokunar.

Þegar snjó tók að leysa undir lok febrúar glöddust félagsmenn því hægt var að opna útiæfingaskýlið og boltavélin var virkjuð. Þegar menn fjölmenntu í blíðviðri fyrstu helgina á æfingasvæðið og slógu þar æfingabolta léttklæddir fóru menn að gæla við hugmyndina um blítt og gott vor en fátt gleður kylfinga eins mikið og snemmbúið vor þar sem grundir gróa fyrr en í meðalári. Strax í marsmánuði er óhætt að segja að þar hafi allar slíkar vonir og þrár runnið út í sandinn því mikil norðan kuldatíð tók við og má segja að hún hafi í raun staðið yfir fram í seinni hluta júní, eitt lengsta vor í manna minnum!

Þrátt fyrir þau vonbrigði og kulda í veðurfari voru bjartir, hlýir og góðir hlutir að gerast í starfi klúbbsins. Heiðrún Anna Hlynsdóttir var valin íþróttakona HSK í lok mars og einnig var nýr og góður þjónustusamningur undirritaður við Sveitarfélagið Árborg í lok mars. Félagafundur var haldinn í apríl en þar kynnti Edwin Roald uppbyggingu og stækkun vallar. Einnig tóku félagsmenn á því eins og alltaf á vordegi og hreinsuðu og undirbjuggu völlinn af kostgæfni undir stjórn vallarstjórans Óla Dórs og hans manna. Nýliðastarfið heldur áfram að dafna og var það enn að vaxa og nýliðum að fjölga á milli ára.

Þrátt fyrir kuldatíð tókst okkur að opna inn á völlinn fyrir félagsmenn 22. apríl en óhætt er að segja að völlurinn hafi komið illa undan kuldatíðinni, sérstaklega flatirnar. Þrátt fyrir hetjulega baráttu vallarstarfsmanna við veðurguðina og erfiðar aðstæður vorum við lengi að ná vellinum í gott stand. Veðuraðstæðurnar fóru einnig illa með nýsáningu á norður hluta vallarins sem sáð var í undir lok síðasta sumars. Verulega mikil áskorun sem þessu fylgdi því þegar sumarið loks gekk í garð varð svo mikil einmunatíð að ekki rigndi svo vikum skipti. Það var heldur ekki gott fyrir völlinn okkar, þannig að þar varð ekki fyrr en síðsumars sem vöxtur og sáningarvinna tók að glæðast.

Afreksstarfið var hins vegar í miklum blóma. Helst ber þar að nefna glæsilegan árangur Arons Emils Gunnarssonar sem náði 2. sæti á Íslandsmótinu í holukeppni og einnig árangur Hlyns Geirs Hjartarsonar sem náði 2. sætinu á Íslandsmótinu í höggleik. Heiðrún Anna Hlynsdóttir var valin í landslið Íslands, Máni Páll Eiríksson varð Holumeistari GOS og Katrín Embla Hlynsdóttir og Aron Emil Gunnarsson urðu klúbbmeistarar GOS á meistaramótinu sem haldið var fyrstu vikuna í júlí. Sveit karla náði 6. sæti í 1. deild karla á Íslandsmóti golfklúbba en sveit kvenna náði þeim glæsilega árangri að sigra 2. deildina og landa þar Íslandsmeistaratitli. Þær munu leika í 1. deildinni að ári.

Golftímabilinu lauk í október eftir gott tíðarfar síðari hluta sumars og náði völlurinn miklum framförum og fór inn í haustið í góðu ásigkomulagi. Einnig tókst nýsáningin síðsumars mjög vel og gefur góð fyrirheit um það sem koma skal. Nú er að bara að leggjast á bæn og vonast eftir hagstæðum vetri. Hlynur og vallarstarfsmenn tóku til hendinni í golfskálanum ásamt vaskri sveit sjálfboðaliða og hafa þeir unnið að miklum og góðum endurbótum á skálanum.

## Golfklúbburinn Tuddi

Aðalfundur GOT ársins 2023 var haldinn 23. febrúar. Dagskrá fundarins var með hefðbundnu sniði. Er stjórn GOT óbreytt og er skipuð eftirfarandi mönnum; Bjarni Magnússon formaður, Hilmar Hólmgeirsson varaformaður og Magnús Már Þórðarson gjaldkeri.

Sumarstarfið var í miklum blóma í ár eftir nokkra lægð undanfarin ár. Nokkur innanfélagsmót voru haldin, bæði stór og smá og var mæting á þessi mót mjög góð. Eins var bikarkeppni haldin þetta árið eftir nokkra ára hlé. Bikarmeistari klúbbsins er Klemens Arnarson.

Meistaramót GOT var haldið 29.- 30. ágúst á Flúðum og var þátttaka mjög góð. Mótið sem slíkt var haldið með nokkuð hefðbundnu sniði og þótti vel heppnað. Einstaklega gott skor var meðal þátttakenda en það fór svo að Júlíus Hallgrímsson var krýndur klúbbmeistari eftir spennandi keppni. Skemmtinefndin skipulagði svo skemmtikvöld og aðrar samverustundir að móti loknu. Stjórnin vill þakka öllum sem tóku þátt í undirbúningi og komu að mótinu.

Jólahlaðborð GOT var haldið þann 3. desember. Er það álit stjórnar að kvöldið hafi heppnast með miklum ágætum. Matarnefndin stóð sig frábærlega og jafnvel betur en oft áður, en minna verður talað um afrek skreytinganefndarinnar.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar GOT þakka öllum þeim sem lögðu félaginu lið á síðasta starfsári. En starfsemi klúbbsins hafði verið í lágmarki í tvö ár þar á undan og þá aðallega vegna Covid. Þannig að það var ánægjulegt að sjá hversu öflug starfsemin var árið 2023. Að því sögðu þá vill stjórnin hvetja félagsmenn til leggja sitt af mörkum til að árið 2024 verði félagsmönnum öllum til mikillar ánægju. Því virk jákvæð þátttaka félagsmanna er lykillinn að velferð klúbbsins.

## Golfklúbburinn Úthlíð

Enn eitt starfsárið hjá Golfklúbbi Úthlíðar er nú að líða. Mikið líf var á vellinum hjá okkur í sumar og sérstaklega tókum við eftir því í júlí og fram í ágúst mánuð enda mjög mjög hlýtt og voru margir góðir dagar og mikið spilað á Úthlíðarvelli. Völlurinn kom ágætlega undan vetri og var alveg laus við kal. Opnað var fyrir spilamennsku um miðjan maí þegar völlurinn var orðinn frostlaus.

Á 30 ára afmæli klúbbsins var settur niður minnisvarði um Björn Sigurðsson Úthlíðarbónda á 2. brautinni, sem er skipsbjalla og er hún hugsuð til þess að láta fólk á teignum vita þegar fólk er sirka komið úr skotfæri og eins var styttunni komið aftur fyrir á miðri tjörninni á 9. braut.

Þá voru þrír félagsmenn gerðir að heiðursfélögum klúbbsins, en það eru Edda Erlendsdóttir, Ólafur Sigurðsson og Þorsteinn Sverrisson.

Yfirlitsmynd af golfvellinum var sett upp á gafl golfskálans og er ætlunin að setja upp yfirlitsmynd af hverri braut fyrir sig við þar til gerða teiga. Búið er að setja uppfyllingarefni fyrir æfingapúttflöt við enda æfingasvæðisins og er ætlun að vinna í því að koma því í gott lag í vetur og sumar. Þá er búið að steypa plötu og reisa grind fyrir vélageymsluna og ætlunin að vélageymslan verði tekin í notkun í vetur.

Um 370 félagar voru skráðir í GÚ í skýslum GSÍ síðasta sumar. Þar af eru um 150 fullgildir félagar. Mununrinn, þ.e. um 220 félagar eru aukafélagar þ.e. eru í GÚ til að hafa aðgang að Golfbox en eru ekki með spilarétt á vellinum. Stærstur hluti aukafélaga koma úr Golfklúbbi Íslandsbanka. Þá eru, eins og undanfarið, nokkur fyrirtæki og félagasamtök sem eiga sumarhús í Úthlíð og þar í kring með samning um aðgang að vellinum fyrir sína dvalargesti.

Mótahald sumarsins gekk ágætlega og nutum við góðs af nokkrum styktaraðilum sem hjálpuðu okkur

með stærstu mótin, en við náðum að halda frábær mót í sumar.

Opnunarmótið var vormótið okkar 10. júní, 30 ára afmælismót var haldið 1. júlí, Geirs goða mótið var haldið 5. ágúst, bændaglíman var haldið 16. september og þá var nýbreyttni í sumar að við héldum vel lukkað kvennamót þann 18. ágúst ásamt því að kvennanefndin setti á laggirnar kvennamót nokkra föstudaga í sumar. Reykjavik Spirits / Versus / MyCar - Vormót GÚ var haldið 10. júní og þar tóku þátt ca. 70 manns. Sigurvegarar urðu Jónas Árnason í karlaflokki og Hulda Hauksdóttir í kvennaflokki.

MARGT SMÁTT OPEN- 30 ára afmælismót GÚ var haldið 1. júlí og var mjög góð þátttaka hjá okkur í því móti eða 116 keppendur í 58 liðum en fyrirkomulagið var 2ja manna Texas scramble, sigurvegarar voru heimamennirnir og frændurnir Unnar Geir Þorsteinsson og Sigurður Tómas Hjartarson.

Mótinu lauk með afmælis matarveislu og verðlaunaafhendingu um kvöldið í Réttinni þar sem á stokk steig enginn annar en Herbert Guðmundsson sem tryllti félagsmenn og gesti fram eftir nóttu með sínu alkunna stuði. Glæsilegir vinningar komu frá Margt Smátt sem var aðalstyrktaraðili mótsins og fjöldi annara vinninga.

Tveggja daga meistaramót GÚ fór fram 14. og 15. júlí. Keppt var í 10 flokkum. Klúbbmeistarar 2023 eru Pálmi Vilhjálmssn og Sigrún Hallgrímsdóttir. Þátttaka í meistaramóti var í slakara lagi, náði 43 keppendum.

Í ár breyttum við til og héldum Geirs goða mótið 5. ágúst sem að var laugardagur um verslunarmannahelgi og var bara ágætis þáttaka í því hjá okkur í ár en 60 keppendur tóku þátt í mótinu.

Sigurvegarar í höggleik voru Ragnar Þór Ragnarsson og Dýrleif Arna Guðmundsdóttir. Þau hlutu Geirs goða og Höllubikarana. Sigurvegarar í punktakeppni voru Guðmundur Ágústsson og Bylgja Valtýsdóttir.

Kvennamót GÚ, punktamót var haldið 18. ágúst og sóttu það 51 golfdömur og var mótið saman sett af GÚ konum og vinkonum þeirra, mjög vel lukkað og á eflaust eftir að festa sig í sessi næstu sumur. Sigurvegari var Una María Óskarsdóttir.

Sumrinu lauk svo með vel sóttri og skemmtilegri bændaglímu þar sem að leikin var holukeppni í báðum umferðum, fyrri 9 texas scramble og seinni 9 greensome þar sem rauða lið Jóhönnu Kristófersdóttur hafði betur á móti bláu liði Theódóru Friðbjörnsdóttur.

Tilraun var gerð til þess að fá Jón Andra Finnsson golfkennara til þess að koma og vera með kennslu fyrir félagsmenn en það hlaut dræmar undirtektir hjá félagsmönnum þannig að ekki varð úr því í þetta skiptið en við gefumst ekki upp og munum reyna aftur.

Formaður skellti sér á golfþing GSÍ sem að haldið var 11. nóvember sl. Var áhugavert að sitja þar og hitta kollegana í golfinu.

Að lokum þökkum við öllum sem lagt hafa klúbbnum lið á árinu sem er að líða, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, sjálfboðaliðum og öðrum sem styrkt hafa klúbbinn t.d. í sambandi við mótahald og vinnu á golfvellinum okkar.

## Golfklúbbur Þorlákshafnar

Stjórn Golfklúbbs Þorlákshafnar starfsárið 2023 var þannig skipuð: Guðmundur Baldursson formaður, Magnús Ingvason varaformaður, Ingvar Jónsson ritari, Magnús Joachim Guðmundsson gjaldkeri, Árni Hrannar Arngrímsson meðstjórnandi og Ásta Júlía Jónsdóttir og Gústaf Ingvi Tryggvason varamenn.



*Þorláksvöllur.*

Árið 2023 var okkur nokkuð gott þó veðrið á vormánuðum hafi ekki verið okkur neitt sérlega hliðholt til golfiðkunar. Starf sumarsins á golfvellinum helgaðist eins og undanfarin sumur, af þeim framkvæmdum og breytingum sem unnið er að, umhirðu vallarins ásamt því að taka á móti og sinna þeim sem komu og heimsóttu okkur. Skráðir félagar í Golfklúbbi Þorlákshafnar voru um áramótin 640, þar af eru 410 svokallaðir heimamenn og 230 aukaaðilar. Þetta er nánast á pari miðað við árið á undan eða fjölgun í heild um fimm.

Unglingastarfið í sumar var eins og áður í umsjá Ingvars Jónssonar formanns unglinganefndar klúbbsins.

Tímabil unglingastarfsins hófst hjá okkur mánudaginn 29. maí og stóð til 19. júlí. Þjálfað var í þremur hópum, 1. - 2. bekk (7 iðkendur), 3. - 4. bekk (8 iðkendur) og 5. - 10. bekk (5 iðkendur). Æfingar voru á mánudögum og miðvikudögum klukkutíma í senn, í 8 vikur. Æfingarnar fóru fram bæði á æfingasvæði golfklúbbsins sem og á vellinum sjálfum. Síðasta æfingin þann 19. júlí var lokahóf þar sem spilað var golf á vellinum og grillaðar pylsur fyrir iðkendur og foreldra. Mikill kostur væri að komast í innanhúss aðstöðu til að geta haldið úti æfingum yfir vetrartímann. Þetta er eina íþróttagreinin í sveitarfélaginu sem ekki hefur aðstöðu til æfinga og iðkunar þann tíma ársins.

Kvennastarf GÞ undir stjórn Elínar Óskar og Ástu Júlíu gekk nokkuð vel. Sumarstarfið hófst eins og alltaf á námskeiði hjá Ingvari. Í sumar spilaði hópur kvenna saman kl. 18 á miðvikudögum. Svipaður fjöldi var í hópnum og árið á undan. Ingvar Jónsson sá um kennslumál fyrir klúbbinn og þar á meðal að leiðbeina bæði hópum og einstaklingum.

Hið árlega Black Sands open mót var haldið 6. maí og var þátttaka góð. Þó nokkur fyrirtækja- og klúbbamót voru haldin á árinu og heppnuðust þau yfirleitt mjög vel. Öldungamótaröðin (1) var haldið hér 29. maí. Góð þátttaka var í þessu móti og tókst það mjög vel.

Meistaramótið var haldið um mánaðarmótin júní - júlí, keppt var í fjórum flokkum karla og tveimur flokkum kvenna. Ástmundur Sigmarsson varð klúbbmeistari karla og Linda Björk Bergsveinsdóttir klúbbmeistari kvenna. Í lok meistaramóts var snæddur kvöldverður þar sem verðlaunaafhending fór fram.

Golfsveit GÞ keppti á Íslandsmóti golfklúbba 4. deild, sem haldið var hjá Golfklúbbnum Mostra 18. til 20. ágúst. Strákarnir stóðu sig, eins og alltaf áður, með miklum sóma.

Á árinu var áfram unnið við nýframkvæmdir á vellinum, til að aðlaga hann að þeirri heildarbreytingu sem unnið er að. Byggðir voru upp nýir teigar á brautum og sett úðunarkerfi í teiga á brautum. Nú er komið úðunarkerfi í teiga á níu brautum eða á helmingi brauta vallarins.

Aðalfundur GÞ vegna ársins 2023 var haldinn 17. janúar sl. og var mæting á fundinn þokkaleg. Fjárhagsleg afkoma á árinu var nokkuð góð, í takt við áætlanir. Við getum verið nokkuð sátt með árangurinn.

Stjórn GÞ þakkar starfsfólki, félögum og öllum öðrum fyrir ánægjulegt starfsár.

## Golfklúbbur Öndverðarness

Aðalfundur GÖ var haldinn í golfskála GÖ laugardaginn 25. nóvember 2023 að viðstöddum tæplega 50 félögum auk þess sem 34 félagar streymdu fundinum. Félagar í GÖ voru um 670 um áramót.

Rekstrartekjur: kr. 93.235.274 samanborið við 76.825.027 árið 2022. Rekstrargjöld: kr. 81.484.443 samanborið við 71.263.890 árið 2022. Rekstrarhagnaður kr. 11.750.831 samanborið við 5.561.137 árið 2022.

Árgjöld án afsláttar, voru samþykkt kr. 99.000 auk þess sem fundurinn samþykkti tímabundið í eitt ár kr. 10.000 afmælisárgjald og skálagjald kr. 7.000 sem innheimt hefur verið síðustu ár.

Spilaðir hringir á árinu voru um 17.000 sem er töluvert minna en árið á undan en kuldi í maí seinkaði opnun vallar að þessu sinni.

Starfsmenn í fullu starfi eru Sveinn Steindórsson framkvæmdastjóri, Einar Ólafsson vallarstjóri og Friðrik Guðmundsson vallarstarfsmaður.

Stjórn GÖ 2023 var skipuð eftirfarandi: Guðmundur Pálmason formaður, Brynjar Stefánsson varaformaður, Guðlaug Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Dagmar Guðrúnardóttir ritari, Hannes Björnsson meðstjórnandi og Guðjón Bragason og Knútur G. Hauksson varamenn.

## Hestamannafélagið Geysir

Aðalfundur Geysis 2023 fyrir árið 2022 var haldin 1. mars 2023. Ólafur Þórisson formaður félagsins til 12 ára hafði tilkynnt að hann gæfi ekki kost á sér áfram en í framboði til formanns voru Eiríkur Vilhelm Sigurðarsyni og Sóley Margeirsdóttir. Að lokinni kosningu var Eiríkur kosinn formaður. Ný stjórn er því skipuð Eiríki Vilhelm Sigurðarson (formaður), Lárusi Jóhanni Guðmundssyni (varaformaður), Mörtu Gunnarsdóttur, Dórotheu Oddsdóttur og Guðmundi Friðriki Björgvinssyni. Varamenn voru kosnir Sóley Margeirsdóttir og Jónína Lilja Pálmadóttir.

Uppskeruhátíð félagsins fór fram í nóvember og Uppskeruhátíð barna- og unglinga í byrjun árs 2024. Á uppskeruhátíð barna og unglinga var farið yfir árangur og starf æskulýðsnefndar 2023. Verðlaunuð voru börn og unglingar sem stóðu sig vel á keppnisvellinum 2023 ásamt því að allir sem tóku þátt í æskulýðsstarfi Geysis 2023 fengu viðurkenningu.

Geysir stendur fyrir gríðarlega öflugu starfi allt árið um kring. Námskeið, fræðslustarf og gríðarlega öflugt mótahald. Á árinu 2023 má segja að allt sé að smella í sitt rétta horf.

Árið byrjaði með námskeiðum fyrir allan aldur en gríðarlega góð aðsókn var á námskeið félagsins líkt og síðustu ár. Námskeiðin fóru af stað í byrjun febrúar.

Félagið stóð fyrir námskeiðum á þremur stöðum. Skeiðvöllum, Rangárhöllinni á Hellu og Skeiðvangi í Hvolsvelli. Þegar leið nær vori var farið af stað með reiðnámskeið fyrir þá sem ekki hafa aðgang að hestum og voru þau gríðarlega vel sótt.

Viðbót við þessi venjulegu reiðnámskeið sem fara fram vikulega í 12 vikur á hverjum vetri var einnig í gangi keppnishópur með keppni í hestaíþróttum (bæði íþróttakeppni og gæðingakeppni) að markmiði.

Á haustdögum fór félagið af stað með Hestafimleika þar sem krakkar á öllum aldri eða allt frá 4ra ára til 16 ára hafa tekið þátt. Hestafimleikar urðu strax gríðarlega vinsælir og verður gaman að sjá það þróast til framtíðar.

Það sem helst ber að nefna í æskulýðsstarfinu á liðnu ári er Æskulýðssýningin og Ævintýraferðin.

Æskulýðssýning Geysis var haldin 1. maí með mikilli eftirvæntingu og tókst frábærlega. Öll börn, unglingar og ungmenni sem taka þátt í starfi Geysis koma saman og taka þátt í þessari frábæru hestasýningu til að sýna afrakstur vetrarins.

Ævintýraferð Geysis var farin um miðjan júní og var riðið frá Velli í Hvolhreppi og að Fossi á Rangárvöllum þar sem var gist í eina nótt. Voru tæp 20 börn með í þessari ferð. Er þetta í þriðja skiptið sem farið er í þessa ferð og tókst þessi ferð frábærlega eins og í fyrri ár.

Æska Suðurlands er mótaröð ætluð börnum og unglingum sem Geysir stendur fyrir í samstarfi við Jökul, Sleipni, Háfeta og Ljúf.

Árið var gríðarlega viðburðaríkt en félagið stóð fyrir fjölmörgum viðburðum á árinu.

Vetrarmót eru haldin fyrsta laugardag febrúar, mars og apríl. Áður en keppni hefst er ávallt boðið uppá pollastund án endurgjalds. Góð þátttaka er á Vetrarmótum.

Suðurlandsdeildin í hestaíþróttum er samstarfsverkefni Hestamannafélagsins Geysis og Rangárhallarinnar og var hennar sjötta tímabil síðasta ár. Suðurlandsdeildin samanstendur af 13 liðum og hvert lið er skipað þremur áhugamönnum og tveimur til þremur atvinnumönnum. Saman keppa þátttakendur að því að safna sem flestum stigum og sigrar það lið sem það gerir. Keppniskvöldin eru fjögur og keppnisgreinarnar fimm.

Af öðrum mótum sumarið 2023 var WR íþróttamót Geysis, Gæðingakeppni, Skeiðmót, Suðurlandsmót yngri flokka og WR Suðurlandsmót. Einnig hélt félagið Íslandsmót barna- og unglinga sem heppnaðist gríðarlega vel.

Fjórir knapar sem keppt hafa fyrir félagið fóru á Heimsmeistaramót Íslenska hestsins og náðu þrír knapar þeim stórkostlega árangri að verða heimsmeistarar í sinni grein. Elvar Þormarsson varð heimsmeistari í gæðingaskeiði og 250m skeiði. Sara Sigurbjörnsdóttir varð heimsmeistari í fimmgang. Jón Ársæll Bergmann varð heimsmeistari í fjórgang og samanlögðum fjórgangsgreinum ungmenna. Hans Þór Hilmarsson tók þátt í 250m skeiði og varð sjötti.

Annað starf Geysis hefur verið að eflast jafnt og þétt. Nefndir voru skipaðar í lok árs 2023 og er ýmislegt í undirbúningi. Stöðugt unnið að lagningu og viðhaldi reiðvega og búið að bæta aðgengi hestamanna á okkar svæði gríðarlega með uppsetningu áningarhólfa á hálendinu til að auðvelda þeim sem ferðast á hestum að stoppa og skipta um hesta.

Árið 2024 fer vel af stað og horfum við full bjartsýni til hestamennsku í Rangárvallasýslu.



*Bragi Viðar Gunnarsson, formaður Hestamannafélagsins Jökuls, tekur við æskulýðsbikar LH úr hendi Dagbjartar Guðbjörnsdóttur, formanns æskulýðsnefndar LH.*

## Hestamannafélagið Jökull

Stjórn Jökuls skipa Bragi Viðar Gunnarsson, formaður, Ólafur Gunnarsson, gjaldkeri, Vilborg Ástráðsdóttir, ritari, Guðrún K. Snæbjörnsdóttir, Ragnheiður Eggertsdóttir, Ragnhildur Eyþórsdóttir og Svavar J. Bjarnason meðstjórnendur.

Árið 2023 byrjaði eins og vanalega á fundum og undirbúningi hjá stjórn og nefndum fyrir átökin sem hefjast fyrir alvöru í janúar ár hvert.

Í janúar voru fyrirlestrar tvö fimmtudagskvöld. Annað kvöldið komu dýralæknirinn Tanja Jóhannsdóttir og fóðurfræðingurinn Einar Ásgeirsson og fjölluðu um fóðrun og umhirðu hrossa. Mjög vel sóttur fyrirlestur sem lagðist vel í félagsmenn. Hinn fyrirlesturinn var hjá landskunnum hestamanni, Hermanni Árnasyni. Hann fræddi um allt í kringum hestaferðir. Öðruvísi fyrirlestur sem hitti í mark.

Uppsveitadeildin fór af stað í byrjun febrúar og á hún orðið fastan sess hjá félagsmönnum. Hún kláraðist á þriðja og síðasta kvöldinu í apríl.

Vetrarmótin eru mjög skemmtileg. Þangað mæta knapar á öllum getustigum og spreyta sig í einfaldri töltkeppni sín á milli. Mótin eru þrjú og láta keppendur skemmtanagildið vera ofar keppnisskapinu.

Námskeið fóru af stað í janúar og febrúar. Einstaklingsmiðuð námskeið þar sem þátttakendum er ekki steypt í fyrirfram ákveðið form.

Aðalfundur félagsins var haldinn í félagsheimilinu á Borg í Grímsnesi 1. mars.

Um páskana var árlegt Páskatölt Jökuls. Keppendur koma orðið víða að til að keppa á þessu móti. Virðist vera lítið um önnur mót á þessum tíma, skráning fór fram úr væntingum.

Félagið var tvisvar sinnum á árinu með úlpu- og jakkasölu. Lagðist þetta vel í félagana og ganga nú margir orðið í flíkum merktum félaginu.

Gæðingamótið er langstærsti einstaki viðburðurinn á vegum félagsins ár hvert. Síðasta sumar varð algjör sprenging í skráningum. Undanfarin ár hafa þær verið í kringum 250 en á þessu móti enduðu þær í 414. Þetta setti mikla pressu á starfsmenn mótsins að láta það ganga upp. En það gekk eins og í lygasögu og hélst dagskráin nánast allt mótið í blíðskaparveðri.

Mótið er orðið stærsta gæðingamót ársins á hverju ári að undanskildu Landsmóti sem haldið er annað hvert ár.

Félagsreiðtúrar voru þrír í sumar. Fyrst var farið í maí og félagar okkar í Háfeta í Þorlákshöfn heimsóttir. Riðið var í fjörunni frá ósum Ölfusár og sem leið lá í hesthúsahverfið í Þorlákshöfn þar sem veisla beið þátttakenda. Frábært framtak og gaman að heimsækja önnur félög.

Einnig voru farnir tveir kvöldreiðtúrar með Stóru-Laxá og í Þjórsárdal. Það er mjög vinsælt að fara í þessa reiðtúra en fjöldinn hefur verið frá 25 og uppí 70 manns.

Skeiðnámskeið var með Þórarni Ragnarssyni síðasta sumar sem tókst vel.

Vallamót sem haldið er á Völlunum við Laugarvatn var haldið um miðjan ágúst. Vikuna á undan er haldið skemmtilegt námskeið fyrir krakkana í Miðengi og enda flestir krakkarnir á því að ríða á Vallamót og keppa þar í skemmtilegri smala- og þrautakeppni. Veðrið var einstaklega gott þetta árið og þátttaka með allra besta móti.

Á haustmisserum var hafist handa við að skipuleggja vetrarstarfið og haldið áfram með að vinna að því að gera félagshesthús að veruleika.

Ásdís Ósk Elvarsdóttir var með námskeið í október. Þetta er annað árið sem haldið er haustnámskeið og gaman að það sé áhugi fyrir því.

Þann 28. október var haldinn haustfundur með öllum nefndum og stjórnum sem eru á vegum félagsins. 62 félagsmenn eru starfandi í nefndum og stjórnum hjá félaginu. Starfið er virkt og ekki sjálfgefið að svo margir gefi sér tíma í þessi störf.

Sama kvöld var svo árshátíð félagsins í Félagsheimilinu á Flúðum. Fín mæting var og skemmtu Jökulsfélagar sér vel og verðlaunuðu félagsmenn fyrir árangur keppnisársins.

Hápunktur ársins var klárlega þegar félagið fékk veittan Æskulýðsbikar LH. En sá bikar er æðsta viðurkenning sem æskulýðsstarfi hjá hestamannafélögunum er veitt ár hvert fyrir öflugt æskulýðsstarf.

## Hestamannafélagið Ljúfur

Aðalfundur Ljúfs var haldinn 15. janúar 2023. Stjórn skipa: Ragnhildur Gísladóttir, formaður, Erla Björk Tryggvadóttir, varaformaður, Cora Jovanna Claas, gjaldkeri, Þórunn Bjarnadóttir, ritari og Snævar Freyr Sigtryggsson, meðstjórnandi.

Fjöldi félagsmanna Ljúfs 2023: 226. Mikil aukning hefur verið í Hestamannafélaginu Ljúfi og er komið nýtt og skemmtilegt andrúmsloft í félagið. Börn eru farin að taka virkari þátt í starfinu og sýna nú þegar betri árangur á keppnisvellinum í kjölfarið.

Æskulýðsmálin hafa verið í forgrunni og hafa verið haldin ýmis námskeið fyrir yngstu knapana okkar eins og sumarnámskeiðin vinsælu á Bjarnastöðum, keppnisnámskeið og síðan voru æfingar haldnar fyrir börnin daginn fyrir hvert innanfélagsmót Ljúfs. Einnig áttum við þrjá knapa í barnaflokki með skráðan árangur á opnum mótum.

Æskulýðsdagur Ljúfs var haldinn í annað sinn 3. júní 2023. Dagurinn byrjaði með reiðnámskeiðum þar sem börnum var skipt upp í hópa samkvæmt aldri og getu. Reiðkennarinn Þórdís Anna Gylfadóttir hélt námskeiðið, en eftir hádegi var þrautabraut og keppni. Í hádeginu voru borðaðar pizzur og farið í ýmsa leiki. Þessi dagur er orðinn að árlegum viðburði sem hristir börnin í félaginu mjög vel saman.

Haldin voru þrjú félagsmót hjá Ljúfi veturinn 2023 og það er gleðilegt hversu mikið þátttaka félagsmanna er að aukast í keppni í þessum mótum.

Í fyrsta skipti hjá Ljúfi var boðið upp á knapamerkjanámskeið. Barbara Meyer kenndi hópum í Knapamerki 1 og 2 en verklegi hlutinn kláraðist á vormánuðum 2023.

Félagsreiðtúrar voru haldnir öðru hvoru ásamt vöfflukaffi og kjötsúpu í félagsheimilinu.

Aukning félaga í Hestamannafélaginu Ljúf er mjög sýnileg því aldrei hafa fleiri verið með hross á húsi á haustmánuðum og fjöldi reiðhrossa í þjálfun í beitarhólfum á félagssvæði Ljúfs var talsverður. Reiðveganefnd heldur áfram góðu starfi við að viðhalda reiðvegum á svæðinu og nú hafa verið opnaðar nýjar leiðir um Ölfus kringum nýjan þjóðveg, til dæmis reiðleið undir veginn við Ásnes sem tengir Ölfus fyrir sunnan þjóðveg við Hvammsveginn norðan við. Þó á eftir að bæta aðgengi að undirgöngum við Kögunarhól í samstarfi við Vegagerðina.

Vinna við uppbyggingu félagssvæðis heldur einnig áfram og reiðhallarnefnd vinnur að því að afla styrkja til reiðhallarbyggingar. Til þess að koma starfinu okkar á enn hærra stig er það mikið hagsmunamál fyrir okkur að fá reiðhöll á félagssvæðið okkar að Vorsabæjarvöllum.



*Framtíðarknapar í firmakeppni Ljúfs 2023.*



*Sleipnisfélagar í fararbroddi skrúðgöngu á 17. júní á Selfossi.*

## Hestamannafélagið Sleipnir

Árið hófst með hefðbundnu starfi en mikil snjóþyngsli voru í ársbyrjun og vörðu út mánuðinn, reiðvegir og vellir að mestu tepptir vegna snjóa. Uppgjör sl. árs og skipulagning aðalfundar hafin sem og skipulagning æskulýðsstarfs og félagshúss Sleipnis.

Félagshús Sleipnis er nú á þriðja ári en það verkefni hófst haustið 2022. Skráningar á vor- og haustönn voru vonum framar og biðlisti var á haustönnina ef pláss losnaði. Þátttakendum, nemendum, eru lagðir til hestar, reiðtygi og reiðkennsla af kennurum sem hafa lokið prófi frá Hólaskóla. Kennd er öll umgengni, umhirða og reiðmennska með tilliti til getu hvers nemanda. Þetta verkefni er hugsað til að kynna hestaport-hestamennsku fyrir þeim börnum / unglingum sem ekki eiga bakland í íþróttinni og hafa ekki aðgang að hestum eða búnaði.

Fyrsta vetrarmót Sleipnis-Furuflísar og Byko var haldið 4. febrúar og almennur félagsfundur, til undirbúnings aðalfundar, var 8. febrúar. Þorrareið félagsmanna var farin 18. febrúar og aðalfundur haldinn þann 23. febrúar.

11. mars var 2. vetrarmót Sleipnis-Furuflísar og Byko haldið og síðar í mánuðinum var mótið „Æska Suðurlands á Selfossi" haldið í Sleipnishöllinni 19. mars á Brávöllum.

Þriðja vetrarmót Sleipnis-Furuflísar og Byko var svo haldið 25. mars. Erfiðleikar voru með svellalög á keppnisvöllum en það var leist með frábærri vinnu félagsmanna.

Apríl gekk í garð og þann 5. var haldið Páskatöltmót Sleipnis á Ingólfshvoli og var mikil og góð þátttaka. Skírdagsreið Sleipnis var farið þann 6. apríl með góðri þátttöku. Kvennakvöld Sleipnis var haldið þann 19. og að venju komust færri að en vildu. Þann 22. var á dagskrá Fjölskyldudagur og Æskulýðsmót, að venju.

1 . maí var Sleipnir með forreið fyrir skrúðgöngu Árborgar sem mönnuð var börnum og unglingum úr félaginu. Firmakeppni Sleipnis var haldin 6. maí og þátttaka góð að venju.

Umhverfisdagur Sleipnis, þar sem tekið til hendinni á félagssvæðinu, rusl og annar úrgangur settur í gáma sem sveitarfélagið lagði til. Þann 13. var Kvennareiðtúr Sleipniskvenna farinn og endaði með samkomu í félagsheimilinu Hliðskjálf eftir reiðtúrinn.

World Ranking Íþróttamót Sleipnis var haldið dagana 17.-21. maí og voru skráningar langt umfram framboð. Mótið tókst með miklum ágætum. Árlegur baðtúr sleipnisfélaga í fjöruna við Eyrarbakka/Stokkseyri, var svo í framhaldinu auk þess sem sameiginlegur reiðtúr Æskulýðsnefnda Sleipnis, Ljúfs og Háfeta var í lok mánaðar.

Gæðingamóti Sleipnis sem átti að vera í byrjun júní var frestað en árleg sumarferð Sleipnisfélaga var farin 9.-11. júní um Landeyjar og Fljótshlíð. Ferðin heppnaðist mjög vel enda vel skipulögð af ferðanefnd félagsins. Íslandsmót barna og unglinga var haldið á Brávöllum 29. júní til 2. júlí og voru miklar skráningar með þéttri dagskrá fram á kvöld alla mótsdaga. Gæðingamót Sleipnis var svo haldið 5.-6. júlí og tókst mjög vel.

Sumarreiðskóli Sleipnis fyrir börn í Árborg og Flóahreppi var starfræktur að venju frá júní og fram í ágúst voru rúmlega 200 börn á sumarnámskeiðunum, aðeins færri en árið áður en nú var ekkert Covid og allir á ferð og flugi.

Seinni hluta nóvember var fundað með nefndum félagsins, farið yfir liðið ár og það sem framundan er. Farið yfir mönnum nefnda, starfið, hvað gekk vel og hvað mætti endurskoða.

Í desember var Glódís Rún Sigurðardóttir valin

íþróttakona Árborgar 2023 á uppskeruhátíð fræðslu- og frístundanefndar Árborgar. Glódís Rún sigraði þar í spennandi kosningu en á síðasta ári varð hún heimsmeistari ungmenna á heimsmeistaramóti Íslenska hestsins sem haldið var í Oirschot í Hollandi.

Glódís sigraði í fimmgangi ungmenna á Sölku frá Efri-Brú en saman náðu þær einnig Íslands- og Reykjavíkurmeistaratitli í sömu grein á árinu. Góður endir á frábæru starfsári.

Í aðalstjórn Hestamannafélagsins Sleipnis 2023 eru Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, formaður, Anna Björg Níelsdóttir, varaformaður, Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson, ritari/gjaldkeri, Unnur Edda Jónsdóttir og Solveig Pálmadóttir. Í varastjórn eru Magnús Stephensen Magnússon og Jón Valgeir Geirsson.

## Íþróttafélagið Dímon

Aðalfundur félagsins var haldinn 12. mars 2023 í Hvolnum á Hvolsvelli. Stjórn félagsins er þannig skipuð; Formaður: Sigurður Kristján Jensson, gjaldkeri: Christiane Bahner. ritari: Esther Sigurpálsdóttir meðstjórnendur: Ólafur Elí Magnússon og Oddný Steina Valsdóttir. Varamaður: Ragnar Jóhannsson. Fulltrúi unga fólksins: Sigurþór Árni Helgason.

Stefna félagsins er að bjóða upp á fjölbreytta hreyfingu og að halda gjöldum í lágmarki. Við bjóðum upp á badminton, blak, borðtennis, fimleika, frjálsar, glímu, körfubolta, rafíþróttir, styrktaræfingar og sund fyrir iðkendur í grunnskóla. Ringó er spilað vikulega og meistaraflokkur kvenna í blaki keppir á Íslandsmótum en 100% fjölgun hefur orðið þar.

Starfið helst stöðugt á milli ára en aðallega eru erfiðleikar í að manna þjálfarastöður og að virkja sjálfboðaliðann.

## Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Garps var haldinn að Laugalandi 28. febrúar. Góð mæting var á fundinn þar sem venjuleg aðalfundarstörf og verðlaunaafhendingar fóru fram. Í lok fundar var boðið upp á veitingar að vanda sem er mjög vinsælt sérstaklega hjá iðkendum félagsins. Þær breytingar urðu á stjórn að Friðgerður Guðnadóttir lét af störfum eftir tíu ár í stjórn sem gjaldkeri og gekk Brynja Dögg Ólafsdóttir í stjórn í stað Friðgerðar og tók við gjaldkerastöðunni. Í stjórn Garps til næsta aðalfundar eru Nanna Jónsdóttir formaður, Brynja Dögg Ólafsdóttir gjaldkeri, Ólafur Brynjar Ásgeirsson ritari, Árbjörg Sunna Markúsdóttir fyrsti varamaður og Anton Óskar Ólafsson annar varamaður og fulltrúi yngri iðkenda, kom hann inn í stað Veigars Þórs Víðissonar.

Framboð æfinga var fjölbreytt og með nokkuð svipuðum hætti og sl. ár. Vonandi nær félagið að festa í sessi að bjóða upp á æfingar fimm daga vikunnar samhliða skólaárinu, þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Félagið hefur tekið upp það verklag að hafa afleysingarþjálfara til að tryggja sem minnsta röskun á starfinu ef þjálfari forfallast, þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir. Boðið var upp á æfingar í skólahreysti, frjálsum íþróttum, körfubolta, handbolta, borðtennis, sundi og síðan voru sameiginlegar styrktaræfingar Garps og Heklu í Worldclass fyrir elsta stigið. Yfir sumartímann bauð félagið upp á fótboltafjör á Laugalandi. Samstarf milli Garps, Dímonar og Heklu hélt uppteknum hætti með elstu iðkendur, þar sem sameiginlegar æfingar og keppnislið er í körfubolta. Iðkendur Garps sóttu fjölda móta á árinu í hinum ýmsu íþróttum en gaman er að segja frá því að Garpur sendi í fyrsta sinn lið á handboltamót og stóðu krakkarnir sig mjög vel og erum við afar stolt af þeim.

Starfsárið var gott og fjölbreytt, iðkendur félagsins standa sig vel og eru félaginu til sóma. Ljóst er að ekki er möguleiki á að halda út öflugu starfi nema með góðum þjálfurum og erum við afar þakklát fyrir það hvað það hefur gengið vel, alla jafnan, að manna stöður þjálfara og mikilvægt er að hlúa að þeim og ekki sjálfgefið að fólk sé tilbúið til að gefa sig í að sinna slíku starfi. Starfið stendur og fellur með því að finna öfluga þjálfara til að sinna þessu mikilvæga starfi í samfélaginu.

Guðni Guðmundsson á Þverlæk hélt uppteknum hætti við dósasöfnun til styrktar félaginu, ómetanlegur stuðning við starfsemi Garps og færum við honum bestu þakkir.



*Frá borðtennisæfingu hjá Dímon.*

## Íþróttafélagið Gnýr

Árið hófst með kulda, snjó og klakabrynju sem felldi eitt gróðurhúsið okkar.

6. janúar. Þrettándagleði varð að flugeldasýningu og skotið upp frá Stóra Ási.

20. janúar. Þorrablót Sólheima. Átak í Öryggismálum, Brunaæfingar, rýminga æfingar sjúkrakassar yfirfarðir, vinna við að gera nýtt baðhús og yfirfara öryggisatriði.

Þriðja, nýtt hjartastuðtæki staðsett í sundlaug.

19. febrúar. Skátamessa í Sólheimakirkju messur voru mánaðarlega. Bocciaæfingar hófust í febrúar.

1. mars. Leikhúsferð í Aratungu á Sódóma Reykjavík.

2. mars. Ráðstefna á Sólheimum um moltu og moltugerð ( Bokashi )

1. apríl. Liðakeppni í Boccia í Reykjavík, fjögur lið frá Íþróttafélaginu Gný.

8. apríl var Páskaeggjaratleikur um Sólheima, þú finnur eggjaspjald og færð Páskaegg. Tónleikar með



*Handboltaiðkendur frá Garpi á sínu fyrsta móti.*

kórum stórum og smáum og margt tónlistarfólk sem kom og skemmti okkur.

20. apríl. Á Sumardaginn fyrsta var frumsýning á Úlfar ævintýranna hjá leikfélagi Sólheima. Átak í Heilsueflandi Suðurland: Klárað að mestu að leggja palletugönguleið yfir flæðurnar á Flóðahring sem er 2.7 km, mjög vinsæl ganga fyrir alla sem vilja.

3. júní. Menningarveisla Sólheima hefst.

17. júní hátíð Grímsnes og Grafningshrepps haldið á Sólheimum vegna viðgerða á húsum á Borg, skrúðganga leidd af Sólheimaskátum, hoppukastali ræðuhöld og skemmtun.

5. júlí á 92 ára afmæli Sólheima er sundlaugin tilbúin.

20. ágúst var opni dagurinn á Sólheimum og fjölskyldudagurinn þetta var mikill veisla og aftur stór hoppukastali leigður hjá skátum í tilefni dagsins. Fyrirlestrar og sögur í Sesseljuhúsi. Edda Björgvinsdóttir um Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur, Hallbjörn Rúnarsson um lífið á Sólheimum þá og nú, Lárus Sigursson um Mannspeki og reynslusaga foreldris um baráttu fatlaðrar dóttur.

25. ágúst vorum við með Regnbogadag skrúðganga og tónlist GGblast!

4. september. Nýtt hlaupabretti keypt fyrir tækjasal.

5. september. Sólheimar rampaðir upp 15 rampar gerðir 2023 og á ætlað er að rampa 15 til viðbótar, eftir skoðun er þörf á 22 í viðbót vegna jarðsigs sem hrjáð okkur hefur lengi.

25. sept. TAIKO trommu námskeið og spil, þetta er mikil hreyfing og barningur með hljóðum.

30. sept fyrir hádegi. Sólheimahlaup Frískra Flóamanna haldið og fjölmargir mættu, gengu hjóluðu og hlupu. Allir unnu. Sigríður Jónsdóttir fékk framfarabikarinn 2023.

30. sept eftir hádegi. Hinn vinsæli Svartipétur spilaður og brjáluð spenna. Sá sem vann var engin annar en Mikael Leo Eyþórsson átta ára drengur.

4. október. Skátafélag Sólheima á kvöldvöku Fossbúa sem haldin var í Sunnulækjaskóla.

6. okt. Málþing á Sólheimum um "Hvað er lífrænt", lífræn ræktun og framleiðsla Horft fram á veginn, tókst vel og vakti mikinn áhuga og umræðu.

20. okt. Bocciamót Sauðárkróki, einstaklingsmót fimm keppendur frá Íþróttafélaginu Gný. Kamma fékk brons í sínum flokki.

25. okt Reynir Pétur 75 ára og Guðni Th. afhjúpaði styttuna sem Ríkey gerði á sínum tíma.

30. okt á afmæli Skátafélags Sólheima heimsóttum við Skátasafnið Úlfljótsvatni.

3. nóv fékk Siggi Gísla, Sigurður Gíslason Þórshamar úr Gulli.

14. nóv. Bocciamót Íþróttafélagið Gnýr skoraði á stjórn Sveitarfélags Grímsnes- og Grafningshrepps og skrifstofu starfsmenn úr Vigdísarhúsi, Gnýr vann.

15. des. Bocciamót Íþróttafélagið Gnýr skoraði á starfsmenn Sólheima í útsláttarmót, að þessu sinni höfðu starfsmenn betur. Aðventugarður, jólahlaðborð tónleikar messur og gamlársgleði út árið.

## Íþróttafélagið Hamar

Fram að aðalfundi 2023 var starfandi stjórn: Silja Runólfsdóttir formaður, Guðjóna Björk Sigurðardóttir gjaldkeri, Dagrún Ósp Össurardóttir ritari, María Rún Þorsteinsdóttir og Þorsteinn T. Ragnarsson meðstjórnendur.

Breytingar urðu á aðalfundinum sem haldinn var 26. mars en Silja Runólfsdóttir hætti störfum í stjórn. Við tók Þorsteinn T. Ragnarsson sem formaður og inn kom Hallgrímur Brynjólfsson sem meðstjórnandi.



*Félagar úr Gný á bocciamóti á Sauðárkróki.*

Íþróttafélagið Hamar líður enn fyrir það að hafa misst hluta af íþróttaaðstöðu og hefur árið 2023 að miklu leyti falist í að koma iðkendum fyrir, bæði í Hveragerði, Þorlákshöfn, Selfossi og víðar. Enn er engin ný íþróttaaðstaða komin upp í Hveragerðisbæ þrátt fyrir kynningar á mögulegri viðbyggingu á íþróttaaðstöðunni sem fyrir er. Eins stendur til byggja upplýstan gervigrasvöll í löglegri stærð fyrir knattspyrnuiðkun. Vonir okkar standa til að þessi vinna öll geti hafist hratt og gengið tafarlítið.

Hamar komst í efstu deild karla í körfuknattleik og sameiginlegt lið Hamars/Þórs í Þorlákshöfn stillti fram sterku liði. Blakliðið okkar varð bikarmeistari þriðja árið í röð og var hársbreidd frá Íslandsmeistaratitlinum. Kvennalið blakdeildar tók þátt í Íslandsmóti í 1. deild. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu endaði um miðja deild og hélt því sæti sínu nokkuð örugglega og margir uppaldir framtíðarleikmenn stigu sín fyrstu skref í meistaraflokki. Öflugt yngriflokkastarf er í öllum deildum Hamars, þrátt fyrir þröngan kost í aðstöðumálum.

Gott samstarf er að myndast á milli Hamars og Þórs Þorlákshöfn en sem dæmi má nefna að iðkendur í körfu og knattspyrnu eru mismargir í árgöngunum og því hefur það komið sér vel að æfa og keppa saman sem lið Hamars/Þórs.

Á haustmánuðum gafst íþróttafélaginu Hamri kostur á því að fjárfesta í lyftingabúnaði, lóðum og öðrum eignum Crossfit Hengils í Hveragerði. Ákveðið var að slá til og fékk íþróttafélagið styrk að hluta til kaupa þessa búnaðar. Þessi viðbót við félagið var fyrst og fremst hugsuð til aukinnar og betri styrktarþjálfunar fyrir iðkendur félagsins auk þess sem lyftingadeild yrði stofnuð sem einblíndi á ólympískar lyftingar og kraftlyftingar. Að auki gæfist almenningi kostur á að sækja tíma hjá nýrri almennri deild Hamars þar sem æfing dagsins yrði tekin líkt og áður tíðkaðist hjá Crossfit Hengli. Samþykkt var á haustmánuðum í bæjarráði Hveragerðisbæjar að íþróttafélagið tæki yfir aðstöðu í kjallara íþróttahússins, þar sem áður var crossfit Hengill. Um áramótin fór sú starfsemi í gang. Lyftingadeild Hamars tekur einnig til starfa eftir áramótin og sömuleiðis Heilsuefling 60+ ára.

Fjölgreinaverkefnið heldur áfram við mikla ánægju iðkenda og foreldra, og mikill áhugi er að halda þessu verkefni áfram.



*Hamar vann 1. deildina í körfu karla 2023 og komst upp í Subwaydeild karla.*



*Nemendur í 2. bekk Menntaskólans að Laugarvatni að keppa á Þórismóti Mímis í gömlum HSK glímubúningum.*

## Íþróttafélagið Mílan

Starfsemi ÍF Mílan var í rólegri kantinum á árinu. Æfingar fóru fram en ekki var keppt á Íslandsmóti. Aðalfundur var ekki haldinn á árinu.

## Íþróttafélagið Mímir

Aðalfundur félagsins árið 2023 var 15. febrúar. Núverandi stjórnendur eru íþróttaformennirnir Ragnar Dagur Hjaltason og Kjartan Helgason, en það eru stjórnarskipti bráðum og þá taka nýir formenn við stöðunni. Í hverri viku er boðið upp á íþróttatíma fjórum sinnum í viku, mánudaga til fimmtudaga fyrir nemendur skólans þar sem eru í boði allskyns íþróttir og hreyfing. Einnig er einu sinni í mánuði haldin keppni í ákveðni íþrótt á milli bekkja skólans og kallast þau Bekkjarmót. Við sjáum líka um Dolluna, sem er íþróttakeppnisbraut, einnig Þórismótið sem er gömul hefð og er viku löng íþróttakeppni milli bekkja að lokum héldum við ML tröllið og ML skessuna, sem er kraftlyftingakeppni sem allir geta tekið þátt í.

## Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur Aðalfundur félagsins var haldinn í Selinu þann 25. maí 2023. Sitjandi stjórn skipa Ófeigur Ágúst Leifsson formaður, Aðalbjörg Skúladóttir gjaldkeri, Þórdís Bjarnadóttir ritari, María Sigurjónsdóttir og Guðrún Lilja Hermannsdóttir meðstjórnendur.

Æfingar voru boccia, golfi, lyftingum, taekwondo og fótbolta.

Boccia: Íslandsmót í liðakeppni og Hængsmót á Akureyri, Íslandsmót í einstaklingskeppni á Sauðárkróki þar sem okkar fólk stóð sig með stakri prýði eins og alltaf. Svo stóð til að vera með HSK mót í boccia í desember en eins og árið á undan þá náðist ekki að hafa HSK mót en það mun vera á fyrstu mánuðum ársins 2024.

Golf: HSK mót í golfi var haldið sumarið 2023.

Lyftingar: Íslandsmót í lyftingum haldið á Selfossi um vorið. Í samstarfi við Kraft, yndislegt mót í alla staði.

Taekwondo: HSK mót var haldið 10. desember og þar tóku 2 þátt.

Við áttum sömuleiðis einn þátttakanda á HSK móti í frjálsum bæði innan- og utanhúss 2023.

Ekkert mót var haldið í fótbolta.

Í lok árs héldum við fund með Gunnari hjá Árborg og ákveðið var að drífa í að bjóða upp á æfingar fyrir börn á grunnskólaaldri með fatlanir. Við fengum tíma í íþróttahúsi Sunnulækjaskóla á sunnudögum og hlökkum mikið til að sjá hvernig þetta starf þróast en það er undir átakinu Allir með.

Gott samstarf við önnur félög og deildir innan Ungmennafélags Selfoss eru okkur mikilvæg og hefur það verið gott eins og fyrri ár.

Þetta árið fjölgaði iðkendum í flestum greinum og fögnum við því.

Toppurinn á árinu var þó þegar við sendum fimm keppendur á Special Olympics leikana í Berlín dagana 12.-27. júní. Allir blómstruðu þarna úti og stækkaði reynslubanki allra töluvert. Birgir Örn tók þátt í boccia, Telma Þöll tók þátt í golfi, Katla Sif tók þátt í sundi, María Sigurjóns í lyftingum og síðast en alls ekki síst skal nefna hann Sigurjón Ægi Ólafsson sem tók einnig þátt í lyftingum. Í Berlín vakti okkar maður hug og hjörtu fólks um allan heim. Fólk hreinlega grét af gleði að sjá þennan grjótharða íþróttamann standa upp úr hjólastólnum og skjögra um til að reyna við 100 kg í réttstöðu sem tókst næstum því.

Eftir mótið í Berlín fékk Sigurjón Ægir boð um að taka þátt í HM í kraftlyftingum með búnaði. Þar var boðið útvöldum að taka þátt í Special Olympic flokki. Gullið heim! Já, hann vann sinn þyngdarflokk. Algjörlega sturlaður íþróttamaður.

Eins og alltaf þá viljum við hvetja fólk til að kynna sér starfsemi Suðra. Þar eru engin aldurstakmörk og ljóst er að auk þess að efla hreyfifærni sína hafa margir okkar félaga aukið sjálfstraust sitt og félagsfærni með æfingum og keppni við jafningja..

## Íþróttafélag Uppsveita

Árið 2023 var fjórða starfsár félagsins en enn um sinn er aðeins knattspyrna iðkuð undir formerkjum félagsins þó langtímamarkmið séu um að hýsa fleiri greinar. Meginmarkmið félagsins er að börn á öllum aldri í Uppsveitum Árnessýslu geti iðkað saman hópíþróttir þvert á hreppamörk.

Aðalfundur var haldinn 18. apríl 2023 í félagsheimilinu Árnesi. Aðalráð félagsins skipa Sólmundur Magnús Sigurðarson formaður, Nói Mar Jónsson ritari og Matthías Bjarnason gjaldkeri. Knattspyrnudeild skipa Gísli Þór Brynjarsson formaður meistaraflokksráðs, Gústaf Sæland formaður barna- og unglingaráðs, og Matthías Bjarnason gjaldkeri. Í knattspyrnu er boðið upp á æfingar og keppni fyrir 7. - 3. flokk og meistaraflokk karla í samstarfi við Ungmennafélög Biskupstungna, Hrunamanna, Gnúpverja og Laugdæla. Ungmennafélögin sjá um æfingar á veturna en þátttaka í kappleikjum og mótum er á vegum Íþróttafélagsins. Íþróttafélagið aðstoðar ungmennafélögin á ýmsan hátt t.a.m. við ráðningu þjálfara. Á sumrin sér Íþróttafélagið alfarið



*Keppendur Suðra á Special Olympics, ásamt Örvari þjálfara og Ófeigi formanni félagsins.*

um æfingar og keppnir í knattspyrnu. Í sumar æfðu yngri flokkar félagsins á fjórum völlum til skiptis á Laugarvatni, Flúðum, í Reykholti og í Árnesi. Virkir iðkendur undir 15 ára voru þetta sumarið um 90. Æfingar voru tæplega 100 talsins í yngri flokkum og KSÍ leikir 16 talsins: Uppsveitir tefldu aðeins fram liði á Íslandsmóti KSÍ í 5. flokki karla, en í 4. flokki karla og 3., 4. og 5. flokki kvenna keppti félagið í samstarfi við Hamar og Ægi undir einu formerki. Einnig tefldum við fram liðum á ýmsum sumarmótum og má þar helst nefna Olísmótið á Selfossi og N1 mótið á Akureyri. Þjálfarar voru Gústaf Sæland, Ingvi Rafn Óskarsson, Quico Vanó Sanjuan, Guðni Sighvatsson og Sólmundur Magnús.

Miklar væntingar voru til meistaraflokks karla eftir glæstan árangur á öllum sviðum árið áður. Ekki minnkaði spennan þegar liðið fór alla leið í 32- liða úrslit mjólkurbikarsins eftir sannfærandi sigra í fyrri umferðum. Fékk liðið útileik gegn Bestudeildarliði KA og úr varð mikið fjölmiðlafár þegar Gísli Þór, formaður knattspyrnudeildar sagði allt stefna í „50-50 leik" og að Uppsveitir stefndu að sjálfsögðu á sigur. Viðureignin vakti enn meiri athygli þegar í ljós kom að liðið hafi fengið félagaskipti fyrir Hjört Geir Heimisson. „Liam Killa (þjálfari Uppsveita) hringdi í mig í gær, ég spilaði með honum í Magna, hann sagði að markmaðurinn þeirra væri á Tenerife og hann vantaði markmann í leikinn. Ég sagði við hann að ég gæti alveg aðstoðað hann við þetta en að ég hafði síðast spilað 2018 og gæti ekki lofað því að ég myndi verja eitt skot," sagði Hjörtur í viðtali við Fótbolta.net. Þegar kom svo að leiknum sjálfum uppskar eitt besta lið landsins nokkuð þægilegan 5-0 en lið Uppsveita gat samt sem áður farið heim með höfuð hátt eftir hetjulega baráttu.

Þegar vor varð að sumri fóru ýmis áföll að dynja yfir liðið. Nokkrum dögum fyrir fyrsta deildarleik ákveður þjálfarinn að láta af störfum og til að bæta gráu ofan á svart glímdi aðalmarkaskorari liðsins, George Rasvan, við brjósklos og spilaði aðeins tvo leiki þetta tímabilið. Sumarið leið, liðið tapaði leikjum og ekki tókst að ráða nýjan þjálfara. Þetta var í fyrsta skipti sem liðið spilar í deild sem hægt er að falla úr og varð fall lokaniðurstaðan í lok sumars. Spilar liðið því í 5. deild karla árið 2024.

Lífið er ekki alltaf dans á rósum en félagið heldur ótrautt áfram og ætlar að halda áfram að byggja upp knattspyrnudeild sem samfélag Uppsveita getur stært sig af að eiga, og hlakka öll sem koma að starfinu til nýs starfsárs 2024.



*Matej Kvietok fagnar sigurmarki sínu í 4-3 sigri Uppsveita á KÁ á Probygg-vellinum á Flúðum. Reyndist þetta eini sigur liðsins á heimavelli þetta sumarið.*

## Judofélag Suðurlands

Judofélag Suðurlands (JS) var stofnað laugardaginn 5. mars 2023 og hófust æfingar 9. mars 2023 á Eyrarvegi 33, Selfossi húsnæði Crossfit Selfoss.

Fyrsti aðalfundur JS var haldinn á Selfossi 14. apríl 2023 og var stjórn JS skipuð þannig, formaður Garðar Skaptason, ritari Arnar Freyr Ólafsson og féhirðir Helena Marta Jakobsdóttir. Tilgangur félagsins er að kynna og kenna judo, taka þátt í judomótum innan lands og utan.

Keyptar voru judodýnur til starfseminnar, sem er mikil fjárfesting fyrir nýtt félag.

Aðal þjálfari félagsins var starfsárið 2023 dr. George Buntakis 6. Dan og á haustmánuðum kom einnig til starfa Eirini Fytrou sem sér um þjálfun barna, unglinga og kvenna. Í byrjun desember varð sú breyting að Garðar Skaptason tók við þjálfun meistaraflokks með aðstoð Arnars Ólafssonar.

Á Selfossi hefur aðalstarf félagsins farið fram og þar æfir meistaraflokkur félagsins svo og kvenna flokkur. Hefur orðið hröð framför og upp er að koma hópur mjög efnilegra keppenda.

Þá hefur JS hafið kennslu og þjálfun í judo á Hvolsvelli og Eyrarbakka tvisvar í viku á hvorum stað fyrir börn frá 6 ára aldri að 14 ára. Ljóst er að það tekur tíma að byggja upp slíka starfsemi á nýjum stöðum og fá aðgang að íþróttahúsum, hefur það reynst flóknara en vænst hafði verið þó viðtökur hafi verið vinsamlegar. Börn og unglingar voru 20 um áramót.

Á starfsárinu 2023 hafa 3 keppendur verið valdir í landslið Judosambands Íslands, Hrafn Arnarsson í flokki fullorðina, Böðvar Arnarsson í flokki undir 21 árs og Arnar Helgi Arnarsson í flokki undir 18 ára. Tóku þessir keppendur þátt í mörgum keppnum erlendis svo og æfingabúðum á árinu 2023.

Manuel Lombardo fyrrverandi heimsmeistari U21 árs og nú í 5. sæti á styrkleika lista IJF yfir sterkustu judomanna heims -73kg flokki heimsótti Judofélags Suðurlands í lok ágúst 2023. Fjölmenn opin æfing var með Lombardo 27. ágúst og fór hún fram í sal Judofélags Reykjavíkur þar sem aðstaða Judofélags Suðurlands var of lítil fyrir slíkan viðburð.

Haustmót JSÍ var haldið í Grindavík í þetta skiptið og verður trúlega síðasta judomótið sem haldið verður þar um ókomin ár. Þetta var fyrsta mótið sem JS tekur formlega þátt í undir eigin merkjum og lofaði árangurinn strax góðu.

Æfingabúðir voru hjá JS 22. október og þær haldnar í Íþróttahúsinu á Eyrarbakka. Þátttaka var góð og meðal þátttakenda fimm manna sveit frá UK, þrír karlar og tvær konur.

Þann 17. desember var viðburður hjá JS í íþróttahúsinu á Eyrarbakka þar sem fjöldi eldri og yngri iðkenda þreytti gráðupróf. Þá var starfið kynnt fyrir foreldrum og gestum.

Deginum lauk svo með pylsu- og kaffiveislu. Á starfsárinu hlutu tveir félagar í JS svart belti þeir Hrafn Arnarsson og Böðvar Arnarsson og er það stór áfangi.



*Frá æfingabúðum Judófélags Suðurlands, sem haldnar voru í Íþróttahúsinu á Eyrarbakka.*

## Knattspyrnufélag Árborgar

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 2. mars 2023. Sjálfkjörið var í stjórn félagsins en hana skipa Árni Páll Hafþórsson formaður, Halldór Rafn Halldórsson gjaldkeri, Þórarinn Smári Thorlacius, Bjarni Haukur Guðnason og Gauti Gunnar Halldórsson.

Árið byrjaði frábærlega hjá félaginu. Guðmundur Karl Sigurdórsson var annar tveggja fulltrúa okkar á 101. Héraðsþingi HSK og sigraði hann með glæsibrag í sleifarkeppni þingsins. Þar með náðist loksins markmiðið „sleifina heim" sem stofnendur Árborgar settu sér fyrir rúmum tveimur áratugum.

Meistaraflokkur félagsins tók þátt í Lengjubikarnum, Mjólkurbikarnum og Fotbolti.net bikarnum, sem er ný bikarkeppni neðrideildarfélaga. Árborg komst þar í 16-liða úrslit en árangurinn var ennþá betri í Lengjubikarnum þar sem liðið komst í undanúrslit í C-deildinni.

Árangur Árborgar á Íslandsmótinu var eftirtektarverður. Liðið var í toppbaráttu 4. deildarinnar allt sumarið, sem var markmiðið fyrirfram, og var liðið hársbreidd frá því að komast upp í 3. deildina.

Eitt af markmiðum Árborgar er að tryggja að til staðar sé í sveitarfélaginu ásættanlegur kostur, hvað aðbúnað og fagmennsku varðar, svo að ungir leikmenn sem vilja eflast sem knattspyrnumenn geti unnið að því markmiði í heimabyggð. Heillast þar margir af einkunnarorðum félagsins sem eru „líkamsfegurð, vinnuþrek og táp".

Aðal fjáröflun félagsins er bæjarhátíðin Sumar á Selfossi, sem er stærsta bæjarhátíð Suðurlands ár hvert. Hátíðin féll niður í heimsfaraldrinum sem orsakaði gríðarlegt tekjutap hjá félaginu en nú mættum við aftur til leiks árið 2023 og hefur hátíðin aldrei verið stærri eða fjölbreyttari. Ekki væri hægt að halda hátíð sem þessa án allra sjálfboðaliðanna sem leggja hönd á plóg en við Árborgarar erum svo heppnir að eiga gríðarlega góðan hóp af sjálfboðaliðum sem vinna í kringum hátíðina. Þar hafa meðal annars fyrrverandi leikmenn félagsins reynst þyngdar sinnar virði í gulli.

Á glæsilegu lokahófi félagsins var Þorsteinn Daníel Þorsteinsson útnefndur leikmaður ársins, Sigurður Óli Guðjónsson bjartasta vonin, Hrvoje Tokic varð markakóngur og félagar ársins voru heiðurshjónin Símon Sveinsson og Helena Sif Kristinsdóttir.



*Lið Knattspyrnufélags Árborgar 2023.*

## Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur Knattspyrnufélags Rangæinga var haldinn 22. mars 2023 þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og kosin var ný stjórn. Í stjórn félagsins sitja Tinna Erlingsdóttir formaður, Gunnar Aron Ólason gjaldkeri, Sandra Sif Úlfarsdóttir ritari, Jónas Örn Hreiðarsson og Guðrún Lára Sveinsdóttir, meðstjórnendur. Ellert Geir Yngvason og Klara Viðarsdóttir eru varamenn.

Mannauður félagsins er mikill og á árinu 2023 voru átta starfandi þjálfarar hjá félaginu. Þjálfarar félagsins á nýliðnu starfsári voru Ólafur Örn Oddsson, Yngvi Karl Jónsson, Ástvaldur Helgi Gylfason, Lárus Viðar Stefánsson, Þorgils Freyr Gunnarsson, Stefán Bjarki Smárason, Óðinn Magnússon og Helga Dögg Ólafsdóttir. Meistaraflokkur karla KFR spilaði í 5. deild á tímabilinu en þjálfarar þeirra voru Yngvi Karl Jónsson og Hjörvar Sigurðsson.

Iðkendafjöldi KFR hefur aukist jafnt og þétt og í yngri flokkum félagsins æfa yfir 250 iðkendur knattspyrnu úr þremur sveitarfélögum, Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Sveitarfélögin standa þétt við bakið á félaginu og veita árlega góða styrki til félagsins til að sinna iðkendum sínum, bæði í peningastyrkjum og með aðgangi að íþróttasvæðum sveitarfélaganna. Sérstakt átak fór af stað haustið 2019 til þess að auka vægi stúlkna í knattspyrnu og fékk félagið veglegan styrk frá Rannís til þessa verkefnis. Verkefnið hefur einnig hlotið styrk úr Verkefnasjóði HSK. Þetta er langtímaverkefni á vegum félagsins og hefur skilað auknum iðkendum meðal stúlkna í sýslunni. Einnig er nýstofnaður meistaraflokkur kvenna KFR að þróast. KFR fékk einnig styrk frá HSK til þess að bjóða yngstu iðkendunum, 4-6 ára, fríar æfingar í samstarfi við leikskólana á svæðinu á þarsíðasta ári og það þróunarverkefni hefur heldur betur dafnað og vaxið. 8. flokkur er orðinn mjög stór.

Iðkendur yngri flokka fóru á mörg mót víðsvegar um landið og erlendis á tímabilinu og einnig tók KFR þátt í Faxaflóamóti og Íslandsmóti KSÍ.

## Knattspyrnufélagið Ægir

Aukaaðalfundur félagsins var haldinn 4. desember 2023 en breytingar verða á reikningsári félagsins sem miðaðist við tímabilið, en verður nú almanaksárið. Aðalfundur vegna 2023 verður því haldinn í mars 2024. Núverandi aðalstjórn félagsins skipa Guðbjartur Örn Einarsson, formaður, Kolbrún Rakel Helgadóttir, meðstjórnandi, Rakel Guðmundsdóttir, ritari og Lárus Guðmundsson og Jón Reynir Sveinsson, meðstjórnendur. Yfirþjálfari félagsins er Torfi H. Björnsson.

**Starfsemi yngri flokka 2023**

Árið byrjaði mjög vel og var góður kjarni af börnum að æfa, sérstaklega í 7.-8. flokki. Þar er nokkuð sambærilegur fjöldi og í körfunni hjá Umf. Þór sem hefur ekki verið undanfarin ár. Æfingatímarnir voru nánast þeir sömu milli ára og æfingafjöldi sá sami. Æfingar byrjuðu snemma á daginn en það hentaði vel fyrir yngstu krakkana. Við byrjuðum í samstarfi við Hamar í vor og var samstarfið í 5. og 6. flokki karla og kvenna. Samstarfið hefur gengið vel og verður áfram og bætist 4. flokkur einnig við. Krakkarnir í 6. flokki fóru á Orkumótið í Vestmannaeyjum með eitt lið ásamt Hamri og stóðu sig vel. Sex strákar í 5. flokki fóru ásamt Hamri á N1-mótið og kepptu þar í tveimur liðum. Bæði lið stóðu sig vel, annað spilaði til úrslita í sínum flokki og hitt hlaut bronsverðlaun í sínum flokki. Við erum því miður með lítið af stelpum hjá okkur, stelpuæfingarnar skiluðu okkur því miður ekki iðkendum inn í starfið og við hættum með þær.




*Stúlknalið KFR í 3. flokki fór á Costa Blanca Cup á Spáni sumarið 2023. Þar unnu þær B-úrslit í sínum riðli.*




*5. flokks lið Hamars/Ægis á N1 mótinu síðasta sumar.*

Vorum með eina stelpu á eldra ári í 6. flokki og keppti hún með Hamri á Símamótinu og stóð sig með prýði. Við erum að vinna í að fjölga stelpunum og erum að byrja í yngstu flokkunum (7.-8. fl). Erum búin að fara á nokkur mót með stelpuliðið og þær staðið sig vel og notið sín betur í stelpubolta. Í 7. flokki var farið á Norðurálsmótið með tvö Ægislið, 13-14 krakka bæði stráka og stelpur en stelpurnar spiluðu með strákunum og gáfu þeim ekkert eftir. Því miður erum við ekki með neina krakka í 2.-3. flokki en brottfallið virðist vera mikið í kringum 4. flokk, þar sem 11 manna boltinn byrjar. Þá þarf samstarf og sækja æfingar á Selfoss og margir gefast upp eða skipta yfir í Selfoss. Vonandi náum við samt að halda okkar krökkum í 4.-5. flokki með samstarfinu við Hamar.

Okkar stærsta hindrun er skortur á vetraraðstöðu til að æfa nútímaknattspyrnu. Margir krakkar velja aðrar íþróttir yfir vetrartíma (inniíþrótt) þar sem okkar aðstaða er ekki góð. Fáir æfa með eldri flokkum á parketi nema í neyð eins og við höfum þurft að gera. Okkur bráðvantar hér í Þorlákshöfn knatthús/fjölnota íþróttahús og höfum verið að þrýsta á bæjaryfirvöld um slíkt. Við vonumst til að draumur okkar verði að veruleika innan 1-2 ára enda yrði slíkt bylting fyrir alla okkar aðstöðu. Ný stjórn BUR hefur stutt vel við starfið og búið að stofna foreldraráð í kringum hvern flokk fyrir sig til að halda betur um starfið og vera stuðningur og aðhald fyrir þjálfarana.

**Meistaraflokkur karla 2023**

Nenad Zivanovic aðalþjálfari meistaraflokks karla og Baldvin Borgarsson til aðstoðar, hafa verið með liðið óslitið síðan árið 2019 og hefur verið sérlega góður uppgangur á þessum árum og liðið hefur unnið sig frá 4. deild 2019 alveg upp í Lengjudeild 2023. Reyndar komst liðið óvænt upp í Lengjudeildina í byrjun apríl 2023 þar sem Kórdrengir fengu ekki keppnisleyfi og Ægir sem lenti í 3. sæti í 2. deild árið á undan valdist upp. En þetta var reyndar afar lítill tími til undirbúnings fyrir þessa sterku deild samfara mikilli óheppni og meiðslum á lykilmönnum í byrjun og þegar líða tók á mótið. Einnig voru margir leikmenn okkar ekki með neina reynslu í að spila á þessu afrekstigi. En þó margt hafi ekki gengið upp, þá er líka margt sem var jákvætt. Flestir leikir (fyrir utan þá allra síðustu) voru jafnir leikir og spennandi og jákvætt að sjá hvað við vorum nálægt þessu framan af. En það sem við tökum aðallega frá þessu tímabili er sú mikla reynsla sem ávannst og við vitum allavega núna hvað það er að spila í þessari deild og verðum vonandi betur undirbúnir ef við komumst upp á ný.

Stjórn félagsins vill þakka öllum ráðum, leikmönnum, þjálfurum og stuðningsfólki fyrir tímabilið og árið 2023 og ekki síður öllum þeim sjálfboðaliðum sem komu að starfinu í sumar.

## Körfuknattleikfélag Selfoss

Aðalfundur var haldinn 29. mars 2023. Nýr formaður var kosinn ásamt nokkrum nýjum í stjórn. Í stjórn voru kjörin: Guðbjörg Bergsveinsdóttir, formaður, Guðbjörg Sigríður Kristjánsdóttir, Linda Rós Jóhannsdóttir, Þórey Helgadóttir, Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, Guðmundur Ármann Böðvarsson og Anna Valgerður Sigurðardóttir.

Yngriflokkastarfið stendur í blóma og iðkendum hefur fjölgað mikið á síðasta ári. Búið var að ráða alla þjálfara um mitt sumar og erum við með flott þjálfarateymi sem fara reglulega á námskeið og ná sér í meiri menntun. Við erum með fjölmennasta hóp landsins í 12. flokki en það eru strákar á aldrinum 16-17 ára. 12. flokkur - A varð deildarmeistari í 2. deild en þeir töpuðu ekki leik allt tímabilið. Framtíðin er björt hjá þessum strákum.

Árni Þór Hilmarsson var ráðinn þjálfari meistaraflokks og þjálfari við körfuboltaakademíu FSu. Akademían hefur aldrei verið eins fjölmenn og síðasta ár, enda mjög metnaðarfullt starf þar í gangi og áhugasamir nemendur. Árni var líka ráðinn yfirþjálfari og umsjónarmaður yngri flokka.

Meistaraflokkur karla lék í 1. deild karla og varð árangurinn nokkuð góður. Í haust vorum við með alveg nýtt lið í meistaraflokknum en það er byggt mikið á ungum sunnlenskum leikmönnum sem eru að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokknum. Þetta eru ungir strákar sem hafa æft með yngri flokkum félagsins. Einnig vorum við með tvo erlenda leikmenn og fjóra eldri með aðeins meiri reynslu sem hafa góð áhrif á þessa ungu leikmenn.

Þrjár nýjar fjáraflanir voru haldnar en það var páskahappdrætti sem var rétt fyrir páska, fjölskyldubingó sem haldið var fyrsta sunnudag í aðventu og partýbingó sem haldið var síðasta föstudag í desember og allar þessar fjáraflanir heppnuðust frábærlega og verða klárlega haldnar aftur.

Körfuknattleiksmaður ársins 2023 var valinn Birkir



*Lið Körfuknattleiksfélags Selfoss varð deildarmeistari í 2. deild í 12. flokki á árinu.*

Hrafn Eyþórsson. Birkir Hrafn kemur úr uppeldisstarfi félagsins og varð 17 ára á árinu. Hann var einnig valinn í U-18 landsliðið og keppti fyrir Íslands hönd sl. sumar.

## Skotíþróttafélagið Skyttur

Árið 2023 var viðburðaríkt í starfi félagsins. Nýr æfingasalur var tekinn í notkun á Hvolsvelli og síðan þá hefur vaxandi uppbygging átt sér stað í barna- og unglingastarfi sem og hjá fullorðnum. Æfingar voru vikulega í þremur flokkum bæði á haustönn og vorönn. Um 30 iðkendur í barna- og unglingaflokki tóku þátt í starfinu á árinu. Æft var með laserrifflum fyrir aldurinn 6-14 ára og loftbyssum hjá 15-20 ára. Í sumar var haldið námskeið í haglabyssu fyrir unglinga.

Á árinu var klárað að steypa sökkul undir nýtt riffilhús á svæðinu sem var stór áfangi.

Af íþróttaafrekum á árinu þá kepptu Skyttur á nokkrum mótum með góðum árangri. Elín Kristín Ellertsdóttir vann silfur í stúlknaflokki á landsmóti 18. mars í loftskammbyssu. Óðinn Magnússon náði gulli á sama móti í drengjaflokki og A-lið Skyttna í fullorðinsflokki tók silfur í liðakeppni.

Óðinn Magnússon varði Íslandsmeistaratitilinn sinn í unglingaflokki drengja í 50m riffli þann 17. apríl.

Félagið sendi átta keppendur á Íslandsmótið í loftskammbyssu sem haldið var 29. apríl. Elín Kristín Ellertsdóttir varð Íslandsmeistari í stúlknaflokki. Óðinn Magnússon tók silfur í drengjaflokki og var Elfar Egill Ívarsson með brons í drengjaflokki.

Þann 9. desember kepptu fimm frá Skyttum á landsmóti í loftskammbyssu sem skilaði bronsi í liðakeppni.

Í haglagreinum kepptu Bríet Berndsen og Bjarki Rafnsson í skeet á SÍH open landsmóti. Bríet vann gull og Bjarki silfur á því móti en þau eru bæði að keppa í unglingaflokki.

Á árinu 2024 er stefnt á frekari uppbyggingu í barna- og unglingastarfi en félagið hefur þegar keypt tvo loftriffla til að bæta loftriffilgreinum við starfið en hingað til hefur aðeins verið æft á loftskammbyssur í unglingaflokki.

Aðalfundur hjá félaginu var haldinn þann 8. mars 2023.

## Skotíþróttafélag Suðurlands

Skipan stjórnar: Gunnar Egilsson, formaður, Steinþór Hjartarson, varaformaður, Margrét Ósk Jónsdóttir, gjaldkeri, Guðmundur Gestur Þórisson, meðstjórnandi og vallarstjóri og Hákon Svavarsson, meðstjórnandi.

Haldnir voru 3 stjórnarfundir á árinu. Heildarfjöldi félagsmanna í árslok eru 592, sem er fjölgun um 75 nýja félaga á milli ára. Við bjóðum þá velkomna. Hver og einn félagi okkar leggur hönd á plóg, beint eða óbeint, félagið verður sterkara fyrir bragðið og getur styrkt við áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu og gott félagsstarf og fræðslu.

Tvö skeet mót voru haldin á vellinum og eitt Íslandsmeistaramót í skeet.

Mikil aðsókn er á compatvöllinn og hefur hann reynst afburðavel. Mikil aukning hefur einnig verið á riffilvöllinn og aðstaða þar með ágætum. Haldið var eitt innanfélagsmót í 22 cal. riffli og eitt veiðirifflamót var einnig haldið. Það var haldið blandað mót, haglabyssu og riffla.



*Á árinu var klárað að steypa sökkul undir nýtt riffilhús hjá Skyttum.*

Algjör metaðsókn var á skotsvæðið til æfinga, bæði á riffil og skeet.

Tekin voru 226 skotpróf fyrir hreindýraveiðar og greinilegt er að fólk kemur betur undirbúið og mun færri endurupptökur voru á skotprófum, sem er jákvætt. Færri skotpróf sýna því bæði hæfari skotmenn og einnig voru færri úthlutanir til hreindýraveiða.

Félagið tók að sér að verklegar leiðbeinandi æfingar vegna skotvopnaleyfa fyrir UST og voru 167 nemendur sem þáðu leiðsögn. Við vonum að leiðsögnin eigi eftir að reynast nýjum skyttum vel til veiða og æfinga. Einnig tók félagið að sér að vera með æfingarskotfimi fyrir starfsmenn af skemmtiferðaskipum.

Innkoman af þeirri vinnu kom sem tekjur inn á félagið.

Keppnisfólkið okkar gerði garðinn frægan eins og oft áður enda skapar æfingin meistarann.

Því til staðfestingar má nefna að Hákon Svavarsson setti Íslandsmet 122 af 125 þann 30. júlí 2023 og var stigameistari 2023. Hefur hann nú öðlast sæti í Ólympíuhópi ÍSÍ, en þeir sem komast í þann hóp eiga raunhæfa möguleika á að keppa fyrir Íslands hönd í Frakklandi í sumar 2024. Frábær árangur og við erum stolt af okkar félagsmanni.

Lagaðir voru riffilbartar á skotvellinum og sett upp ný lýsing á brautirnar. Haldið var áfram með nýju viðbygginguna við þjónustu- og félagshúsið og gengur það vel. Vonir standa til að það verk klárist 2024. Settum hurð á nýfenginn aðstöðugám og steyptum gólf í hann einnig var lagt fyrir rafmagni fyrir ljós og hita. Múrarameistaranum og félaga okkar, Guðmundi Ingvarssyni, þökkum við sérstaklega fyrir höfðinglega framgöngu og frábæra vinnu við það verk. Vel gert félagi.

Framundan eru nokkur verk svo sem að ljúka við aðstöðuhúsið okkar, koma lýsingu upp fyrir skeetvöllinn, endurskipuleggja greiðslufyrirkomulag æfingagjalda á compactvöll, mótahald o.fl.

Með samhentum félagsmönnum fáum við betri aðstöðu og frábærar skyttur til veiða, æfinga og keppni. Áfram við!

## Torfæruklúbburinn

Aðalfundur var haldinn 13. maí. Stjórn félagsins skipa Sigurður Ingi Sigurðsson formaður, Páll Jónsson varaformaður, Birgir Brynjólfsson gjaldkeri, Sighvatur Fannar Nathanaelsson ritari og Guðbjörn Grímsson meðstjórnandi.



*Einbeittur iðkandi hjá Skotíþróttafélagi Suðurlands á æfingu.*

Starfsár Torfæruklúbbsins árið 2023 hefur verið viðburðaríkt. Á aðalfundi í maí tók ný stjórn við rekstrinum og urðu miklar breytingar hjá félaginu.

Torfæruklúbburinn hélt tvær bikarkeppnir á nýju svæði hér á Suðurlandi, nánar tiltekið í kringum Laugarvatn. Mikill áhugi er fyrir þessu nýja svæði þar sem lítið framboð er af malarnámum til að stunda þessar akstursíþróttir. Keppnirnar fóru vel fram, mikið var um nýtt starfsfólk í hverri stöðu og mátti ekki sjá að þau höfðu verið að halda keppni í fyrsta sinn. Mikill fjöldi áhorfenda mættu á þetta nýja svæði og má segja að þetta svæði sé komið til með að vera inn í keppnisdagatali hjá klúbbnum næstu árin.

Í nóvember hélt Torfæruklúbburinn fyrstu torfærubílasýningu í reiðhöllinni á Ingólfshvoli. Á sýningunni voru mætt öll helstu keppnistæki landsins, um það bil 50 keppnistæki sem hafa verið í keppni síðastliðin 58 ár. Sýningin var vinsæl og mikill áhugi var hjá bæði keppendum ásamt áhugamönnum íslenskrar torfæru.

Stjórnin fór í það að láta búa til merktan félagsfatnað, sem er nú kominn í sölu. Þessa stundina er klúbburinn að vinna að útgáfu á tímariti um íslensku torfæruna og má búast við að blaðið komi út í maí 2024. Torfæruklúbburinn stefnir á að halda þrjár keppnir á næsta keppnistímabili, þar sem verið er að skoða annað nýtt keppnissvæði hér á Suðurlandi.

## Umf. Biskupstungna

Stjórn Ungmennafélags Biskupstungna tók breytingum á síðasta ári og á aðalfundi sem haldinn var 25. maí 2023 voru skipuð í stjórn Dagur Fannar Magnússon formaður, Harpa Sævarsdóttir gjaldkeri, Dagný Rut Grétarsdóttir ritari og varamenn Jóna Sigríður Guðmundsdóttir og Kristín Ísabella Karlsdóttir. Á aðalfundi voru verðlaunuð Lilja Björk Sæland og Baltasar Breki Matthíasarson, en hefð hefur skapast fyrir því að veita verðlaunin til efnilegra einstaklinga sem lifa heilbrigðum lífsstíl og stunda sína íþrótt af krafti.

Í íþróttastarfi deildarinnar vorið 2023 var boðið upp á fótbolta fyrir 1.-10. bekk, badminton og blak fyrir 5.-10. bekk, krakkaþrek fyrir 5.-7. bekk, körfubolta fyrir 1.-7. bekk og skólahreysti fyrir 8.-10. bekk. Haustið 2023 breyttist aðeins hvað var í boði að æfa

en þá var hægt að stunda borðtennis fyrir 5.-10. bekk, fótbolta fyrir 1.-10. bekk, skólahreysti fyrir 8.-10. bekk, blak fyrir 5.-10. bekk, körfubolta fyrir 1.-10. bekk og handbolta fyrir 1.-5. bekk.

Leiklistardeildin hélt svo sýningu haustið 2023 þar sem sett var upp barna- og fjölskylduleikritið Rúi og Stúi. Var hún ágætlega sótt en þetta var í fyrsta skipti sem sett hefur verið upp leikrit sem miðar að börnum og í fyrsta sinn sem hefur verið sýnt að hausti en vanalega hafa sýningar farið fram í febrúar. Í tilefni af 115 ára afmæli ungmennafélagsins var ákveðið að bjóða öllum börnum á starfssvæði félagsins á sýninguna.

## Umf. Dagsbrún

Stjórn skipa Albert Rútsson formaður, Jóel Elvarsson ritari og Pia Rumpf gjaldkeri. Varamenn eru Bjarki Hafberg Björgvinsson og Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir.

Í lok janúar var haldið þorrablót. Við, í Austur-Landeyjum hlökkum sérstaklega til að halda þorrablót. Skemmtilegt fólk mætti og eyddi góðum stundum saman. Það var mikið hlegið og dansað.

Aðalfundur félagsins 2023 var haldinn 22. mars. Rædd voru ýmis atriði fyrir komandi ár.

Í desember var haldið jólaball og voru jólasveinarnir heldur betur vel stemmdir og mætingin góð.

## Umf. Eyfellingur

Umf. Eyfellingur og Umf. Trausti skiptast á að halda þrettándabrennu. Þetta árið var hún haldin við Skógafoss og var fjölmenni við brennuna. Á eftir var boðið uppá kaffi og konfekt í Fossbúð. Félagið sér ekki lengur um íþróttir ungmenna á svæðinu. Flestir félagsmenn sem taka þátt í íþróttum gera það undir merkjum Íþróttafélagsins Dímonar.

Í ár var sundlaugin á Seljavöllum hreinsuð nokkrum sinnum og hreinsað rusl á svæðinu en laugin er eitt af helstu kennileitum svæðisins og hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Haldið var upp á 100 ára afmæli laugarinnar þann 12. ágúst 2023. Af því tilefni tóku félagar sig saman og settu laugina í afmælisbúning, máluðu, þrifu og kölkuðu. Grétar og Dídí á Seljavöllum lögðu veginn inn að laug og gerðu nýja flotta göngubrú yfir lækinn. Fjölmenni mætti að lauginni og síðan var haldið í félagsheimilið Fossbúð þar sem boðið var upp á grillveislu og ræðuhöld. Virkilega notalegur dagur. Hátíðin var haldin í samvinnu við hollvini Seljavallalaugar.

Uppgerð félagsheimilisins Dagsbrúnar er enn í biðstöðu.

Formaður félagsins er Ármann Fannar Magnússon. Aðalfundur félagsins var haldinn 1. desember 2023.

## Umf. Eyrarbakka

Aðalfundur var haldinn 15. febrúar 2023.

Hópshlaupið var haldið í apríl og maí. Hlaupið var fjórum sinnum og boðið upp á súkkulaði og safa eftir síðasta hlaupið. Verðlaunapeningur afhentur þeim sem hlupu þrisvar sinnum á hátíðarhöldum Kvenfélags Eyrarbakka á 17. júní.

Ungmennafélagið tók að sér skipulagningu og umsjón á Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka ásamt fleiru góðu fólki. Þá er skipulögð dagskrá í þorpinu fyrir alla aldurshópa og um kvöldið er skemmtun yfir varðeldi.



*Jólaball Umf. Dagsbrúnar í Gunnarshólma.*

Fyrsta sunnudag í aðventu var kveikt á jólatrénu, dansað í kringum það og jólasveinar mættu með gotterí fyrir börnin.

Boðið var upp á fjölskyldustund í samkomuhúsinu Stað á aðventunni. Þar gátu fjölskyldur mætt einn laugardagsmorgun og börnin leikið sér í þrautabraut sem var lögð í salnum. Þetta mældist vel fyrir og stefnt að því að gera þetta að föstum lið nokkrum sinnum yfir árið.

Stjórn UMFE skipa Bjarni Þór Erlingsson formaður, Vigdís Sigurðardóttir gjaldkeri, Hera Fjord ritari og Ragna Jónsdóttir, Elísabet Ómarsdóttir, Pétur Logi Pétursson og Dario Massarotto meðstjórnendur.

## Umf. Framtíðin

Stjórn Ungmennafélagsins Framtíðarinnar 2023 skipa Karen Eva Sigurðardóttir formaður, Helgi Ármannsson gjaldkeri, Lilja Guðnadóttir ritari og meðstjórnendurnir Aldís Harpa Pálmarsdóttir og Véronique Julien.

Aðalfundur félagsins var haldinn 14. febrúar 2023 í íþróttahúsinu í Þykkvabæ. Aðalfjáröflun félagsins var blómasala í Þykkvabæ og nærsveitum fyrir konudaginn ásamt dósasöfnun.



*Umf. Eyfellingur hélt uppá 100 ára afmæli Seljavallalaugar á árinu.*

17. júní hátíðarhöld heppnuðust vel. Grillaðar voru pylsur, hoppukastali var á staðnum, hátíðarlest og pönnufótboltavöllur. Kvenfélagið Sigurvon bauð upp á kaffiveitingar að loknu pylsuáti.

Kyrrðarjóga var einnig í boði fyrir unga sem aldna og var mætingin góð.

Boltó var vikulega í umsjón Helga Ármannssonar. Þá býðst börnum og fjölskyldum upp á að koma í íþróttahúsið í frjálsan leik og kíkja á bókasafnið.

Í desember hjálpuðu börnin sem mættu í boltó að skreyta jólatréð í íþróttahúsinu og vakti það mikla lukku.

## Umf. Gnúpverja

Stjórn Ungmennafélags Gnúpverja 2023-2024 skipa: Magnea Guðmundsdóttir, formaður, Þórður Ingvason, gjaldkeri og Jón Marteinn Finnbogason, ritari. Aðalfundur félagsins var haldinn í Árnesi 14. júní 2023, Ingvar Þrándarson gaf ekki kost á sér sem gjaldkeri félagsins, en hann hafði sinnt þeirri stöðu síðastliðin 10 ár, Þórður Ingvason var kosinn gjaldkeri í hans stað.



*Frá 17. júní hátíðarhöldum Umf. Framtíðarinnar.*



*Ingvar Þrándarson fráfarandi gjaldkeri Umf. Gnúpverja til 10 ára slítur hér sínum síðasta aðalfundi, að minnsta kosti að sinni.*

Æfingaárið hófst um miðjan janúar með knattspyrnuæfingum að nýju eftir jólafrí, æft var tvisvar til þrisvar sinnum í viku, ýmist úti eða inni eftir veðri. Í júní hófst sumaræfingaplan í samstarfi við Íþróttafélag Uppsveita (ÍBU) líkt og síðustu sumur, æfingar voru sameiginlegar með ungmennafélögum í uppsveitum Árnessýslu, ætlaðar börnum á aldrinum 5-16 ára. ÍBU sá um skipulag og þjálfun sumarsins með Gústaf Sæland í fararbroddi. Sameiginleg lið frá ÍBU tóku þátt í hinum ýmsu knattspyrnumótum síðasta sumar. Æfingar sumarsins gengu vel, mæting góð og mikill áhugi hjá iðkendum að halda áfram að æfa, en því miður tókst ekki að útvega knattspyrnuþjálfara fyrir næsta tímabil og stóð því börnunum til boða að æfa með Hrunamönnum. Einnig var boðið upp á körfuboltaæfingar einu sinni í viku í Árnesi á vor- og haustönn og kom þjálfarinn, Óðinn Freyr Árnason frá Ungmennafélagi Hrunamanna. Æfingar voru að öllu jafna vel sóttar, þá sérstaklega hjá yngri kynslóðinni. Síðasta æfing ársins fór svo fram á Flúðum en þá buðu Hrunamenn krökkunum yfir á æfingu með sér og var hún mjög vel sótt af okkar krökkum. Í samstarfi við starfsmenn sveitarfélagsins okkar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps (skrifstofu, bílstjóra og skóla), tókst okkur að bjóða krökkunum upp á keyrslu á æfinguna og heim aftur. Með því að skipuleggja svona akstur erum við að auka aðgengi allra barnanna.

Þó ekki hafi tekist að útvega knattspyrnuþjálfara þá var stjórnin hvergi nærri hætt og fór í að vinna að nýjungum í starfi. Á haustmánuðum hófust æfingar í borðtennis, en mikil hefð ríkir í sveitarfélaginu á borðtennis. Fjárfest var í fleiri borðtennisborðum og aukahlutum sem þarf til að getað spilað borðtennis. Æfingar eru 1 sinni í viku í Árnesi og er þjálfarinn Ruben Illera Lopez. Góð aðsókn hefur verið í borðtennis og vonandi munum við geta boðið upp á fleiri æfingar í viku og jafnvel fyrir fullorðna líka.

Að lokum viljum við hjá Umf. Gnúpverja þakka Ingvari Þrándarsyni kærlega fyrir hans störf og framlag til félagsins undanfarin ár.

## Umf. Hekla

Aðalfundur Umf. Heklu var haldinn þann 15. júní árið 2023. Hefðbundin aðalfundarstörf voru á dagskrá og var ný stjórn kjörin. Formaður var kjörinn Ástþór Jón Ragnheiðarson og aðrir í stjórn Drífa Nikulásdóttir, Ingibjörg Matthíasdóttir, Muhammad Azfar Karim og Svala Guðmundardóttir. Varamenn voru kjörnir Sindri Snær Bjarnason og Brynhildur Sighvatsdóttir.

Líkt og í flestum ungmennafélögum nútímans einkenndi íþróttaiðkun megnið af starfi ungmennafélagsins Heklu. Ungmennafélagið Hekla heldur úti æfingum fyrir iðkendur í körfuknattleik, frjálsíþróttum, fimleikum, blaki og línuskautum. Þá voru einnig námskeið og önnur verkefni, dansnámskeið, leikjanámskeið og verkefni akstursíþrótta og pílu. Helstu verkefni íþróttanna að utanskyldum hefðbundnum æfingum voru körfuboltamót og keppnislið Dímons/Garps/Heklu í körfuknattleik 10. flokks, nokkur frjálsíþróttamót og fimleikasýning.

Á árinu fór Ungmennafélagið Hekla í stór verkefni er varða fjárhag félagsins. Fyrirtækjum var boðið til samstarfs við félagið og eru styrktaraðilar félagsins nú sex talsins: Þjótandi, Rafhella, Stracta Hótel, Samkaup, Arion banki og Reykjagarður. Með samstarfinu eru fyrirtækin formlegir styrktaraðilar félagsins og skuldbinda sig til þess að styðja við félagið fjárhagslega og Ungmennafélagið Hekla skuldbindur sig til þess að koma upp skilti merktu fyrirtækinu í íþróttahúsinu á Hellu og vekja athygli á samstarfinu á annan hátt.

## Umf. Hrunamanna

Aðalfundur UMFH var haldinn 25. apríl 2023. Jóhanna Bríet Helgadóttir er formaður félagsins, Hildur Hjálmsdóttir gjaldkeri, Fríður Sæmundsdóttir ritari og Sigurður Sigurjónsson og Helgi Valdimar Sigurðsson meðstjórnendur.

Körfuboltadeildin hélt áfram sínu starfi með hefðbundnum hætti. Deildin býður uppá æfingar fyrir allan grunnskólaaldur, en vegna fækkunar barna á grunnskólaaldri hefur reynst erfiðara að halda úti mörgum liðum og leitað hefur verið til annarra liða með samstarf. Hrunamenn eiga einnig ungmennaflokk í körfubolta. Meistaraflokkur karla hélt sæti sínu í 1. deild og vann liðið nokkra góða sigra. Hrunamenn eiga nokkra iðkendur í unglingalandsliðum KKÍ sem við erum afar stolt af.

Knattspyrnudeildin heldur úti æfingum yfir vetrartímann í íþróttahúsinu okkar á Flúðum. Þar eru öflugir iðkendur sem stunda sína íþrótt af kappi. Á sumrin keppir liðið undir merkjum ÍBU og hafa iðkendur farið á ófá mót, sem ekki væri gerlegt nema með sameiginlegu uppsveitaliði. Frábært samstarfsverkefni.

Á haustmánuðum reis fimleikadeildin okkar aftur upp og heldur úti öflugu starfi. Aðalmarkmiðið er að fá iðkendur til okkar á æfingar og hafa gaman að. Það sést hver þörfin fyrir fimleikum var orðin mikil, en góð mæting er á allar æfingar.

Blakdeild kvenna og karla héldu sínu starfi. Bæði lið tóku þátt á Íslandsmótum og Öldungamóti með ágætis árangri. Góðir sigrar innan og utan vallar.

## Umf. Hvöt

Íþróttaæfingar fyrir börn voru vel sóttar í upphafi árs og um 30 börn að æfa hjá félaginu. Auk æfinga fyrir krakka voru blakæfingar fullorðinna vel sóttar.

Loksins var haldið þorrablót og var það vel sótt enda komin 3 ár frá síðasta blóti.

Aðalfundur félagsins var haldinn 13. apríl í félagsheimilinu Borg. Á fundinum var boðið upp á fræðslu um mikilvægi íþrótta og tómstunda fyrir börn og unglinga. Á fundinum var kosinn nýr gjaldkeri og núverandi stjórn skipa Guðrún Ása Kristleifsdóttir



*Heklukrakkar á dansnámskeiði hjá félaginu.*

formaður, Guðný Helgadóttir gjaldkeri og Sigríður Þorbjörnsdóttir ritari. Guðni Reynir Þorbjörnsson er áfram varamaður í stjórn og Ingólfur Örn Jónsson skoðunarmaður reikninga.

Um vorið tók kvennalið Hvatar þátt í Öldungamóti í blaki á Akureyri og Húsavík en nokkur ár eru síðan það var síðast gert.

Ekkert leikjanámskeið var þetta sumarið en í staðinn var boðið upp á BMX námskeið sem var vel sótt.

Yfir sumartímann var Hvöt ekki með neinar æfingar. Boðið var upp á tveggja vikna sundnámskeið á Borg og var það vel sótt.

Haustið 2023 hófust æfingar aftur og nú boðið upp á knattspyrnu, frjálsar íþróttir og körfubolta. Tæplega 20 börn og unglingar hófu æfingar þetta haustið. Blakæfingar kvenna eru einnig vel sóttar og liðið þátttakandi í héraðsmótum.

Um haustið keypti ungmennafélagið pílu-spjöld og fékk að setja upp í frístundaaðstöðu sveitarfélagsins og er stefnt að því að bjóða fólki að koma og spila pílu og jafnvel að hafa námskeið.

Ungmennafélagið á í mjög góðu samstarfi við frístundastarf skólans þar sem starfsmenn skólans fylgja börnunum í íþróttastarfið og aðstoða ef á þarf að halda og erum við mjög þakklát fyrir það.

Að lokum fengum við svo jólasvein til að heimsækja börn á aðfangadag í samstarfi við Lionsklúbbinn Skjaldbreið.

## Umf. Ingólfur

Starf Umf. Ingólfs var svipað og undanfarin ár. Aðalfundur var haldinn 30. maí 2023 í fjarveru formanns.

Engar breytingar voru gerðar á stjórn. Formaður er Þröstur Guðnason, gjaldkeri Kristinn Guðnason, ritari Þórhalla G. Gísladóttir og varastjórn sama og áður.

Á fundinum var ákveðið að fara í endurbætur á girðingu í kringum skógrækt félagsins. Í þetta verkefni fóru svo vaskir félagsmenn og velunnarar í sumar.

Þröstur mætti á héraðsþing á Hellu í mars og var þar sæmdur Gullmerki HSK og Starfsmerki UMFÍ fyrir 36 ára setu sem formaður Umf. Ingólfs og önnur störf fyrir HSK.

Stjórnarfundur var haldinn heima hjá formanni að Lækjarbraut 9 seinnipart sumars. Engilbert framkvæmdastjóri HSK mætti einnig. Þar var farið yfir girðingarframkvæmdir við skógrækt sem höfðu gengið vel. Síðan voru teknar fram gamlar fundargerðabækur Ingólfs og blaðað í þeim góða stund. Að lokum var ákveðið að koma þessum bókum á Héraðsskjalasafnið á Skógum. Þröstur þakkar samstarfið við HSK á árinu.

## Umf. Laugdæla

Í kjölfar aðalfundar UMFL síðastliðið vor hélt þáverandi aðalstjórn félagsins öll áfram störfum. Eva Hálfdánardóttir er gjaldkeri, Elías Bergmann Jóhannsson, formaður og Magnús Kjartan Eyjólfsson sem aðalritari. Innan félagsins eru nokkrar deildir; körfuboltadeild, knattspyrnudeild, blakdeild, skák-deild, frjálsíþróttadeild, fimleikadeild, glímudeild, klifurdeild ásamt því að á árinu var stofnuð spaðaíþróttadeild sem verður formlega vígð á næsta aðalfundi. Öflugir formenn deildanna styðja að metnaðarfullu starfi í hverri grein og hafa allar deildir UMFL verið virkar undanfarið ár að undanskilinni klifurdeild.




*Kvennalið Hvatar tók þátt í öldungamóti í blaki.*



*Hjalti Sigurðsson og Olgeir Engilbertsson tóku þátt í að endurnýja girðinguna við skógræktarreit Umf. Ingólfs.*

Samningar náðust við Bláskógabyggð um að kaupa inn nýja stigatöflu ásamt leik- og skotklukkukerfi fyrir körfubolta í íþróttahúsið á Laugarvatni. Fenginn var LED skjár í stað gömlu ónýtu stigatöflunnar. UMFL gengst við því að útvega helming þeirrar upphæðar sem til þurfti til að kaupa nýja búnaðinn ásamt því að sjá um uppsetningu á nýja búnaðinum.

Kærar þakkir til allra sem komið hafa að starfsemi félagsins undanfarið ár, þjálfara, iðkenda, sjálfboðaliða og sveitarfélagsins Bláskógabyggðar.

## Umf. Merkihvoll

Stjórn félagsins skipa Hólmfríður Þórsdóttir formaður, Anna Björg Stefánsdóttir ritari og Sigurður Einar Guðmundsson gjaldkeri. Aðalfundur var haldinn á Brúarlundi þann 11. febrúar 2023.

Viðburðir á vegum félagsins á árinu voru hestamannamót og leikir fyrir börnin á 17. júní og jólaball sem haldið var 28. desember að Brúarlundi.

## Umf. Selfoss

Starf Umf. Selfoss var með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu 2023. Í upphafi árs var tæplega ár liðið frá lokum Covid heimsfaraldurins og almennt íþróttastarf komið í fastar skorður. En eftirköst heimsfaraldurs voru meiri á öðrum sviðum. Erfitt var að fá sjálfboðaliða, foreldra og aðra til að taka þátt af sama krafti og áður. Er svo komið að erfitt er orðið að manna stærstu viðburði hjá deildum félagsins sem um leið eru stærstu fjáraflanir þess og skipta verulegu máli við fjármögnun rekstrarins. Einnig var mun minni mæting á leiki og aðra viðburði. Þetta allt hefur haft verulega áhrif á fjármál margra deilda félagsins og stefnir í að við uppgjör ársins 2023, verði mikill halli á rekstri margra deilda. Þetta er verulegt áhyggjuefni og ljóst að á árinu 2024 verða fjármál félagsins og deilda þess stór þáttur í starfinu, þ.e. að finna leiðir til að fjármagna starfið. Ekki bæta aðstæður á fjármálamarkaði þetta en mörg fyrirtæki hafa og stefna í að draga verulega saman seglin í auglýsinga- og kynningarmálum. Er vonandi að þær ytri aðstæður breytist til batnaðar.

Aðalfundur félagsins var haldinn í apríl og

þar á undan var aðalfundum allra deilda lokið. Töluverðar breytingar urðu á stjórnum deilda, en á aðalfundi félagsins var framkvæmdastjórn félagsins endurkjörin. Formaður félagsins var endurkjörinn Helgi S. Haraldsson og með honum í framkvæmdastjórn félagsins sitja, Brynhildur Jónsdóttir gjaldkeri og Sverrir Einarsson ritari. Meðstjórnendur eru Hermann Ólafsson og Hafsteinn Guðmundsson. Aðalstjórn félagsins mynda síðan með framkvæmdastjórn félagsins, formenn allra deilda þess, en deildir félagsins eru alls níu. Auk þess er starfandi ein nefnd, borðtennisnefnd. Deildirnar eru; knattspyrnudeild, handknattleiksdeild, fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, júdódeild, sunddeild, taekwondodeild, rafíþróttadeild og mótokrossdeild. Á árinu kom fram mikill áhugi á að bæta við fleiri deildum hjá félaginu og er nú í vinnslu að endurvekja lyftingadeild félagsins og einnig hefur verið óskað eftir að stofnuð verði pílukastdeild í félaginu. Eins og áður yrði þá um að ræða nefndir til að byrja með sem síðan yrðu að formlegum deildum innan félagsins.

Breyting varð á starfsmannahaldi félagsins, en Gissur Jónsson sem hefur verið framkvæmdastjóri félagsins, lét af störfum eftir langvinn veikindi. Einnig lét Björgvin Jóhannesson af störfum, en hann hafði leyst framkvæmdastjóra af, í veikindum hans. Vegna fjárhagsstöðu félagsins og einnig spurninga um framtíðarskipulag þess, hefur formaður þess, Helgi S. Haraldsson, leyst af stöðu framkvæmdastjóra á árinu, meðfram sinni launuðu dagvinnu. Bókari félagsins, Hafdís Jóna Guðmundsdóttir hefur einnig verið, tímabundið í hærra starfshlutfalli. Er Gissuri Jónssyni færðar sérstakar þakkir fyrir störf hans fyrir félagið undanfarin ár. Hjá deildum félagsins störfuðu einnig framkvæmdastjórar í fullu starfi eða hlutastarfi, hjá knattspyrnu-, handknattleiks-, fimleika- og frjálsíþróttadeild. Einnig voru margar deildir með aðra starfsmenn í ýmsum störfum ásamt þjálfurum deildanna. Félagið er með samning við Svf. Árborg um rekstur íþróttavallarsvæðisins við Engjaveg á Selfossi og þar starfar Sveinbjörn Másson í fullu starfi ásamt nokkrum fjölda starfsmanna í fullu eða hlutastarfi, eftir árstíma. Undir þann rekstur fellur nýja Selfosshöllin, sem hefur gjörbreytt íþróttastarfi í sveitarfélaginu, ekki bara fyrir frjálsar og knattspyrnu, heldur ýmsum sameiginlegum viðburðum og öðrum uppákomum. Einnig hefur hún ýtt undir mikla hreyfingu hjá fólki á aldrinum 60+ en skipulagðir íþrótta- og hreyfingatímar fara fram undir leiðsögn fyrir þá, tvisvar í viku. Er það frábært framtak og gaman að sjá hversu góð mæting er og mikil gleði.

Deildir félagsins standa fyrir mörgum viðburðum, auk daglegra æfinga. Er þar um að ræða mótahald af ýmsum stærðargráðum, bæði „eigin" mót og mót á vegum sérsambanda. Er það merki um góða umgjörð og þekkingu, að mót á landsvísu séu haldin á Selfossi og sýnir getu og góð vinnubrögð félagsins við mótahald. Mikill fjöldi iðkenda félagsins hafa verið valdir í landslið, sinna greina, úrvalshópa og ýmis keppnislið og átakshópa. Sýnir það best hversu öflugt starf félagsins er og hvað það skiptir miklu máli í samfélaginu. Nokkur aukning varð á fjölda iðkenda á milli ára og eru iðkendur á aldrinum 5-18 ára í dag, rúmlega 2.000.

Framkvæmdastjórn og aðalstjórn félagsins fundaði reglulega á árinu og fjölluðu um helstu málefni félagsins og deilda þess. Bjart er yfir félaginu í árslok 2023, en þó eru blikur á lofti hvað varðar fjármál, eins og kemur fram í upphafi þessa pistils. Því er nauðsynlegt að þau verði tekin föstum tökum strax í upphafi ársins 2024, því um leið og fjármálalegt umhverfi íþróttahreyfingarinnar verður erfitt, hefur það mikil áhrif á allt starf þess.



*Forsvarsmenn deilda félagsins og formaður þess taka við viðurkenningu fyrir "Fyrirmyndarfélag ÍSÍ" frá Olgu Bjarnadóttur, fulltrúa í framkvæmdastjórn ÍSÍ.*



*Spilakvöld Umf. Skeiðamanna í félagsvist.*

## Umf. Skeiðamanna

Aðalfundur var haldinn þann 4. apríl 2023. Engar breytingar voru gerðar á fundinum og stjórnin sú sama og í fyrra. Stjórnina skipa: Viktoría Rós Guðmundsdóttir formaður, Ásgeir Guðmundsson gjaldkeri og Guðfinna Ósk Magnúsdóttir ritari.

Einnig erum við með starfandi spilanefnd. Í henni eru þrír einstaklingar sem sinna þremur spilakvöldum í febrúar ár hvert. Spiluð er félagsvist og er öllum boðið að koma og taka þátt sem kunna að spila. Spilanefnd skipa Sigríður Garðarsdóttir, Helena Steinþórsdóttir og Lilja Össurardóttir.

## Umf. Stokkseyrar

Aðalfundur Unmennafélags Stokkseyrar var haldinn 11. maí 2023. Ingi Þór Jónsson er formaður, Agnes Lind Jónsdóttir er gjaldkeri og ritari er Ágústa Oddsdóttir. Aðrir meðlimir stjórnar eru Jason Orri Jakobsson, Arnar Tryggvason og Edda Bára Höskuldsdóttir. Skoðunarmenn reikninga eru Steingrímur Pétursson og Gunnlaugur Þór Kristjánsson.

Helstu verkefni félagsins 2023 voru að bjóða krökkum í Barnaskólanum Eyrarbakka og Stokkseyri upp á íþróttastarf að loknum skóladegi. Ungmennafélagið átti einnig gott samstarf við Ungmennafélag Selfoss um íþróttastarf í Lindex höllinni, Selfossi.

Ungmennafélagið stóð fyrir þorrablóti í febrúar. Strandahlaupið var á sínum stað í maí en þar er hlaupið fjögur skipti og haldin uppskeruhátíð að því loknu, þar eru veitt verðlaun fyrir besta tími í karla- og kvennaflokki.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu spilaði í 5. deild. Sumarið gekk vel í boltanum og voru strákarnir hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppni um sæti í 4. deild.

Bryggjuhátíð var á sínum stað í júlí og gekk mjög vel.

Markmið félagsins eru að vera til staðar fyrir íbúa á öllum aldri og stuðla að starfi í íþróttahúsinu Stokkseyri.



*Frá 100 ára afmælishátíð Umf. Trausta á Heimalandi.*



*Göngufólk í Botnsdal að lokinni Þjótandagöngu yfir Leggjabrjót.*

## Umf. Trausti

Aðalfundur var haldinn 3. apríl 2023. Stjórn félagsins skipa Bjarki Freyr Sigurjónsson formaður, Ingveldur Anna Sigurðardóttir, gjaldkeri og Sverrir Guðmundur Guðmundsson, ritari.

Árið 2023 var ansi viðburðaríkt og skemmtilegt hjá Trausta. Píluæfingar voru haldnar fram að páskum. Það sem stóð samt uppúr var að félagið varð 100 ára á árinu og var haldið upp á það með stórkostlegri samkomu og kaffiveitingum í boði kvenfélagsins Eyglóar á Heimalandi á afmælisdaginn sjálfan 11. mars. Deginum lauk svo með „singalong" samkomu að hætti Guðrúnar Árnýjar.

Í apríl var farin ferð inn í Þórsmörk þar sem ekið var inn í Húsadal og gengið yfir í Langadal þar sem beið okkar vegleg veisla.

Eins var árlegi ruslatínsludagurinn í apríl og var líkt og áður gengið meðfram vegum í hinum forna Vestur-Eyjafjallahreppi og tínt rusl eftir veturinn.

Við héldum upp á 17. júní hátíðarhöld í samstarfi við kvenfélagið Eygló. Kirkjugarðurinn í Stóra-Dal sleginn líkt og fyrri sumur. Leikjanámskeið haldið í júlí í samstarfi við okkar allra besta Óla Elí.

Árinu lauk svo með að byrja aftur með píluæfingar í desember og eins aðstoðuðum við jólasveinana í samstarfi við björgunarsveitina Bróðurhönd um að koma pökkum til barna hér í sveit á Þorláksmessu.

## Umf. Þjótandi

Aðalfundur Þjótanda var haldinn í Þingborg 6. febrúar 2023. Á fundinum var Skólahreystilið Flóaskóla valið Íþróttamenn ársins og Markús Ívarsson var kjörinn Félagi ársins.

Í stjórn félagsins eru Fanney Ólafsdóttir, formaður, Harpa Magnúsdóttir, gjaldkeri og Sveinn Orri Einarsson, ritari.

Það var ýmislegt um að vera árið 2023. Þjótandaæfingar fyrir allan grunnskólaaldur voru vikulega yfir vetrarmánuðina og er mikill meirihluti nemenda í Flóaskóla sem tekur þátt í þeim. Glímuæfingar voru vikulega í upphafi ársins og hófust svo aftur í lok árs. Leikjanámskeið var í júní með um 40 þátttakendur, þá voru sumaræfingar fyrir krakka og leikjakvöld fyrir unglinga vikulega í sumar og var mjög góð þátttaka.

Félagið sendi keppendur á HSK-mótin í frjálsum íþróttum, bæði innan- og utanhúss og nokkrir keppendur tóku þátt í Meistaramótum Íslands og fleiri mótum. Við áttum nokkra keppendur á Norðurlandamóti öldunga sem var haldið í Reykjavík í mars og náði okkar fólk glæsilegum árangri þar og fyrstu Norðurlandameistaratitlar félagsins komu í hús.

Við lögðum gönguskíðabrautir í sveitarfélaginu alltaf þegar aðstæður leyfðu. Mikil ánægja er með þá nýjung og nokkuð margir sem nýta sér svæðin, bæði innan- og utansveitarfólk. Síðasti opnunardagur í vor var 1. maí, sem var einstakt.

Við héldum páskabingó í mars og tveggja kvölda félagsvist. Flóahlaupið fór fram í apríl og einnig Víðavangshlaupið okkar á sumardaginn fyrsta. Þar tókum við upp þá nýbreytni að endurnýta verðlaunapeninga fyrri ára og þótti það mjög jákvætt. Við tókum þátt í Fjöri í Flóa í maí og vorum með fjölmenna kökuskreytingakeppni fyrir krakka, hjólarallý, pylsusölu og andlitsmálningu.

Við héldum upp á 17. júní í frábæru veðri við Einbúa ásamt kvenfélögunum og Flóahreppi. Þar var Þjótandi með fótboltamót, skólahreystibraut og reiptog. Ungmennafélagsreiðtúrinn var farinn í júlí þar sem mættu 35 manns og riðu upp með Þjórsá í mikilli blíðu. Í júlí stóðum við fyrir tveimur dagsgönguferðum. Sú fyrri var fyrir fjölskyldur og gengið var kringum Ölkelduhnjúk og komið við í Reykjadal. Seinni ferðin var fyrir fullorðna og gengum við yfir Leggjabrjót í góðu veðri og enduðum í sjóböðunum í Hvammsvík. Frábærar ferðir báðar tvær. Félagar úr Þjótanda mættu vel á unglingalandsmótið á Sauðárkróki og áttu þar góða helgi. Nokkrir tóku þátt í starfsíþróttamóti HSK á Hellu í ágúst og tveir glímumenn og einn fararstjóri fóru í keppnisferð til Englands og kepptu þar í hryggspennu á nokkrum skemmtilegum mótum og stóðu sig með sóma. Flóamótið fór fram á skólatíma 15. september og var metþátttaka og mikið fjör. Allir nýir nemendur í Flóaskóla fengu Þjótandahúfu að gjöf í upphafi skólaársins. Við áttum fulltrúa á ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði" sem var haldið á Reykjum í Hrútafirði í september og héldum Kornskurðarball í Félagslundi í samvinnu við menningarnefnd Flóahrepps. Meistaramót Þjótanda í skák fór fram í nóvember í annað sinn og í fyrsta skipti sendum við sveit á Héraðsmót HSK í skák. Skötuveislan var fjölmenn á Þorláksmessu og fyrir jólin var svo félagið með jólasveinaþjónustu sem alltaf er vinsæl í hreppnum.

Stjórnin fundaði 10 sinnum og ritnefndin gaf út 12 tölublöð af Áveitunni, sem nú er alveg komin yfir á netið, en ennþá er hægt að kaupa áskrift á pappír. Einnig gaf ritnefndin út ársskýrslu félagsins.

Á árinu fékk félagið nokkrar góðar peningagjafir frá velunnurum og er ómetanlegt að finna slíkan stuðning frá nærsamfélaginu. Félagið heldur nokkra fjáröflunarviðburði yfir árið og einnig erum við með samstarfssamning í gildi við Flóahrepp. Þá hefur heilmikið safnast undanfarið vegna sjálfboðaliðastarfa félagsmanna á íþróttamótum. Allar íþróttaæfingar Þjótanda og flestir viðburðir eru gjaldfrjálsir fyrir þátttakendur og markmiðið er að halda því þannig áfram.

## Umf. Þór

Aðalfundur Þórs var haldinn 13. apríl 2023, stjórnin hélt sér síðan í fyrra. Formaður er Hjörtur Sigurður Ragnarsson, gjaldkeri Hólmfríður Fjóla Zoega Smáradóttir og ritari Rannveig Júlíusdóttir. Haldnir voru nokkrir fundir með formönnum deilda.

Í upphafi ársins 2023 tóku stórar breytingar að eiga sér stað á íþróttasvæði Þórs. Stórar og margar vinnuvélar fóru í bæði motocrossbraut og endurobraut ásamt því að styrkja barnastarfið með því að búa til nýja braut fyrir yngri ökumenn og reynsluminni. Bílaplanið var stækkað og reynt að lappa upp á húsakostinn eins og hægt var. Með þessum bætingum fengum við loksins að halda langþráða Íslandsmeistarakeppni í enduro á vegum Enduro fyrir alla. Þar fengum við björgunarsveit svæðisins til að mæta og sinna gæslu.

Einnig sendum við einn iðkanda út í æfingaferð ásamt ökumönnum úr landsliði Íslands og styrktum MSÍ fyrir þeirri ferð. Árið hefur litast af framförum og

gleði þar sem stærri sýn á svæðið hefur verið mikið til tals og bíðum spennt eftir að 2024 byrji.

Fimleikaæfingar þetta árið hófust í janúar og voru það 170 iðkendur. Litli íþróttaskólinn byrjaði um miðjan janúar ásamt krílafimleikum sem eru tímar fyrir þau allra minnstu, alls 12 skipti. 2. - 5. flokkar fóru á mót á þessari vorönn og stóðu þau sig vel. Vorsýning og uppskeruhátíð var svo haldin í byrjun júní þar sem önninni var slúttað með flottri sýningu. Sumarnámskeið var haldið eins og vanalega og gekk það vel fyrir sig. Þar voru 39 iðkendur og 9 þjálfarar. Haustönn hófst svo í byrjun september með 177 iðkendum. Litli íþróttaskólinn byrjaði um miðjan september og var alls 10 skipti ásamt krílafimleikum. Yfirþjálfari var Ásdís Birta og ásamt henni voru 21 þjálfari við deildina. Jólasýningin var Barbie að þessu sinni og var það fyrrum þjálfari okkar og iðkandi sem samdi söguna og las hana inn sem síðan var spiluð sem hljóðskrá. Sýningin var glæsileg eins og alltaf og gaman að sjá hvað iðkendur eru að bæta sig með hverri æfingunni. Nemendur úr Grunnskólanum í Þorlákshöfn voru að þjálfa hjá okkur í vali og gengur það samstarf vel.

Starf körfuknattleiksdeildar Þórs hefur gengið vel á árinu. Meistaraflokkur karla byrjaði leiktímabilið af krafti haustið 2023 og var í efsta sæti Subway deildar þegar farið var í jólafrí. Sameiginlegt lið, Hamars-Þórs leikur í meistaraflokki kvenna sitt þriðja tímabil í 1. deild og hefur liðið staðið sig vel.

Það er ávallt við hæfi að þakka öllum þeim sem starfa í kringum meistaraflokkslið deildarinnar og leggja sitt af mörkum til að gera umgjörð liða okkar sem allra besta. Styrktaraðilar okkar eru hornsteininn í starfinu og er þeim seint fullþakkað. Sveitarfélagið Ölfus er þar fremst í flokki.

Meistaraflokkar okkar eru fyrirmyndir yngri iðkenda og hafa um leið hvetjandi áhrif á yngri kynslóðina. Um 110 krakkar, 4 - 18 ára, eru að æfa hjá deildinni. Yngri flokkar deildarinnar hafa staðið sig vel undanfarin ár og tekið þátt í Íslandsmótum KKÍ en nokkrir flokkar eru í samstarfi við önnur lið á Suðurlandi. Undanfarin ár höfum við haft vel menntaða og góða þjálfara sem er lykillinn að góðu gengi.

Þórsarar áttu fimm fulltrúa í yngri og A landsliðum Íslands sem kepptu í sumar. Jóhanna Ýr Ágústsdóttir keppti með U16 ára landsliðinu. Emma Hrönn Hákonardóttir og Hildur Gunnsteinsdóttir kepptu með U18 ára liði stúlkna í NM í Finnlandi og á EM. Emma keppti einnig með U20 ára liði stúlkna. Tómas Valur Þrastarson með U18 ára og U20 ára liði drengja á NM og EM og Styrmir Snær Þrastarson keppti með A landsliði Íslands.

12.fl. kvenna, í sameiginlegu liði Þórs og Hamars, fögnuðu Íslandsmeistaratitli á árinu og eru margar og efnilegar stúlkur í þeim hópi sem einnig leika með meistaraflokksliði Hamars-Þórs. Tómas Valur var valinn körfuknattleiksmaður Þórs 2023 og Emma Hrönn valin körfuknattleikskona Þórs 2023.

Starf Badmintondeildar Þórs gekk vel fyrir sig á árinu og iðkendafjöldi hélst svipaður. Stór hluti iðkenda voru byrjendur og því lítið um keppnisferðir og afrek.

Engin starfsemi var hjá frjálsíþróttadeild Þórs þetta árið.

Búið er að gera flotta braut úti á nesi, en ekki er hafið almennt starf fyrir iðkendur hjá fjallahjóladeild Þórs, en hafa verið haldin námskeið.

Rafíþróttadeildin fór vel af stað árið 2023. Starfið samanstendur af tveimur aldursflokkum, yngri flokkur 5.-7. bekkur og eldri flokkur 8.-10. bekkur.

Æfingar eru tvisvar í viku í tvo tíma í senn hjá eldri flokk og 1,5 tíma í senn hjá yngri flokk . Eftirspurnin hjá 5. bekk var mikil því var ákveðið að hafa þau með í yngri flokkunum og gengur það mjög vel. Um það bil 30 börn stunda reglulega æfingar hjá deildinni. Æfingar ganga vel og starfið breytist mikið og fljótt og taka þjálfara mið af öðrum rafíþróttadeildum hvað það varðar. Við höfum tekið þátt í nokkrum mótum og hefur árangur okkar verið mjög góður.



*Lið Hamars/Þórs í 12. flokki kvenna varð Íslandsmeistari í körfuknattleik á árinu.*



*Frá árlegri þrettándagleði Umf. Þórsmerkur.*

## Umf. Þórsmörk

Stjórnina skipa Árni Sigurpálsson formaður, Ólafur Rúnarsson ritari, Sigurður Steinarsson gjaldkeri og meðstjórnendur eru Páll Eggertsson og Ólöf G. Eggertsdóttir.

Hin árlega þrettándabrenna ungmennafélagsins var haldin að Goðalandi föstudaginn 6. janúar og var flýtt vegna slæmrar veðurspár daginn eftir. Álfar og huldufólk mættu syngjandi við brennu með kóng og drottningu í fararbroddi. Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli sá um flugeldasýningu eins og myndin að neðan ber með sér. Boðið var upp á heitt kakó og kaffi í félagsheimilinu meðan dómnefnd kom sér saman um besta og frumlegasta búninginn. Gógleði var svo haldin laugardaginn 25. mars að Goðalandi, þar sem Vinir Jenna spiluðu fyrir dansi.

Aðalfundur félagsins fór fram 18. júní að Goðalandi. Venjuleg aðalfundarstörf og málin rædd vítt og breitt.

**Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu voru eftirtalin:**
Akstursíþróttafélag Hreppakappa, Golfklúbburinn Þverá, Hestamannafélagið Háfeti, Karatefélag Suðurlands og Lyftingafélagið Hengill.


Arion.is/konurfjarfestum
Vertu með!